


INGÞÓR INGASON

**Búningarnir þykkir og alltaf notuð höfuðhlíf**

• heilsa • heimili • nám

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

STJÁNI STUÐ

**Býður til afmælisveislu**

Fremstu popparar heiðra útvarpsmanninn

**FÓLK 22**



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. janúar 2009 — 19. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR



### Af fingrum fram á svið

Jón Ólafsson setur upp sjónvarpsþáttinn sinn í Salnum í Kópavogi.

**FÓLK 22**

### Gríðarleg hvatning

Kristín Ragna Gunnarsdóttir teiknari verðlaunuð fyrir myndskreytingu bókarinnar Örlög guðanna.



**TÍMAMÓT 12**

### Fá tánudd í Þórsmörk

Siggi stormur og Jeppaklúbburinn NFS leggja upp í þorrablótsferð.

**FÓLK 22**



### Stjarnan í undanúrslit

Alina Petrache var óstöðvandi í sigri Stjörnunnar á Val í gærkvöld.

**ÍÞRÓTTIR 18**

### VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING EÐA SLYDDA** í dag verða austlægar áttir, 5-13 m/s, hvassast vestast á Vestfjörðum. Rigning eða slydda með köflum sunnan til og vestan annars stöku él. Frostlaust með ströndum.

**VEÐUR 4**

30% afsláttur



Porto lyftstóll
tau - aðeins kr. 115.211,-
Ekki missa af þessu!
Betra BAK



**ELDUR VIÐ ALÞINGI** Þúsundir mótmæltu við Alþingishúsið í gær og kröfðust þess að ríkisstjórnin færi frá og að boðað yrði til kosninga. Þegar líða tók á kvöldið kveiktu mótmælendur eld og brutu rúður í þinghúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Umsátur um Alþingi

**Þúsundir mótmæltu við þinghúsið í gær þegar þing kom saman á ný. Lögreglan beitti piparúða og sakaði mómælendur um að kasta steinum. Á móti var lögregla sökuð um harðræði. Mótmælin hófust á hádegi og áttu að standa í nótt.**

**MÓTMÆLI** Þúsundir komu saman við Alþingishúsið þegar þing var sett í gær. Fólkið krafðist kosninga og þess að ríkisstjórnin færi frá. Fólk barði potta og pönnur og hrópaði að þingheimi. „Við, borgarar þessa lands, erum að sýna tilfinningar okkar gagnvart yfirvöldum sem láta eins og við séum ekki til,“ sagði Hörður Torfason, sem er forsvarsmaður Radda fólksins, um miðjan dag í gær.

Lögregla úðaði piparúða yfir hóp mótmælenda í garði þinghússins. Mótmælendur hafa sakað lögreglu um að beita óþarfa harðræði. Nokkrir voru handteknir en var, að sögn lögreglu, sleppt í gærkvöld.

„Lögreglan beitir alltaf þeim úrræðum sem nauðsynleg eru, en grípur ekki til íþyngjandi aðgerða nema það sé algjörlega bráðnauðsynlegt og önnur úrræði duga ekki. Það er sú grundvallarregla sem við förum eftir,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Stefán segir mótmælendur hafa kastað steinum og ýmsu að þinghúsinu. Því hafi þurft að verja húsið.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir kröfur mótmælenda vera einfaldar og sanngjarnar. Ríkisstjórnin verði

> Mér sýnist fólk jafnvel ætla að hafa vaktaskipti til að halda eldinum gangandi.
>
> **HÖRÐUR TORFASON**
> MÓTMÆLANDI

að gera það upp við sig hvort hún verði við þeim. „Hafa menn einhverja betri leið til að koma til móts við þjóðina en að boða til kosninga?“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, segir mótmælin hafa verið á ystu mörkum. „Við höfum séð ákveðin mótmæli með skýr skilaboð undanfarna laugardaga og maður skilur þau mótmæli. En þegar menn eru farnir að brjóta rúður og kasta steinum í þinghúsið, hvaða tilgangi þjónar það?“

Stjórnarandstaðan jós ríkisstjórnina skömmum á þingi, en Sturla Böðvarsson þingforseti varð ekki við kröfum Vinstri grænna um að slíta fundi vegna mótmælanna. Sturla sagðist ekki stöðva starf þingsins „vegna þess að uppivöðsluseggir láta öllum illum látum“.

Eftir því sem leið á kvöldið efldust mótmælin að nýju og fólk streymdi að þinghúsinu. Bál var kveikt og fólk bar bretti og skrifborðsstóla á eldinn. Mótmælin stóðu enn þegar Fréttablaðið fór í prentun og höfðu þá staðið í tíu klukkutíma.

Nokkrir leituðu á slysadeild; bæði vegna piparúða sem hafði farið í augu og áverka vegna högga og pústra.

„Fólk hljóp heim til að fá sér að borða og kom svo aftur. Þetta heldur áfram,“ sagði Hörður Torfason á ellefta tímanum í gærkvöldi. „Mér sýnist fólk jafnvel ætla að hafa vaktaskipti til að halda eldinum gangandi í nótt.“

**- kóp /** **sjá síður 2 og 4**

Obama orðinn forseti:

## Snúið aftur til gamalla gilda

**BANDARÍKIN, AP Barack Obama sór í gær embættiseið sem 44. forseti Bandaríkjanna. Í innsetningarræðu sinni sagði hann meðal annars að nú þyrfti að snúa aftur til gamalla gilda og gamalla sanninda, sem hafa gert það að verkum „að sonur manns, sem fyrir minna en sextíu árum hefði varla fengið afgreiðslu á veitingahúsi, skuli nú geta staðið frammi fyrir ykkur að sverja dýran eið“.**

**Meira en milljón manns fylgdist með í Washington þegar Barack Obama tók við embætti.**

**- gb /** **sjá síðu 6**

Starfsfólk Glitnis svarar fyrirspurnum í dag milli kl. 17 og 21 í síma 440 4000



GLITNIR



## SPURNING DAGSINS



*Kristján, er hlátur ekkert gamanmál?*

Nei, hlátur er dauðans alvara. Þetta er spurning um að drepast úr leiðindum eða drepast úr hlátri.

Kristján Helgason er hláturleiðbeinandi og hefur stundað hláturjóga í fjögur ár. Hann notar hlátur sem hjálpartæki til að greiða úr sínum málum.

Forseti Alþingis segir að ekki hafi komið til greina að slíta þingfundi þrátt fyrir átök í Alþingisgarðinum:

# Uppivöðsluseggir stöðva ekki þingstörf

**ALÞINGI** „Hér varð skipulögð aðför að þinghúsinu,“ sagði Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, undir kvöld í gær þegar mótmælendum við húsið hafði snarfækkað frá því sem var fyrr um daginn. „Ég harma þetta og vona að til þessa þurfi ekki að koma aftur. Þingmönnum gengur ekki annað til en að vinna að þeim málum í þjóðarþágu.“

Þingmenn Vinstri grænna lögðu til að þingfundi yrði slitið enda töldu þeir hvorki efni né aðstæður til að halda fundinum áfram. Þingmál á dagskrá snertu ástandið í samfélaginu lítið sem



STURLA BÖÐVARSSON

ekkert. Sturla segir ekki hafa komið til greina að slíta fundi, allra síst á á forsendum VG. Ágæt mál hafi verið á dagskrá, meðal annars frumvarp Kristins H. Gunnarssonar um breytingar á stjórnskipunarlögum. „Ég taldi engar forsendur, þrátt fyrir ólæti fyrir utan hús, að stöðva framvinduna. Til hvers?“ sagði Sturla.

*Átökin voru með þeim hætti að lögregla þurfti að beita piparúða, taka þurfti mótmælendur fasta, færa þá inn í þinghúsið og geyma þá í bílageymslu þinghússins. Á meðan heldur þingfundur áfram eins og ekkert hafi í skorist. Gengur þetta?*

„Gengur það að ganga svona fram gagnvart þinginu, spyr ég. Ég svara því nei,“ segir Sturla. „Og við eigum ekki að láta fólk sem gengur með þessum hætti fram gagnvart þjóðþinginu að ráða för í samfélaginu. Við eigum auðvitað að hlusta á mótmælendur og við gerum það en við látum ekki stöðva störf löggjafarsamkomunnar vegna þess að uppivöðsluleggir láta öllum illum látum. Að sjálfsögðu hlustum við á þá sem mótmæla með eðlilegum hætti en ofbeldi á ekki að líðast í samfélaginu.“

Sturla segir alla verða að leggjast á eitt svo ró og friður skapist í samfélaginu. Verið sé að leita allra leiða til að ráða bug á vandanum og til þess þurfi frið. Ekki síst í þinghúsinu. „Alþingi, elsta löggjafarsamkoma veraldar, verður að halda reisn sinni og hafa frið til að vinna að lausn mála.“ - bþs

# Helvítis lyddugangur

**Ríkisstjórnin fékk það óþvegið frá stjórnarandstöðunni undir háværum trumbuslætti mótmælenda á Alþingi í gær. Mikil spenna var í þinghúsinu.**

**ALÞINGI** „Helvítis lyddugangur er þetta,“ sagði Helga Sigrún Harðardóttir, Framsóknarflokki, eftir að forsætisráðherra hafði tíundað verk ríkisstjórnarinnar í átt til endurreisnar samfélagsins í jólaleyfi Alþingis. Geir H. Haarde hafði þá greint frá því að smám saman væru að koma til framkvæmda aðgerðir úr áætlunum fyrir heimilin og fyrirtækin sem kynntar voru fyrir jól. „Þetta gerist ekki á einni nóttu,“ sagði Geir og uppskar ofangreind viðbrögð Helgu Sigrúnar sem bætti við að þolinmæðin væri á þrotum og vitnaði til ástandsins utandyra. Spurði hún svo hver bæri ábyrgð á því ef eitthvað gerðist.

Eftir að þingforseti hafði beðið Helgu og aðra þingmenn um að gæta orðavals síns sagði Geir H. Haarde alla bera ábyrgð á sjálfum sér. „Ég treysti því að mótmælendur og lögregla komi fram af skynsemi,“ sagði hann.

Þingfundurinn var hinn fyrsti eftir næstum mánaðarlangt jólaleyfi Alþingis. Við upphaf fundarins gerði Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, athugasemdir við dagskrána en að loknum fyrirspurnatíma til ráðherra voru á dagskrá nokkur þingmannafrumvörp. Furðaði Steingrímur sig á að ekki ætti að ræða ástandið í samfélaginu. Sturla Böðvarsson sagði mönnum frjálst að ræða þau mál í fyrirspurnartímanum.

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, tók forsetann á orðinu. Hvenær verður efnt til kosninga, spurði Ögmundur. Geir svaraði því til að ríkisstjórnin hefði meirihluta þingheims á bak við sig. Skylmingum þeirra lauk með því að Geir sagði ekki hægt að eiga orðastað við Ögmund enda gargaði hann eins og hann væri á útifundi. „Þetta er umboðslaust fólk,“ æpti þá Ögmundur úr sæti sínu.

Í framhaldinu fylgdu nokkrar




**ÁSTANDIÐ METIÐ** Kristján L. Möller samgönguráðherra fylgist með mótmælendum við þinghúsið sem öskra „Vanhæf ríkisstjórn“ af miklum þrótti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

fyrirspurnir, meðal annars spurði Árni Þór Sigurðsson, Árna Mathiesen fjármálaráðherra hvort hann ætlaði ekki að segja af sér vegna álits umboðsmanns Alþingis á stjórnsýsluháttum Árna við skipan Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara. Árni fjármálaráðherra kvaðst ekki hafa hugsað sér að segja af sér vegna málsins.

Eftir því sem tíminn leið og mótmælin efldust magnaðist spennan í þinghúsinu. Kolbrún Halldórsdóttir VG lýsti því yfir að hvorki væri vinnufriður né andrúmsloft til að vinna í þinghúsinu. Áður hafði Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, óskað eftir að mál hans um sölu áfengis í verslunum yrði tekið út af dagskránni. Þótti það mál heldur stinga í stúf við ríkjandi ástand. Fleiri mál voru tekin út af dagskrá en þrjú frumvörp voru lögð fram áður en þriggja stunda löngum og sögulegum þingfundi var slitið. bjorn@frettabladid.is

Tilmæli dómsmálaráðherra:

## Taka skal tillit til aðstæðna

**STJÓRNSÝSLA** „Mér finnst ákvörðun ráðherra eiga fullan rétt á sér,“ segir Anna Birna Þráinsdóttir, sýslumaður í Vík og formaður Sýslumannsfélags Íslands, um tilmæli Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra til Ólafs Helga Kjartanssonar, sýslumanns á Selfossi.

„Sýslumaður verður að taka tillit til þess ástands sem er í þjóðfélaginu og eins að taka tillit til meðalhófsreglu og jafnræðisreglu. Hins vegar er það annað mál að það er öllum fyrir bestu að menn gefi sig fram við sýslumann.“ Hún segir það óheppilegt að sýslumaður skyldi greina frá aðgerðunum í fjölmiðlum. - jse

Glæsibílar auðjöfranna:

## Leynigeymslan í Lúxemborg

**VIÐSKIPTI Hátt í tíu glæsibifreiðar íslenskra auðjöfra voru geymdar í bílageymslu Landsbankans í Lúxemborg árið 2007. Allir auðjöfrarnir áttu í miklum viðskiptum við bankann.**

**Mikil leynd hvílir yfir bílunum þótt auðmennirnir hafi ekki falið þá fyrir augum almennings á ferðum sínum á meginlandi Evrópu.**

**Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að í einhverjum tilvikum hafi bankinn sjálfur átt frumkvæðið að því að fjármagna bílakaup auðjöfranna gegn mótframlagi þeirra.** - jab / sjá Markaðinn

## LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær kom fram að Hitler hefði kynnt áætlanir um útrýmingu gyðinga 20. janúar árið 1939. Hið rétta er að nasistaforingjar funduðu um málið á Wannsee-ráðstefnunni 20. janúar 1942.

Erfitt að selja eignir í dag:

## Stoðir biðja um lengri frest

**VIÐSKIPTI Stjórn Stoða (áður FL Group) óskaði í gær eftir framlengingu á greiðslustöðvun. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðar um beiðnina á morgun.**

**Stjórn Stoða óskaði eftir greiðslustöðvun í kjölfar yfirtöku ríkisins á Glitni, kjölfestueign félagsins, í septemberlok í fyrra. Öllu starfsfólki Stoða var sagt upp í kjölfarið.**

**Starfsfólki Stoða fækkaði um helming í fyrra og voru 24 á launaskrá þegar ríkið tók Glitni yfir. Átta starfa nú hjá Stoðum, allir á uppsagnarfresti.**

**Júlíus Þorfinnsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Stoða, segir að reynt hafi verið að selja eignir. Það hafi reynst árangurslítið.** - jab

Sigmundur Davíð:

## Formannsstarfið ekki launað

**STJÓRNMÁL** „Formenn flokksins hafa ekki verið launaðir fram að þessu, en þetta er eitthvað sem við þurfum að skoða,“ segir Sigfús I. Sigfússon, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, spurður hvort Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, nýkjörinn formaður flokksins, fái laun fyrir formannsstarfið.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Sigfús bendir á að hingað til hafi formenn flokksins verið þingmenn, utan Jón Sigurðsson sem var ráðherra. „Við höfum ekki velt þessu fyrir okkur enn þá þannig að ég ætla ekkert að úttala mig um þetta á þessari stundu,“ segir Sigfús. - kg


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

**Er mataræðið óreglulegt?**

*LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!*

Skyndibitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýtir fyrir því að jafnvægi náist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


Samfylkingarþingmenn leggja til viðamiklar breytingar á kosningalögunum:

# Kjósendur geti knúið fram kosningar

**ALÞINGI** Tíu þingmenn Samfylkingarinnar vilja breyta kosningalögunum á þann veg að meirihluti kjósenda, hvort heldur er í einstöku sveitarfélagi eða á landsvísu, geti knúið fram kosningar.

Helgi Hjörvar er fyrsti flutningsmaður frumvarps um breytingarnar sem jafnframt gera ráð fyrir að aukinn meirihluti sveitarstjórnar geti efnt til kosninga.

„Þetta mál hefur verið í undirbúningi frá því eftir stjórnarkreppuna sem varð í Reykjavík á sínum tíma,“ segir Helgi Hjörvar. Þá hafi komið í ljós þörfin fyrir að kjósendur hafi lýðræðisleg úrræði til að knýja fram breytingar.

Helgi segir hugsunina ekki þá að þessi breyting verði virkur hluti af kosningakerfinu enda sé stjórnfesta ekki síður mikilvæg en lýðræðið. „Þessi réttur kjósenda veitir stjórnvöldum aðhald,“ segir hann.

> Við sjáum mikilvægi þess að andófsöfl á hverjum tíma hafi skýr lýðræðisleg tækifæri til að vinna sínum málstað fylgi því að fólk getur upplifað sig máttvana ef lýðræðið á bara að virka á fjögurra ára fresti .
>
> **HELGI HJÖRVAR**
> ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGAR



Hávær krafa um þingkosningar nú hvatti fremur en latti þingmennina tíu. „Við sjáum mikilvægi þess að andófsöfl á hverjum tíma hafi skýr lýðræðisleg tækifæri til að vinna sínum málstað fylgi því að fólk getur upplifað sig máttvana ef lýðræðið á bara að virka á fjögurra ára fresti. Áður höfðu menn þær hugmyndir að stjórnvöld væru betur upplýst og þyrftu því að geta tekið óvinsælar ákvarðanir en í menntuðu upplýsingasamfélagi dagsins í dag eiga þau rök ekki við því kjósendur eru jafn dómbærir á nauðsyn kosningar og kjörnir fulltrúar.

- bþs

# Útsalan er mögnuð!

***Tryggðu þér þessar græjur á frábæru útsöluverði áður en við rýmum fyrir nýjum vörum!***

## Allt að 80% afsláttur!




full HD 1080P | HDMI | digital

### Palladine 37" LCD EPT3751M

- Upplausn: WXGA 1366 x 768
- Skerpa: 1.600:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)

ÚTSALA
Útsöluverð **149.995 kr.**
Verð áður 239.995




full HD 1080P | HDMI

### Palladine 26" LCD EPT2651M

- Upplausn: WXGA 1366 x 768
- Skerpa: 1.200:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Snúningsfótur

ÚTSALA
Útsöluverð **79.995 kr.**
Verð áður 119.995 kr.




HD ready | HDMI

### Palladine 19" LCD EPT1950M

- Upplausn: 1440 x 900
- Skerpa: 1.000:1
- HDMI tengi / Scart / Component
- Hægt að tengja við 12V
- Svartími undir 4 ms

ÚTSALA
Útsöluverð **49.995 kr.**
Verð áður 79.995 kr.

KEF® | YAMAHA

### Yamaha YSP3000 heimabíóhátalari og KEF HTB2 bassabox

ÚTSALA
Útsöluverð **119.995 kr.**
Verð áður 209.990





PIPAR • SÍA • 90069



### Yamaha NX-A01 hátalarar

ÚTSALA
Útsöluverð **2.995 kr.**
Verð áður 9.995

NOKIA
Connecting People



### Nokia 3109

ÚTSALA
Útsöluverð **14.995 kr.**
Verð áður 19.495



### Nokia BH-206

ÚTSALA
Útsöluverð **1.995 kr.**
Verð áður 4.995



ÚTSALA
Útsöluverð **9.995 kr.**
Verð áður 19.995

### Nokia CK-7W bílbúnaður

## 20% afsláttur af aukahlutum fyrir farsíma.
## 10% afsláttur af farsímum.

Hátækni

**Opið:** virka daga 9-18 | Laugardaga 12-17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

## Mótmæli við Alþingishúsið

## Ráðamenn heyra í okkur


HJÖRTUR EINARSSON

„Ég er hér til að mótmæla sitjandi ríkisstjórn, Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum,“ segir Hjörtur Einarsson. Hann segir þá kröfu uppi að ráðherrar axli ábyrgð og segi af sér. „Krafan er háværí dag,“ segir Hjörtur, sem telur ráðamenn ekki komast hjá því að heyra í mótmælendum. - ovd

## Stjórnin viðurkenni vanhæfi

„Ég er reið og mér finnst gott að fá útrás og hrópa. Mér finnst ríkisstjórnin vanhæf. Við getum öll verið vanhæf á einhverju sviði en okkur vantar að ríkisstjórnin viðurkenni eigið vanhæfi og feli öðrum hæfari að taka við,“ segir Ingibjörg.


INGIBJÖRG SIGURÐAR- OG SOFFÍUDÓTTIR

Hún telur að mótmælin hreyfi við þingmönnum. „Það þarf enginn að segja annað. Þetta er gott fólk eins og við, en það hefur bara villst af leið þannig að það má líta á það sem svo að við séum að hjálpa hvort öðru að finna réttu brautina

Ég er ekki hér af því ég hata. Ég er hér af því ég vil taka þátt í að rétta af það sem farið hefur úrskeiðis. - ovd

## Fólk er búið að fá alveg nóg

„Við viljum ríkisstjórnina burt,“ segir Ragnheiður Briem, sem telur fólk vera orðið virkilega reitt. „Fólk er búið að fá alveg nóg og ég vona að það haldi áfram að mótmæla þangað til ríkisstjórnin fer frá,“ segir Ragnheiður, sem vill kosningar strax. - ovd


RAGNHEIÐUR BREIM


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÚR LEIK** Mótmælendur, sem handteknir voru fyrir klukkan tvö, voru geymdir handjárnaðir í götunni um nokkurn tíma.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SKYRINU SLETT** Nóg verður að því í dag.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KVEIKJUM ELD, KVEIKJUM ELD** Eftir kvöldmat fjölgaði mjög í hópnum að nýju.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Lögreglan reyndi að koma í veg fyrir að bætt væri á eldinn.

# Eldar kveiktir á Austurvelli

**Þúsundir mótmæltu við Alþingi í gær. Mótmælendur kröfðust afsagnar ríkisstjórnarinnar og nýrra kosninga. Lögregla beitti kylfum og piparúða. Fólk dreif að er líða fór á kvöld. Eldar kveiktir og rúður brotnar.**

■ **13.00** Trommusláttur, lúðrablástur og sungið fyrir utan Alþingishúsið. Margir með bros á vör og fólki er heitt í hamsi. „Vanhæf ríkisstjórn,“ er sungið af fólkinu. Gamlar konur og grímuklæddir unglinga berja í potta sína. Mikið af „venjulegu fólki“.

■ **13.20** Lögreglan hefur horfið frá varðstöðu við austurinngang alþingisgarðsins og skyndilega hleypur hópur fólks frá Austurvelli og inn í garðinn. Fólk ber í glerveggi nýbyggingar Alþingis.

■ **13.25** Alþingismenn ganga eftir glerganginum og er púað á þá úr garðinum; á stjórnarandstöðu jafnt sem stjórn. Óeirðabúnir lögreglumenn ryðjast gegnum mannhafið.

■ **13.35** Tilkynnt með gjallarhorni að mótmælendur skuli yfirgefa gang sem er girtur af vestast í garðinum. Tilmælin eru höfð að engu og lögreglan myndar múr til að ýta við fólkinu. Slagsmál. Mótmælendur ögra lögreglu með formælingum og kasta snjóboltum.

■ **13.50** Lögreglu hefur lítið orðið ágengt. „Allir bakki, þetta er síðasta viðvörun. Það verður gas, gas, gas, gas,“ kallar lögreglumaður í gjallarhorn. Rétt fyrir klukkan 14 er sprautað yfir mótmælendur og gangurinn ruddur.

■ **14.30** Nú skal allur garðurinn einnig ruddur.

■ **15.00** Pattstaða, en lögreglan vinnur á. Piparúða er óspart beitt, með hléum.

■ **15.25** Fleiri lögreglumenn ber að og maður blóðgast á höfði eftir kylfuhögg.

■ **15.45** Lögreglumenn máladir hvítir með skyri. Þeir hafa mjakast örfáa metra áfram.

■ **16.30** Fólki skipað að fara út um suðvesturendann, en óhlýðnum hrint í götuna.

■ **16.45** Þeim fáu sem eftir eru í garðinum er ýtt í suðvesturhorn hans. Sumir klifra yfir grjótveggina til að flýja.

■ **17.00** Síðustu mótmælendurnir komnir út úr garðinum nema þeir sem eru í handjárnum. Um 300 manns fyrir utan og enn öskrað af fullum krafti.

■ **18.30** Nú munu flestir ráðherranna hafa yfirgefið húsið, eftir jarðgöngum yfir í Blöndalshús, þar sem skrifstofur forseta Alþingis eru. Rúða í aðaldyrum Alþingishússins brotin og stuttu síðar er kveikt bál fyrir utan aðalinngang.

■ **19.30** Farið er að bætast í hópinn og um klukkan 21 eru hátt í tvö þúsund manns fyrir utan Alþingishúsið. Mikið af fjölskyldufólki kemur með börn sín og heilu pallettunum bætt á eldinn.

klemens@frettabladid.is


# Xerodent
## Við munnþurrki




**Þreföld virkni Xerodents**
- Eplasýra – örvar munnvatnsframleiðslu
- Flúor – ver tennurnar gegn skemmdum
- Xylitol – hemur bakteríuvöxt í munni

**Xerodent 28,6 mg/0,25 mg munnsogstöflur.**
**Notkunarsvið og skömmtun:** Hver tafla inniheldur eplasýru 28,6 mg og natríumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor. Xerodent er lyf til varnar tannskemmdum notað við meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrk.
**Skammtastærðir fyrir fullorðna:** 1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag. Við mikinn munnþurrk má auka skammtinn í 12 töflur á dag í takmarkaðan tíma. Töfluna á að láta bráðna hægt í munni. Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn.
**Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna ættu ekki að nota Xerodent. Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast að nota önnur lyf sem innihalda flúor. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drykkjarvatns er hátt. Vegna þess að Xerodent inniheldur xylitól getur það haft hægðalosandi verkun.
**Meðganga/brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta við notkun á meðgöngu. Natríumflúoríð skilst ekki út í brjóstamjólk. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Actavis Group hf. 29. nóvember 2007.


## VEÐURSPÁ


**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HVESSIR Í NÓTT**
Í nótt gengur dýpkandi lægð upp að sunnanverðu landinu og samfara því hvessir talsvert. Má búast við norðaustan stormi í fyrramálið við suðausturströndina og á miðhálendinu. Á morgun verður einnig talsvert hvasst vestan og norðvestan til. Þessi lægð verður að störfum fram yfir helgi en hreyfing hennar og staða um helgina er enn á nokkru reiki.



**Á MORGUN**
10-20 m/s hvassast SA-til

**FÖSTUDAGUR**
8-23 m/s hvassast á Vestfjörðum og á annesjum norðan til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Amsterdam | 6° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 7° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 6° |
| New York | -1° |
| Orlando | 12° |
| Osló | 0° |
| París | 6° |
| Róm | 13° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


350 + 150
1. vinningur
3
Þrefaldur pottur
500
MILLJÓNIR
Hefur þú pláss fyrir 500 milljónir?
Potturinn í Víkingalottóinu stefnir nú í 350 milljónir
og Ofurpotturinn stefnir í 150 milljónir.
Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta
sölustað eða á lotto.is
Fáðu þér miða fyrir kl. 17
í dag eða taktu séns á
að missa af þessu!
VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum!
ENNEMM / SIA / NM36677

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að stjórnarskiptin í Framsóknarflokknum breyti miklu um framtíð flokksins?*

| | |
|---|---|
| Já | 51,3 |
| Nei | 48,7 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Beitir lögreglan táragasi í of miklum mæli?*

Segðu skoðun þína á visir.is **vísir**

Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón Arnar Kristjánsson um Obama:

# Obama bestur fyrir veröldina

**STJÓRNMÁL** „Ég fagna embættistöku Obama mjög og hún vekur hjá mér vonir um að það bregði til betri tíðar hvað varðar utanríkismál og almenna stefnu bandarískra stjórnvalda. Mikið óskaplega er ég líka feginn að losna við Bush, og þótt fyrr hefði verið,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, um embættistöku Baracks Obama í gær.

Steingrímur segir athyglisvert fyrir íslensku þjóðina að fylgjast með þeirri von sem Obama hefur kveikt vestanhafs. „Það skyldi þó ekki vera að okkur vantaði það sama hér, að með nýrri forystu myndi þjóðin aftur öðlast trú á framtíðina,“ segir Steingrímur. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins segir miklar væntingar vera gerðar til Obama.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

„Ég held að mörgum friðelskandi mönnum í veröldinni hafi ekki verið sama um hvernig þessar kosningar færu. En Obama er sá kandídat sem ég taldi bestan fyrir Bandaríkin og veröldina alla, ég hef trú á honum og vona að hann standi sig vel í starfi,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, um embættistöku Obama.

„Í ljósi stöðunnar í heimsmálunum er fólk kannski að gera of miklar væntingar til Obama í núverandi stöðu, en vonandi stendur hann undir þeim,“ segir Guðjón Arnar. - kg

Sigmundur Davíð:

# Óbeinn sigur fyrir Framsókn

**STJÓRNMÁL „Við í Framsóknarflokknum höfum skilgreint Obama sem framsóknarmann þannig að okkur þykir þetta ákveðinn sigur fyrir flokkinn, þótt óbeinn sé,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, nýkjörinn formaður Framsóknarflokksins.**

**Sigmundur segist hafa beðið lengi eftir að losna við forvera Obama í embætti. Embættistaka hans sé því mikið fagnaðarefni. „Væntingarnar til Obama eru það miklar að það verður nánast vonlaust fyrir hann að standa undir þeim öllum, en ég hef trú á honum, að minnsta kosti fyrst um sinn.** - kg








**SÖGULEG STUND** Barack Obama sver embættiseið sem 44. forseti Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Obama tekinn við

**Meira en milljón manns fylgdist með í Washington þegar Barack Obama tók við embætti Bandaríkjaforseta. Hann segir að nú verði farnar nýjar leiðir í utanríkismálum og hefja þurfi til vegs á ný hin gömlu gildi.**

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama sór í gær embættiseið sem 44. forseti Bandaríkjanna. Í innsetningarræðu sinni sagði hann meðal annars að nú þyrfti að snúa aftur til gamalla gilda og gamalla sanninda, sem hafa gert það að verkum „að sonur manns, sem fyrir minna en sextíu árum hefði varla fengið afgreiðslu á veitingahúsi, skuli nú geta staðið frammi fyrir ykkur að sverja dýran eið“.

Meira en milljón manns voru mætt á græna svæðið í miðri Washington-borg til að fylgjast með innsetningarathöfninni. Aldrei áður hafa jafn margir fylgst með embættistöku forseta Bandaríkjanna. Um hálf milljón manna fylgdist með innsetningu Ronalds Reagan árið 1981 og um 800 þúsund mættu þegar Bill Clinton tók við embætti árið 1993.

Tónlistarflutningur og ljóðalestur setti svip sinn á athöfnina, auk þess sem tveir prestar fóru með bænir og fagnaðarorð. Áhorfendur sáust margir hverjir tárfella, ekki síst þeldökkt fólk í eldri kantinum sem á yngri árum átti alls ekki von á því að upplifa þá stund að Bandaríkjamaður af afrískum ættum yrði forseti.

Obama hefur síðustu daga reynt að draga aðeins úr þeim væntingum, sem gerðar eru til hans í embætti, en í innsetningarræðu sinni dró hann ekkert úr metnaði sínum við að takast á við þau erfiðu verkefni sem við blasa og taka þau nýjum tökum.

Obama hóf ræðu sína á að þakka George W. Bush fyrir störf hans í þágu þjóðarinnar, og tók undir áherslur fyrri forseta um að Bandaríkjamenn ættu í „stríði við umfangsmikið net ofbeldis og haturs“. En á hinn bóginn sagði Obama að nú væri kominn „tími til að láta af barnaskap“.

Hann sagðist alfarið hafna því að þurfa að velja á milli „öryggis okkar og hugsjóna okkar“. Fyrri kynslóðir vissu að „vald okkar eitt og sér getur ekki verndað okkur, né heldur heimilar það okkur að haga okkur eins og okkur sýnist“.

Obama ávarpaði múslima sérstaklega og sagðist vilja leita nýrra leiða fram á við „byggða á gagnkvæmum hagsmunum og gagnkvæmri virðingu“. Einnig ávarpaði hann íbúa fátækra þjóða og hét því að starfa með þeim að því að bæta ástandið í löndum þeirra.

Jafnt í Bandaríkjunum sem víða um heim hefur vafalaust mörgum létt við að horfa á eftir George W. Bush veifa í síðasta sinn til fjöldans og hverfa strax að athöfn lokinni á braut í þyrlu til Texas, þar sem hann mun væntanlega eiga náðuga daga eftir umdeilda valdatíð sína síðastliðin átta ár.

Obama hefur sagt að meðal fyrstu verka sinna í embætti verði að taka fyrstu skrefin í áttina til þess að ljúka Íraksstríðinu og að loka Guantánamo-fangabúðunum, auk þess sem hann ætli að koma af stað aðgerðum til bjargar efnahagslífinu. gudsteinn@frettabladid.is


Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

**Er tímareimin komin á tíma?**

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**

**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 35.271 kr.

**Toyota Land Cruiser 90 D4D** Árgerð 2000-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 26.283 kr.

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.212 kr.

**VW Golf 1,6AEE bensín** Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 44.555 kr.

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 37.109 kr.

**Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00**
**www.velaland.is**

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.**




VÉLALAND


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson:

# Birta og ylur fylgir Obama

**STJÓRNMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fjármálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hreifst mjög af ræðu Baracks Obama við embættistökuna í gær.

„Þetta var stórkostleg ræða og Obama er greinilega snillingur í orði og vonandi í verki líka. Embættistaka hans táknar ekki einungis nýja von fyrir Bandaríkin heldur fyrir umheiminn allan. Hann veitir mikla birtu og yl á þessum dimmu dögum.“

Þorgerður fagnar efnistökum Obama í ræðu sinni. „Hann kom inn á umhverfismál og boðaði jöfn tækifæri fyrir fólk til að takast á við lífið,“ segir Þorgerður. „Þetta eru heilmikil tímamót, kynslóðaskipti og sögulegur atburður fyrir margra hluta sakir,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar.



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Ágúst segist vona að embættistakan boði raunverulega stefnubreytingu hjá Bandaríkjastjórn. „Allt er skárra en Bush-árin, sem skilja eftir sig sviðna jörð. Ég vona að Bandaríkin verði ábyrgari í alþjóðasamskiptum, hvort sem litið er til afvopnunarmála, umhverfismála eða baráttu gegn fáfræði. Þetta er líka tækifæri fyrir íslensk stjórnvöld til að bæta samskipti við Bandaríkin. Við eigum að vera dugleg að byggja brýr til Obama og Hillary.“ - kg





ÚTSALA
REKKJUNNAR
20-60%
AFSLÁTTUR!
Þrýstijöfnunar-svampsrúm
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
KOSTAR NÚ
99.300 kr.
RÚMSTÆÐI MEÐ LAXTEX HEILSUDÝNU
ALLT AÐ
40%
AFSLÁTTUR
COMODO
Svefnsófi
Verð áður 398.950 kr.
KOSTAR NÚ
279.265 kr.
SÆNGURVER
30%
AFSLÁTTUR
Verð frá
3.710 kr.
FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
SVEFNSÓFAR
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
Verð frá
38.000 kr.
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Verð áður 155.455 kr.
KOSTAR NÚ FRÁ
89.900 kr.
HEILSUKODDAR
30%
AFSLÁTTUR
Verð frá
5.530 kr.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16




Auglýsingasími 512 50 50

Hæstiréttur vísar frá skattamáli Jóns Ólafssonar vegna handvammar sækjanda:

# Vonast til að fá að kæra aftur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur vísað frá kæru saksóknara í skattamáli Jóns Ólafssonar og fleiri vegna handvammar sækjanda. Sækjandi hefur óskað eftir leyfi til að kæra málið að nýju til Hæstaréttar.

Þeir Jón Ólafsson, Hreggviður Jónsson og Ragnar Birgisson voru ákærðir fyrir meiri háttar skattalagabrot vegna eigin skattskila og vegna skattskila Norðurljósa, Skífunnar og Íslenska útvarpsfélagsins. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu í desember að þar sem búið væri að refsa þremenningunum fyrir skattalagabrot með auknu skattaálagi bæri að vísa málinu frá.

Hæstiréttur tók ekki afstöðu til niðurstöðu héraðsdóms. Í dómi Hæstaréttar segir að saksóknari hafi ekki fylgt formkröfum um að tilkynna Hæstarétti hvað nákvæmlega hafi verið kært til réttarins, og hvaða kröfur hann hafi gert. Því beri að vísa málinu frá.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, segir þetta leiðinleg mistök, en framsetning kærunnar hafi ekki verið frábrugðin öðrum kærum. Málum hafi ekki verið vísað frá vegna þessa áður.

Búið er að óska eftir leyfi frá Hæstarétti til að kæra málið að nýju, þar sem tímafrestur til að kæra niðurstöðu héraðsdóms er runninn út, segir Helgi. Hann segist vongóður um að það leyfi verði veitt í ljósi aðstæðna. - bj



**FRÁVÍSUN** Jón Ólafsson athafnamaður var ásamt tveimur öðrum ákærður fyrir meiri háttar skattalagabrot. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## SKEMMTANAHALD

### Börn á vínveitingastöðum

Barnaverndarnefnd sveitarfélagsins Ölfuss beinir tilmælum til skemmtanahaldara um að gæta að því að fara eftir reglum um aldur barna á vínveitingastöðum og áréttar að aldurstakmark miðist við afmælisdag en ekki árið. „Þegar inn er komið er það á ábyrgð vínveitingaleyfishafa að gæta þess að ekki fái afgreiðslu einstaklingar sem ekki hafa náð 20 ára aldri“, segir barnaverndarnefndin.






**ATVINNULEYSI** Atvinnuleysi verður að meðaltali 7,8 prósent í ár, en 8,6 prósent á næsta ári, samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Botninn næst snemma 2010

**Rúmt ár gæti verið í að botni efnahagslægðarinnar verði náð, samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins. Kolsvört spá segir ASÍ. Mikil óvissa segja SA. Búist er við að gengi krónunnar styrkist lítillega á árinu.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslenskt efnahagslíf er á leið inn í djúpa efnahagslægð árið 2009 sem mun ná botni fyrri hluta ársins 2010. Þetta er fullyrt í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins, sem gefin var út í gær.

„Þetta er kolsvört spá,“ segir Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur hjá ASÍ. Hún segir að mikil óvissa sé í spá ráðuneytisins, og ástandið gæti vel orðið verra en þar er lýst. Til dæmis geri ráðuneytið ráð fyrir hagvexti á árinu 2010 þegar líklegra sé að samdráttur verði.

„Það er ljóst að þetta ár og það næsta verða mjög erfið,“ segir Ingunn. Hversu erfið þau verði ráðist af því hvernig til takist við að byggja upp að nýju traust á krónunni.

Fjármálaráðuneytið spáir því að atvinnuleysi verði að meðaltali 7,8 prósent á árinu 2009. Atvinnuleysið muni aukast, og verður 8,6 prósent að meðaltali á næsta ári, en minnki heldur þegar líður á árið.

Ingunn segir þetta vekja athygli, fjármálaráðuneytið spái því að atvinnuleysi verði mun meira en áður var talið. Til dæmis sé gert ráð fyrir því að meðalfjöldi atvinnulausra í ár verði um 18 þúsund manns.

Verðbólga á árinu 2009 verður 13,1 prósent, gangi spá fjármálaráðuneytisins eftir. Hún mun hins vegar minnka hratt á árinu 2010, þegar hún verður að meðaltali 2,7 prósent.

Gengi krónunnar verður áfram veikt, en því er spáð að það styrkist lítillega í ár, en meira eftir því sem á líður. Spáin gerir ráð fyrir aðhaldssamri peningastefnu Seðlabankans, og að það taki að rofa til í efnahagslífi í heiminum árið 2010 eftir lægð á árinu 2009.

Mikilvægt er að endurreisn bankakerfisins gangi hratt fyrir sig, að mati fjármálaráðuneytisins. Útlánageta fjármálakerfisins sé afar mikilvæg við að koma hagvexti af stað aftur. Þá sé endurreisn kerfisins forsenda fyrir lækkun stýrivaxta.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að það mat ráðuneytisins að hagvöxtur hafi verið neikvæður um 0,1 prósent á árinu 2008 sé vonandi rangt. Líklega verði það raunin að jákvæður hagvöxtur hafi verið á árinu.

Mikil óvissa um þessar mundir gerir allar spár ónákvæmar, segir Vilhjálmur. Til dæmis renni menn blint í sjóinn varðandi færslur á fjármagnstekjum til og frá landinu eftir að fjármálakerfið hrundi.

Viðskiptahalli á árinu 2008 er nú talinn hafa numið 22,2 prósentum af landsframleiðslu. Algerum viðsnúningi er spáð á árinu 2009, þegar gert er ráð fyrir afgangi á viðskiptum við útlönd sem nemi 6,1 prósenti af landsframleiðslu.

Þá er því spáð að landsframleiðsla dragist saman um 9,6 prósent á árinu 2009, og standi í stað árið 2010.

brjann@frettabladid.is

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*

# Skráðu þig í elsta og vinsælasta tölvuskólann



1986 - 2008 • 23 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og nærri 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner • PEARSON VUE Authorized Centre Select • PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## Hagnýtt bókhaldsnám

**Hagnýtt bókhaldsnám**
Mjög gagnlegt bókhaldsnám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Kenndir eru allir algengustu þættir fjárhagsbókhalds, töluvbókhalds, uppgjörs. afstemningar, virðisaukaskatts, ofl..
**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 108.900

**Hagnýtt bókhaldsnám II**
Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskera til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og endurskoðanda
Nám sem gerir þér kleift að verða betri bókari og geta gengið frá sundurliðunum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar til uppgjörsaðila eða endurskoðanda.
**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 79.900

**Hagnýtt bókhaldsnám I+II**: **Verð** 169.900

## Skrifstofunám

**Skrifstofu- og tölvunám**
Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.
*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Office 2007 og Outlook.
- Viðskiptagreinar og verslunarreikningur.

**Lengd**: 186 stundir/124 klst. **Verð**: 139.900

**Skrifstofu- og bókhaldsnám**
Sparaðu og bættu bókhaldi og fleiri greinum við skrifstofu- og tölvunámið.
**Lengd**: 318 stnd./212 klst. **Verð**: ~~229.900~~ *189.900 Tilboð*

**Tölvu- og bókhaldsnám**
Einstakt nám fyrir þig með meignáherslu á hagnýta tölvunotkun og bókhald.
*Helstu kennslugreinar:*
- Upplýsingatækni, Office 2007, verslunarreikningur, bókhald, tölvu-bókhald, tímaog verkefnastjórnun ofl.

**Lengd**: 215 stnd./145 klst. **Verð**: ~~189.900~~ *149.900 Tilboð*

## Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.
**Helstu kennslugreinar**
- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.
**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 79.900.

## Stjórnun tölvumála

Taktu þátt í þessu frábæra námi um tölvumál fyrir stjórnendur sem vilja öðlast meiri yfirsýn yfir rekstur tölvu- og upplýsingakerfa, auka rekstraröryggi þeirra og reka hagkvæmara upplýsingakerfi með því að byggja ákvarðanir á réttum forsendum.
Halldór Kristjánsson verkfræðingur sér um náminu en hann hefur verið ráðgjafi helstu fyrirtækja landsins í 23 ár.
**Lengd**: 50 stundir/33 klst. **Verð**: 129.900

## Vefhönnun og margmiðlun

Náðu þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Spennandi og skemmtilegt nám.
**Helstu kennslugreinar**
- Hönnun og skipulag vefja
- HTML forritun
- DreamWeaver vefsíðugerð
- Photoshop myndvinnsla og grafík
- Flash I+II margmiðlun

**Lengd**: 108 st./72 klst. **Verð**: 129.900

## Vertu þinn eigin skólastjóri og fáðu afslátt

Skraddarasaumaðu þitt eigið nám og veldu tvö eða fleiri styttri námskeið af stundaskrá okkar. Þú færð 10% afslátt ef þú velur tvö til fjögur námskeið en 15% ef þú velur fleiri *):

**• Byrjendanám**
Tölvufærni fyrir byrjendur • *30 st./29.900*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/11.900*
Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/11.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 st./7.500*

**• Stafræn ljósmyndun og myndbönd**
Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 st./12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/16.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/17.900*
Stafræn myndbandagerð • *13 stundir/17.900*

**• Access**
Access I: Almennt nám • *22 stundir/29.900*
Access II: Sérhæft nám • *18 stundir/34.900*

**• Word**
Word I: Almenn ritvinnsla • *22 st./26.900*
Word II: Kraftmikil ritvinnsla • *18 st./26.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 st./18.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 st./8.900*

**• Excel**
Excel I: Almennt nám • *22 st./26.900*
Excel IIa: Sérhæft nám • *18 st./32.900*
Excel IIb: Fjárm.,bókh. & endsk. • *18 st./39.900*
Excel IIc: Fjölvar og forritun • *32 st./49.900*
Excel: Pivottöflur • *5 st./12.900*

**• PowerPoint**
PowerPoint I: Almennt nám • *13 st./16.900*
PowerPoint II: Sérhæft nám • *9 st./14.900*
PowerPoint I + II • *22 st./25.900*

**• Outlook**
Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • *13 st./16.900*
Outlook II: Fyrir lengra komna • *9 st/14.900*

**• Publisher**
Publisher: Bæklingar,kort ofl. • *13 st./18.900*

**• Vefsíðugerð, Photoshop og Flash**
DreamWeaver vefsíðugerð • *27 st./32.900*
DreamWeaver og Photoshop • *54 st./55.900*
DreamW., Photoshop og Flash • *72 st./76.900*
Flash: Margmiðlun • *18 st/27.900*
Flash II: Forritun • *18 st/27.900*
Photoshop: Ljósm.r og grafík • *27 st./32.900*
Photoshop II: framhald • *18 st./32.900*

**• Verkefna- og tímastjórnun**
PRINCE2 verkefnastjórnun • *18 st./54.900*
MS Project verkefnastjórnun • *22 st./44.900*
Betri tímastjórnun • *9 st./16.900*
Hugarkort - MindMaps • *4 st./9.900*

*) Á ekki við ef aðrir afslættir eru veittir.

## Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.
**Kennslugreinar:**
- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikefið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 64.900

## Tölvuþekking fyrir konur

Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stígðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeið í notalegu umhverfi.
**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 54.900

## Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.
**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900
*Bjóðum einnig námskeið um Picasa og Photoshop Elements fyrir áhugaljósmyndara*

## Vefsíðugerð grunnur

Lærðu grunnatriðin í vefsíðugerð með DreamWeaver og Photoshop.
**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 49.900

## Hagnýt verkefnastjórnun



Þetta er nám er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni.
*Helstu kennslugreinar:*
- Undirstaða nútíma verkefnastjórnunar og helstu aðferðir sem leiða til vel heppnaðra verkefna og stjórnar.
- PRINCE2 aðferðarfræðin sem beitt er til þess að undirbúa, áætla og stjórna smáum jafnt sem stórum verkefnum.
- Hugarkort - frábær aðferð til að skipuleggja og undirbúa.
- Microsoft Project við gerð verk- og kostnaðaráætlana, verkeftirlit, utanumhald um auðlindir og stjórnun verkefna og verkefnasafna.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 99.900
*Kennt á föstudögum - hefst í febrúar!*

## Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

## Tölvunám TV til betri verka
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

## Styrkur til atvinnulausra

*Vinnumálastofnun veitir námsstyrki sem eru 50% af námsgjaldi hjá okkur en þó aldrei hærra en 70.000 krónur.*
*Fáðu nánari upplýsingar hjá okkur.*

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www·tv·is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tekinn!

Stórskemmtilegri svipmynd var brugðið upp af ný- og réttkjörnum formanni Framsóknarflokksins á fréttavefsíðunni mbl.is á mánudag. Í því augnamiði að varpa frekara ljósi á persónuna sem leynist bak við framsóknarmanninn var þar rætt við vini og vandamenn vonarstjörnunnar og þar á meðal föður Sigmundar, Gunnlaug Sigmundsson, fyrrverandi alþingismann Framsóknar á Vestfjörðum. Segir svo frá í grein mbl.: *Menntaskóláaránna naut Sigmundur Davíð til fulls, reyndar svo að eftir stúdentsprófið og fyrsta veturinn í háskóla gerði hann sér það að leik að mæta í tíma í 6. bekk í MR, „aðallega til að kanna hversu lengi kennarar og samnemendur áttuðu sig á því að hann ætti ekki heima þarna," segir Gunnlaugur faðir hans og bætir við: „Þetta entist í viku."* Í kjölfar þessarar frásagnar af fornu flippi formannsins velta gárungar því fyrir sér hvort innganga Sigmundar í Framsóknarflokkinn sé af sama toga; hann haldi nú í sér hlátrinum og bíði átekta eftir að framsóknarmenn átti sig á að hann eigi ekki heima þar.





### Allt er hey í harðindum

Auglýsendur gera sér mat úr kreppunni á ýmsan máta. Til að mynda hefur Ölgerðin ráðist í viðamikla herferð fyrir Egils djúsþykkni, sem þykir ódýr og hentugur kostur fyrir þyrsta Íslendinga, og Securitas hamrar á heimavörninni sinni sem aldrei fyrr í kjölfar frétta um aukningu innbrota. Eftir mótmæli gærdagsins mega sjónvarpsáhorfendur líklega eiga von á holskeflu auglýsinga á borð við þessa: „Ekki finna til vanmáttar gagnvart varnarúða, piparúða og táragasi! Veldu öryggi, veldu Stenmarkskíðagleraugu!"

**kjartan@frettabladid.is**

Nýr Bandaríkjaforseti og Ísland:

## Nýtt tækifæri

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Innsetning nýs forseta í Bandaríkjunum markar jafnan nokkur tímamót. Kjör manns af afrískum uppruna til þeirra áhrifa er merkisteinn á framfarabraut. Margir Bandaríkjamenn líta eðlilega á viðburðinn sem upphaf nýrra tíma. En það gera menn í víðari skilningi. Obama hefur þegar tekist að gerast boðberi endurnýjaðra gilda og vonar um betra samfélag. Sá ferski tónn hefur skapað jákvæð hughrif víðast hvar.

Nýi forsetinn fær ekki neina hveitibrauðsdaga. Hann mætir flóknum og brýnum úrlausnarefnum heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Fjármálakreppan kallar á hiklausa forystu. Bandaríkin leika lykilhlutverk við lausn vandans fyrir botni Miðjarðarhafsins. Þar er kallað á meiri víðsýni af hálfu Bandaríkjanna.

Gagnvart öðrum þjóðum þarf nýr forseti að vinna til baka glatað traust. Fráfarandi forseta tókst að rýra trúverðugleika Bandaríkjanna með afdrifaríkari hætti en dæmi eru um áður. Margt bendir til að Obama hafi þegar búið til nýtt andrúmsloft og kveikt vonir um endurnýjað álit á Bandaríkjunum sem raunverulegrar forystuþjóðar lýðræðis og manngildis.

Ferill nýja forsetans, allt frá pólitískri athafnasemi hans á háskólaárum, sýnir að líklegt er að hann eigi eftir að koma mörgum á óvart. Þannig gæti hann valdið ýmsum stuðningsmönnum vonbrigðum en um leið færst nær mörgum þeim sem hafa haft efasemdir um pólitík hans. Þetta gæti bæði gerst inn á við varðandi efnahagsstjórnina eins og út á við í samskiptum við önnur ríki.

Kjör nýs forseta gefur Íslandi tækifæri til þess að freista þess að koma samskiptunum við Bandaríkin í samt lag. Einhvern veginn hefur kjölfestan farið úr íslenskri utanríkispólitík á síðustu árum eins og ýmsu öðru. Samskiptin við Bandaríkin eru hluti af þeim vanda. Staða okkar í Evrópu er annar hluti.

Brotthvarf varnarliðsins héðan bar að með sérstökum hætti sem á vissan hátt þótti dæmigert fyrir Bush-stjórnina. Fyrir hinu getum við ekki lokað augunum að sú niðurlæging fyrir Ísland sem fólst í háttseminni við þá ákvörðun skrifast að talsverðu leyti á okkar eigin reikning.

Viðræðurnar við stjórnvöld í Bandaríkjunum um framtíð varnarsamstarfsins byggðust á kolröngu stöðumati af Íslands hálfu og svipuðu oflæti og leiddi af sér ris og fall bankakerfisins. Afleiðingin varð brestur í samskiptum við bandalagsþjóð til margra ára. Segja má að það hafi verið fyrstu alvarlegu utanríkispólitísku mistök lýðveldistímans.

Sú hugmyndafræði að Ísland geti án skuldbindinga spilað á stórveldi heimsins sitt á hvað til að tryggja hagsmuni sína frá einum tíma til annars er jafn fúin og hlutleysisstefnan á sinni tíð. Nánari Evrópusamvinna er því rökrétt framhald á aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Það breytir hins vegar ekki mikilvægi þess að treysta á ný samskiptin við Bandaríkin. Þeir fersku vindar sem fylgja stjórnarskiptunum þar í gær opna möguleika fyrir Ísland til að takast á við það viðfangsefni í ljósi nýrra aðstæðna, á nýjum forsendum og af fullu raunsæi.

Það var löngum mikilvægur kjarni í utanríkispólitíkinni að fylgja þeim Evrópuþjóðum að málum sem stóðu vörð um tengslin yfir Atlantshafið. Nýjar aðstæður hafa ekki breytt þeirri þörf í tvíhliða samstarfi og í samvinnu með öðrum Evrópuþjóðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




# Kjósum um nýtt Ísland



**KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR**
**Í DAG** | Lýðræði

Þær raddir gerast nú æ háværari að lýðveldi Íslendinga sé gengið sér til húðar og að við endurreisn þess þurfi að gera grundvallarbreytingar á stjórnskipan landsins; stofna nýtt lýðveldi með nýrri stjórnarskrá. Meðal talsmanna þessara sjónarmiða eru rithöfundarnir Jón Kalman Stefánsson og Njörður P. Njarðvík. Í nýlegri blaðagrein Njarðar kallar hann eftir því að Alþingi verði endurreist sem æðsta valdastofnun þjóðarinnar í því augnamiði að tryggja raunverulega þrískiptingu valdsins. Til að framkvæma verkið verði kölluð saman neyðarstjórn til bráðabirgða, sem verði falið að rannsaka og gera upp hrun fjármálakerfisins og semja nýja stjórnarskrá. Jón Kalman tekur í sama streng og segir ástandið kalla á tillögur sem virst geti róttækar en séu í raun lífsnauðsynlegar.

Undir kjarna þessara sjónarmiða skal tekið hér; við endurreisn samfélagsins er nauðsynlegt að beitt verði öðrum aðferðum við landstjórnina en hingað til, gengið út frá öðrum gildum en tíðkast hefur og löngu tímabært er að endurnýja stjórnarskrána. Engu síður vakna ýmsar spurningar: Hvernig á t.d. að koma frá þeirri ríkisstjórn sem nú situr? Hver á að tilnefna neyðarstjórnina og út frá hvaða forsendum á að ganga við skipan hennar? Hvernig yrði leyst úr mögulegum ágreiningsmálum innan hennar varðandi rannsókn bankahrunsins og tillögur að stjórnarskrá? Hver á að vera hlutur Alþingis á meðan? Og hvað ef ný stjórnarskrá fær ekki tilskilinn meirihluta atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni?

Vel kann að vera að þeir Njörður og Jón hafi hugsað þetta allt til enda, a.m.k. hafa þeir skýrar hugmyndir um með hvaða hætti megi styrkja löggjafarsamkomuna. Hér þurfi að koma á lýðræði í stað flokksræðis auk þess sem kveða þurfi niður ofurvald ráðherra og koma völdunum aftur til Alþingis. Ég er sammála þessum áherslum og til að ná þeim fram hef ég nú um tíu ára skeið starfað með stjórnmálahreyfingu sem hefur það á stefnuskrá sinni að gera nákvæmlega þetta; auka lýðræði í samfélaginu og styrkja þingræðið.

Ég stóð með kröfur á lofti á Austurvelli einu sinni í viku heilan vetur þegar mér bauðst sæti á lista nýrrar stjórnmálahreyfingar sem ætlaði að bjóða fram til þings þá um vorið. Ég gæti haft mörg orð um bæði sorgir og sigra á þessum tíu árum en mér finnst lykilatriðið vera það að Vinstrihreyfingunni – grænu framboði hefur tekist að byggja upp öflugan stjórnmálaflokk sem byggir á sameiginlegri sýn félaganna til grundvallarmála eins og jöfnuðar, umhverfisverndar, kvenfrelsis og sjálfstæðrar utanríkisstefnu, en það sem hefur sameinað okkur umfram annað er trúlega lýðræðishugsjónin.

Ég vil því meina að reynsla okkar vinstri-grænna sýni að hægt sé að byggja upp stjórnmálahreyfingu, sem lýtur þeim lögmálum sem kallað er eftir um þessar mundir, en veit á sama tíma að það fæst ekki sannað fyrr en við komumst til áhrifa í ríkisstjórn, fáum langþráð umboð kjósenda. Mér þætti miður ef þeir Jón og Njörður sem vilja byggja nýtt Ísland teldu mig ekki gjaldgenga við endurreisn samfélagsins af þeirri ástæðu einni að ég starfa innan stjórnmálahreyfingar. Verum minnug þess að stjórnmálaflokkunum var ætlað að gegna lykilhlutverki í því lýðræði sem forfeður okkar lifðu fyrir, börðust fyrir og dóu fyrir. Það er auðvelt að halda því fram að þeim hafi mistekist ætlunarverkið og því sé flokkakerfið dauðadæmt. Það er líka auðvelt fyrir okkur vinstri-græn að halda því fram að öllum hafi mistekist nema okkur. Hverjum þykir sinn fífill fagur. Flokkar þurfa að njóta sannmælis ekki síður en fólk og við vinstri-græn njótum þess vissulega nú að hafa aldrei átt aðild að ríkisstjórn. Að sama skapi er ríkisstjórnarþátttaka og misbeiting valdsins öðrum fjötur um fót. Það skiptir máli við endurreisn samfélagsins að gert sé upp við þá flokka sem bera ábyrgð á hruninu. Slíkt uppgjör þarf að fara fram í almennum kosningum. Það verður eðlilega spurt um hvort tillaga þeirra Njarðar og Jóns sé að öllu leyti raunhæf og hvort hægt verði að kynna hana á þann hátt að hún nái almennri hylli, en forsenda jákvæðra breytinga er að koma sitjandi ríkisstjórn frá völdum. Það tel ég óraunhæft að gerist öðruvísi en með kosningum til Alþingis. Þær kosningar þurfa að fara fram sem fyrst, til að nýtt fólk og hreyfingar fái nauðsynlegt umboð til að leiða þær breytingar sem kallað er eftir.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Samkeppni flýtir endurreisn

**UMRÆÐAN**
Ármann Kr. Ólafsson skrifar um samkeppni



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**

Í kjölfar bankahrunsins er mikilvægt að hefja strax endurreisn á íslensku viðskipta- og efnahagslífi. Til að það sé mögulegt á sem stystum tíma verður að ríkja öflug samkeppni hér á landi. Af þeim sökum lagði ég fram þingsályktunartillögu fyrir jól um heildarendurskoðun á samkeppnisumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Því miður er mikil hætta á að ríkjandi ástand ýti undir samþjöppun og hún verði enn meiri en við höfum upplifað á undanförnum árum. Slíkt getur dregið úr hraða endurreisnarinnar. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins, „Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi" er greint frá reynslu annarra ríkja af þýðingu samkeppni í efnahagskreppum. Sú reynsla og rannsóknir í hagfræði sýna að aðgerðir til að viðhalda og efla samkeppni stuðla að hraðari endurreisn atvinnulífsins.

Ljóst er að samkeppnisumhverfi íslenskra fyrirtækja er gallað. Hringamyndun og krosseignarhald hafa fengið að þrífast hér á landi, fákeppni hefur blómstrað og fyrirtæki hafa misbeitt markaðsráðandi stöðu sinni um áraraðir. Þetta sést glöggt þegar horft er til smásöluverslunar, matvöruiðnaðarins, fjölmiðla- og fjarskiptamarkaðarins, samgöngufyrirtækja og lyfjamarkaðarins svo eitthvað sé nefnt.

Við megum engan tíma missa. Krónan hefur fallið hratt og verðhækkanir fylgt í kjölfarið. Nauðsynlegt er að þær gangi hratt til baka þegar styrkingarferli krónunnar verður raunverulegt. Ef fákeppni ríkir myndast mikil tregða til verðlækkana eins og sagan sýnir. Við slíku verður að sporna en forsenda þess er öflugri samkeppnismarkaður.

Mörg úrræði eru til að efla samkeppni innan núverandi löggjafar. Önnur kalla á að reglu- og lagaumgjörð fyrirtækjanna eða samkeppnismarkaða sé breytt og úrræði Samkeppniseftirlitsins efld. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að hlúa að og bæta rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, m.a. með því að ryðja úr vegi hindrunum sem takmarka möguleika nýrra fyrirtækja til að komast inn á samkeppnismarkaði (aðgangshindranir), eða möguleika smærri fyrirtækja til að vaxa við hlið stærri fyrirtækja.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Aðgerðir gegn atvinnuleysi

**UMRÆÐAN**
Jóhanna Sigurðardóttir skrifar um atvinnuleysi

Félags- og tryggingamálaráðuneytið leggur kapp á að virkja og efla vinnumarkaðsúrræði sem ráðuneytið og stofnanir þess hafa yfir að ráða og finna nýjar leiðir til að sporna við vaxandi atvinnuleysi. Breytingar hafa verið gerðar á lögum og nýlega voru settar reglugerðir um fjölbreytt vinnumarkaðsúrræði sem eiga að auðvelda fólki án atvinnu að halda virkni sinni, stuðla að tengslum þess við atvinnulífið og skapa því leiðir til að bæta möguleika sína til atvinnuþátttöku á ný. Hækkun atvinnuleysisbóta var flýtt og tók hækkunin gildi 1. janúar sl. í stað 1. mars eins og áður hafði verið ákveðið.

Vaxandi álag hefur verið hjá Vinnumálastofnun frá því í október en stofnunin fer með yfirstjórn vinnumiðlunar og vinnumarkaðsúrræða í landinu. Áhersla hefur verið lögð á að efla þjónustu stofnunarinnar og gera hana sem best í stakk búna til að mæta miklu álagi og gegna sem best mikilvægu hlutverki sínu á komandi misserum.

### Atvinnuleysisbætur á móti launum fyrir hlutastarf

Meðal nýlegra aðgerða til að sporna við atvinnuleysi er upptaka hlutabóta sem heimilaðar voru með lagabreytingu fyrir áramót. Markmiðið er að hvetja atvinnurekendur til að semja um lægra starfshlutfall við starfsfólk sitt fremur en að grípa til uppsagna. Heimilt er að greiða fólki í hlutastarfi tekjutengdar atvinnuleysisbætur í lengri tíma en áður og skerðing atvinnuleysisbóta vegna launagreiðslna fyrir hlutastarf hefur verið felld niður. Úrræðið hefur mælst vel fyrir og nýtist nú um 13% þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar njóta nú meiri sveigjanleika til atvinnuleysisbóta og geta tekið að sér tilfallandi verkefni án þess að missa bótaréttinn.

### Stuðningur við átaksverkefni, nýsköpun, frumkvöðlastörf, reynsluráðningar og fleira

Í nýlegri reglugerð er kveðið á um verkefni sem fólk án atvinnu getur tekið þátt í samhliða því að fá greiddar atvinnuleysisbætur og um heimildir fyrirtækja og stofnana til að ráða tímabundið til sín fólk í atvinnuleit þannig að atvinnuleysisbætur fylgi því inn í fyrirtækið ásamt mótframlagi í lífeyrissjóð. Atvinnurekandinn greiðir það sem upp á vantar svo viðkomandi njóti sambærilegra launakjara og aðrir á vinnustaðnum.

Heimildir til tímabundinna ráðninga af þessu tagi ná til starfsþjálfunar og ráðningar til reynslu, átaksverkefna sem fela í sér tímabundin verkefni umfram venjuleg umsvif og frumkvöðlastarfa þar sem einstaklingur er ráðinn til að þróa nýja viðskiptahugmynd. Vinnumálastofnun getur einnig samið beint við atvinnuleitendur um að þeir vinni að þróun eigin viðskiptahugmyndar án þess að atvinnuleysisbætur skerðist.

### Atvinnutengd endurhæfing, sjálfboðaliðastörf og búferlastyrkir

Nýmæli er að skilgreina sjálfboðaliðastörf sem vinnumarkaðsúrræði þannig að frjáls félagasamtök geti boðið atvinnuleitendum þátttöku í verkefnum sínum. Samið skal um slík störf milli Vinnumálastofnunar og viðkomandi félagasamtaka sem ber að slysatryggja sjálfboðaliðann við störf.


JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Vinnumálastofnun er nú heimilt að gera samning um starfsendurhæfingu við atvinnuleitendur með skerta starfsorku í tiltekinn tíma án þess að þeir tapi rétti sínum til atvinnuleysisbóta.

Réttur fólks í atvinnuleit til búferlastyrkja hefur verið rýmkaður þannig að ekki er lengur skilyrði að viðkomandi hafi verið atvinnulaus í þrjá mánuði áður en hann flytur.

### Nám og námskeið sem vinnumarkaðsúrræði

Fólk án atvinnu getur stundað nám og námskeið og fengið samhliða greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt áunnum réttindum sínum. Þetta á til dæmis við um nám á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og fræðslustofnana þess, námskeið símenntunarstöðva, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og endurmenntunarstofnana háskólanna. Einnig á þetta við um nám á verk- og starfsnámsbrautum á framhaldsskólastigi og frumgreinanám fyrir fólk sem verið hefur á vinnumarkaði. Námskeið endurhæfingarmiðstöðva teljast einnig til vinnumarkaðsúrræða og fleiri námskeið sem líkleg eru til þess að styrkja fólk á vinnumarkaði.

### Berjumst gegn atvinnuleysi og áhrifum þess

Atvinnuleysi hefur aukist hratt að undanförnu. Vinnumálastofnun spáir að það fari hæst í um 10% í vor en heldur dragi úr því yfir sumarmánuðina eins og jafnan á sumrin.

Eitt brýnasta verkefni stjórnvalda er að sporna við vaxandi atvinnuleysi og finna færar leiðir til þess að glæða atvinnulífið og fjölga störfum þar sem þörfin er mest.

Mikilvægt verkefni sem snýr beint að félags- og tryggingamálaráðuneytinu er einnig að sjá til þess að öll úrræði sem dregið geta úr neikvæðum áhrifum atvinnuleysis á einstaklinga og samfélag séu nýtt til fulls og að áhersla sé lögð á að finna nýjar leiðir með þetta að markmiði. Ráðuneytið mun vinna að þessu með þeim stofnunum sem sinna verkefnum á þessu sviði og þetta er meðal verkefna starfshóps sem ég skipaði nýlega með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaganna, fjármálaráðuneytisins og félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Ráðuneytið leggur áherslu á að fá sem flesta til samstarfs svo tryggt sé að allar góðar hugmyndir nýtist.

*Höfundur er félags- og tryggingamálaráðherra.*





Kynntu þér úrræðin KAUPÞING

Starfsfólk Kaupþings aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig.

- Heimilisbókhald
- Úrræði í greiðsluerfiðleikum
- Stöðumat
- Sparnaðarleiðir
- Netdreifing/útgjaldadreifing
- Lífeyris- og tryggingamál

Kynntu þér málin á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444-7000 eða komdu við í næsta í útibúi Kaupþings.

FISKBÚÐIN HAFRÚN
Skipholti 70 • S: 553-0003

Glæný línuýsa, hrogn og lifur
Rauðmagi, sjó-siginn fiskur, selspik
Gellur, Kinnar, Hákarl og margt fl.

Verið velkomin í alvöru fiskbúð þar sem ferskleikinn er í fyrirrúmi og frábær þjónusta

CHRISTIAN DIOR (1905-1957) FÆDDIST ÞENNAN DAG.

*„Draumur minn er að bjarga konum frá náttúrunni.“*

***Christian Dior var áhrifamikill franskur fatahönnuður og stofnandi eins frægasta tískufyrirtækis heims, Dior. Fatalína hans The New Look var mjög áberandi í tískuheiminum eftir seinni heimsstyrjöldina.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. JANÚAR 1990

## *John McEnroe dæmdur úr leik*

Bandaríski tennisleikarinn John McEnroe var dæmdur úr leik á Ástralíumótinu í tennis í Melbourne á þessum degi árið 1990. Var það í fyrsta sinn í 27 ár sem slíkt hafði gerst á stórmóti í tennis.

McEnroe var atkvæðamikill tennisleikari í upphafi níunda áratugarins og var þekktur fyrir mikið skap. Hann sigraði þrisvar á Wimbledon og fimm sinnum á Opna bandaríska mótinu á árunum 1979 til 1984.

Árið 1990 hafði hinn þrítugi McEnroe ekki sigrað á stórmóti síðan árið 1984. Í leik við hinn sænska Mikael Pernfors var honum gefin viðvörun fyrir að horfa illilega á einn línuvörðinn. Aðra viðvörun fékk hann þegar hann kastaði spaðanum harkalega í jörðina þegar leikurinn gekk ekki eftir hans höfði. Síðar í leiknum grýtti hann spaðanum í bræði sinni og spaðinn brotnaði. Dómarinn dæmdi hann enn brotlegan og þegar tennisleikarinn brást við með fúkyrðum var McEnroe dæmdur úr leik.



## MERKISATBURÐIR

**1793** Lúðvík XVI., konungur Frakka, er fundinn sekur um landráð og hálshöggvinn.

**1918** Mesta frost í Reykjavík – 24,5 gráður.

**1924** Rússneski leiðtoginn Vladimír Ilyich Lenín andast 54 ára að aldri.

**1931** Flutningaskipið Ulv frá Haugasundi ferst hjá Þaralátursnesi á Ströndum og með því 22 menn.

**1950** George Orwell, höfundur 1984 og Animal Farm, andast í London.

**1976** Fyrsta Concorde-þotan fer í loftið.

**1989** Fyrsti þáttur Spaugstofunnar, 89 af stöðinni, er á dagskrá Sjónvarpsins.



Fyrirlestur um atvinnuhorfur næstu mánuði verður haldinn í Odda á föstudaginn klukkan 12. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Atvinnuhorfur næstu mánuði

Staðan á vinnumarkaði og horfur næstu mánuði er heiti á fyrirlestri sem haldinn verður á vegum Rannsóknarstofu í vinnuvernd í Háskóla Íslands, Odda, föstudaginn 23. janúar klukkan 12.

Fyrirlesari er Karl Sigurðsson, forstöðumaður vinnumálasviðs hjá Vinnumálastofnun, og mun hann fjalla um þróun atvinnuleysis síðustu vikur og mánuði með tilliti til þess sem er að gerast innan einstakra atvinnugreina og hjá mismunandi hópum í samfélaginu. Reynt verður að leggja mat á horfur á vinnumarkaði næstu mánuðina og fram á sumar.

Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

**KRISTÍN RAGNA GUNNARSDÓTTIR:** HLÝTUR DIMMALIMM MYNDSKREYTIVERÐLAUN

# Glæðir goð og gyðjur nýju lífi

„Þetta er mikil viðurkenning og gríðarleg hvatning til að halda áfram og gera enn betur næst,“ segir Kristín Ragna Gunnarsdóttir teiknari sem hlaut Dimmalimm – íslensku myndskreytiverðlaunin 2008, sem afhent voru á sunnudag. „Þegar búið er að eyða mikilli vinnu í verk, vanda sig og setja markið hátt er voða gaman að fá góðar viðtökur,“ segir Kristín sem fékk verðlaunin fyrir myndskreytingu á bókinni Örlög guðanna. Í bókinni endursegir Ingunn Ásdísardóttir norrænar goðsögur. „Bókin er kynning á þessum heimi, farið er yfir sköpunarsöguna og Óðinn, Freyja, Loki og aðrar aðalpersónur kynntar,“ segir Kristín sem sjálf reynir að endursegja sögurnar með myndum sínum og glæða þær nýju lífi.

„Bókin samanstendur af mörgum sögum og hver saga fær nokkrar opnur. Í myndunum dreg ég fram nokkur atriði og reyni að koma stemningu og atburðum sögunnar til skila í litum og myndbyggingu,“ segir Kristín en í myndunum eru ýmis smáatriði sem vísa til textans til að þétta söguna.

Kristín sökkti sér ofan í goðsögurnar áður en hún hóf vinnu við myndskreytinguna. „Ég las og skoðaði mikið, svo kom að tímapunkti þar sem ég lagði bækurnar til hliðar og fór að nálgast efnið á eigin hátt. Þá var ég búin að búa mér til myndheim þar sem ég sá þetta fyrir mér,“ segir Kristín sem kom á óvart hversu skemmtilegar goðsögurnar eru og hve persónurnar eru lifandi, litríkar og breyskar. „Það er húmor í sögunum en einnig fúlasta alvara, svik, sorg og dauði,“ segir Kristín og bætir við að í hinum fornu sögum sé ákveðin skírskotun í samfélagið í dag. „Guðirnir sofna á verðinum af því þeir hafa það svo gott og allt fer til andskotans,“ segir hún glettin.

Hróður myndskreytinga Kristínar hefur einnig borist út fyrir landsteinana. Í lok árs hélt hún sýningu á Þjóðminjasafninu á 21 mynd úr bókinni. Myndirnar hafði hún valið saman til að skapa heildstæða sýningu. „Sýningin var keypt í heild af listasafni í eigu spítala í Árhúsum í Danmörku og fær hún því að standa eins og ég setti hana saman,“ segir hún og er beðin um að útskýra nánar tilurð kaupanna. „Innkaupastjóri listasafnsins var staddur hér á landi og átti leið um Þjóðminjasafnið. Hann hringdi í mig þegar hann kom aftur út. Ég spurði hvaða mynd hann vildi fá og þá sagðist hann vilja alla sýninguna,“ segir Kristín en listasafn spítalans safnar nútímalist sem hangir í almenningsrými hans. „Þetta var óvænt og skemmtilegt en búið er að setja upp sýninguna úti,“ segir Kristín sem segir aldrei að vita nema hún heimsæki myndirnar sínar til Danmerkur einn daginn.

solveig@frettabladid.is



**MIKIL HVATNING** „Þegar búið er að eyða mikilli vinnu í verk, vanda sig og setja markið hátt er voða gaman að fá góðar viðtökur,“ segir Kristín Ragna Gunnarsdóttir, sem var verðlaunuð fyrir myndskreytingu á bókinni Örlög guðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför,*

**Einars G. V. Þóroddssonar**

Fyrir hönd aðstandenda,

**Valgerður Einarsdóttir Vestmann**



†

*Bróðir minn og móðurbróðir,*

**Sigurður Marelsson**
til heimilis að Vífilsstöðum
(áður að Njarðargötu 43),

lést föstudaginn 16. janúar á Vífilsstöðum.

**Sigurbjörg Marelsdóttir**
**Sigurður Már Hilmarsson**
**og fjölskylda.**



†

*Elskuleg frænka mín,*

**Sólveig Geirsdóttir**
frá Sléttabóli,

lést á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum laugardaginn 17. janúar. Útför hennar fer fram frá Prestbakkakirkju á Síðu laugardaginn 24. janúar kl. 14.00

**Guðríður Erla Halldórsdóttir**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Georgsdóttir**
Bauganesi 27, Skerjafirði,

verður jarðsungin frá Neskirkju fimmtudaginn 22. janúar kl. 13.00.

**Gunnar Már Pétursson**
**Lára Gunnarsdóttir** **Ólafur Kristófer Ólafsson**
**Kjartan Georg Gunnarsson** **Ólína Ágústa Jóhannesdóttir**
**Gunnar Már Gunnarsson** **Aldís Bára Einarsdóttir**
**Pétur Gunnarsson** **Dóra Eydís Pálsdóttir**
**Margrét Gunnarsdóttir** **Eyjólfur Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn , faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Halldór Pétursson**
Tjarnarbakka 8, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 15. janúar sl. Jarðarför fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. janúar kl 15.00.

**Freydís Jónsdóttir**
**Selma B. Vignisson** **Arnar B. Vignisson**
**Kristín Halldórsdóttir** **Frans Ferdinand Schmitt**
**Stefán Halldórsson** **Kolbrún Sveinbjörnsdóttir**
**og barnabörn.**






# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...


...við prentum! GUÐJÓN Ó VISTVÆN PRENTSMIÐJA Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 21. janúar 2009 – 3. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir

**Fjármálaeftirlitið**
Vogunarsjóðir brutu ekki lög



2

**Aldrei meiri svartsýni**
Skoðanakannanir á óþekktu landsvæði



4-5

**Guðmundur Arnar Guðmundsson**
Stórfyrirtækjum er það ljóst

6





**AÐALÚTIBÚ LANDSBANKANS** Nýi Landsbankinn hefur lagt fram leiðbeiningar um hvernig brugðist skuli við greiðsluerfiðleikum viðskipavina.

## NBI tryggir líf fyrirtækja

Landsbankinn (NBI) mun velja samningaleið um lausn skuldamála fyrirtækja í greiðsluerfiðleikum sé þess kostur fremur en að láta þau fara í þrot. Í einhverjum tilvikum verður ekki hjá því komist að taka einhver yfir.

Þetta kemur fram í nýjum leiðbeiningum bankans um aðgerðir vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja og bankaráð NBI hefur samþykkt og birti í gær. Bankinn fylgir þar fordæmi Glitnis, en stjórn hans samþykkti slíkar reglur í desember síðastliðnum.

Bankarnir hafa stofnað umsýslufélög fyrir lífvænleg fyrirtæki sem hafa lent í greiðsluerfiðleikum og þeir tekið yfir. Yfirtaka verður gerð með það fyrir augum að tryggja rekstur fyrirtækjanna og tryggja vinnu starfsfólks, líkt og segir í reglum bankans. - jab

## ÍLS kaupir lán SpKef

Viðræður eru á lokastigi um að Íbúðalánasjóður (ÍLS) kaupi íbúðalán Sparisjóðs Keflavíkur (SpKef) fyrir 9,7 milljarða króna.

Fyrirkomulagið er með svipuðu sniði og í viðræðum ÍLS um kaup á hluta lánasafns SPRON. Lánin eru keypt á bókfærðu virði og greiðast áttatíu prósent strax en afgangur síðar.



**GUÐMUNDUR BJARNASON**

Miðað við þetta kaupir ÍLS lán beggja sjóða fyrir tæpa 30 milljarða króna.

Sala lánanna hefur engin áhrif á eiginfjárstöðu Sparisjóðsins í Keflavík en styrkir aftur á móti lausafjárstöðu SpKef, líkt og segir í tilkynningu.

Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, sagði við Fréttablaðið um síðustu helgi fjármálafyrirtæki þurfa sjálf að leita til Íbúðalánasjóðs og hafi tveir aðrir sparisjóðir gert það. - jab

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Lægra verð** | Hráolíuverð hefur hríðlækkað frá áramótum. Verð í framvirkum samningum fór niður í 33,89 dali á tunnu í gær. Fari verðmiði svarta gullsins niður fyrir 30 dali eru líkur á að olíuútflytjendur dragi úr framleiðslu sinni til að hífa verðið upp á ný, að mati sérfræðinga.

**Danski til bjargar** | Stjórnvöld í Danmörku hafa ákveðið að opna pyngjurnar og nýta 100 milljarða danskra króna til að styðja við fjármálakerfið þar í landi.



**Sögulegt tap** | Skoski bankinn Royal Bank of Scotland sagði í afkomuviðvörun sem hann sendi frá sér í fyrradag hættu á að hann gæti tapað allt að 28 milljörðum punda, eða yfir 5.200 milljörðum íslenskra króna. Tap sem þetta hefur ekki áður sést í bókum fjármálafyrirtækis í Bretlandi.

**Ríkið til bjargar** | Írska ríkisstjórnin tók yfir bankann Anglo Irish í síðustu viku. Til stóð að taka yfir 75 prósenta hlut í bankanum og bjarga honum þannig frá falli.

**Bankarnir blésu út** | Hrun íslenska bankakerfisins gæti leitt til þess að bankalöggjöf Evrópusambandsins verði breytt. Mikið hefur verið rætt um málið innan veggja, sérstaklega þá staðreynd að íslensku bönkunum var leyft að blása út í nokkrum ESB-löndum án þess að hafa nægilega sterkan bakhjarl heima fyrir.

**Fleiri svíkja** | Grófum skattsvikum hefur fjölgað í Danmörku, sé miðað við fjölda tilkynninga sem borist hafa lögreglu. Svik yfir 100 þúsund dönskum krónum eru ætíð tilkynnt, að sögn Jótlandspóstsins.

**Lægri vextir** | Evrópski seðlabankinn fetaði í fótspor annarra seðlabanka og lækkaði stýrivexti um 50 punkta í síðustu viku til að sporna við kreppu. Stýrivextirnir standa í tveimur prósentum sem er talsvert yfir nærri núllstillingu bandaríska seðlabankans.

# Finnska leiðin skoðuð í menntun og vísindum

**Sérfræðingar frá OECD auk sérfræðinga í finnskum menntamálum eru til ráðgjafar um stefnumótun í háskólamálum og vísindum hér. Finnar leggja áherslu á rannsóknir og þróun.**

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Líkur eru á að við endurskipulag menntamála verði horft sérstaklega til reynslu Finna sem í kjölfar efnahagskreppu við upphaf tíunda áratugarins lögðu sérstaka áherslu á að veita fjármunum í rannsóknir og þróun. Síðustu ár hefur þar að jafnaði verið veitt sem nemur þremur til fjórum prósentum af landsframleiðslu til rannsókna og þróunar.

Á allra næstu vikum tekur til starfa ráðgjafarnefnd verkefnisstjórnar um stefnumótun menntamálaráðuneytisins á sviði háskólamála og vísinda. Í nefndinni á sæti Christoffer Taxell, formaður samtaka háskóla í Finnlandi og fyrrum formaður samtaka finnskra atvinnurekenda, en hann var jafnframt menntamálaráðherra Finna í fjármálakreppunni. Formaður verkefnastjórnarinnar er Guðmundur Árnason, en hann er í leyfi frá starfi ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins til að fylgja eftir ákvörðunum og aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna fjármálahrunsins í haust.

Auk Taxells eiga sæti í ráðgjafarnefndinni Markku Linna, fyrrum ráðuneytisstjóri mennta- og menningarmálaráðuneytis Finna, og svo tveir sérfræðingar Efnahags- og samvinnustofnunarinnar (OECD). Það eru Iain Gillespie, forstöðumaður líftæknisviðs OECD á vísinda- og tækniskrifstofu, og svo fulltrúi menntasviðs OECD.

Vilhjálmur Lúðvíksson, verkefnastjóri í menntamálaráðuneytinu, sem skipuleggur starf ráðgjafarnefndarinnar, segir fyrstu fundi hafa tafist aðeins, en þeir verði líkast til í næsta mánuði. Hann segist ekki gera ráð fyrir öðru en ráðgjafarnefndin komi fram með afar skýr skilaboð, en svo sé undir stjórnmálamönnum komið hverju verði hrint í framkvæmd. Ráð er fyrir því gert að verkefnastjórnin starfi fram á næsta vor, hið minnsta.

Vilhjálmur bendir hins vegar á að milli 2008 og 2009 aukist heldur framlag til rannsókna í gegnum opinbera kerfið, eða um meira en fimmtung milli ára. „Aðallega eru það samkeppnissjóðirnir sem eru efldir,“ segir hann og telur þarna endurspeglast ákveðin áhersla í að beita skólakerfinu í þágu uppbyggingar með langtímahagsmuni í huga. Á næsta ári reyni svo líkast til enn frekar á forgangsröðun í ríkisfjármálunum og komi þá til með að skipta máli vinnan sem nú sé unnin við verkefnastjórnina með erlendum ráðgjöfum. „Og auðvitað er með þessu verið að setja menntamál, vísindamál og nýsköpun í samhengi við almenna efnahagsstefnu.“



**Á MORGUNVERÐARFUNDI Í GÆR** Jukka Koivisto lýsir efnahagsþrengingum Finna og hvernig brugðist var við þeim, svo sem með breyttum áherslum í menntamálum og inngöngu í Evrópusambandið. Markaðurinn/GVA

Á morgunverðarráðstefnu Samtaka atvinnulífsins, Félags kvenna í atvinnurekstri og Finnsk-íslenska verslunarráðsins í gær lýstu reynslu sinni af efnahagshruni Finna Jukka Koivisto, framkvæmdastjóri stefnumótunar EK, samtaka atvinnulífsins í Finnlandi, og Ander Blom, formaður PL, samtaka finnskra einkafyrirtækja. Þeir voru sammála um að áhersla Finna á að byggja upp frá grunni þekkingu í landinu með áherslu á rannsóknir og þróun hafi skipt höfuðmáli við að byggja þar upp efnahags- og mannlíf á ný.

# Með flota glæsibíla í Lúxemborg

Hátt í tíu glæsibifreiðar eyrnamerktar vildarvinum Landsbankans voru geymdar í bílageymslu á vegum útibús bankans í Lúxemborg og sá bankinn um fjármögnun þeirra að einhverju leyti.

Mikil leynd hvílir yfir bílunum en Markaðurinn hefur þó heimildir frá fyrstu hendi um málið. Ekki liggur fyrir hvort bankinn keypti bílana eða tók þá á rekstrarleigu og nýtti sér skattalegt hagræði af viðskiptunum með svipuðum hætti og þegar hann tók bíla á leigu fyrir almenna starfsmenn bankans. Bílarnir í geymslunni voru ekki allir skrifaðir á bankann. Nokkrir voru geymdir þar fyrir vildaryiðskiptavini.

Í einhverjum tilvikum áttu forsvarsmenn Landsbankans í Lúxemborg frumkvæðið að því að kaupa bílana fyrir viðskiptavini sína. Hver bíll var eyrnamerktur tilteknum viðskiptavini og var hann eini notandi hans.

Þjónusta bankans fólst í því að viðskiptavinir lögðu fram eina til 1,5 milljónir evra í bankann. Bankinn keypti bíl í samræmi við óskir vildarviðskiptavinarins, sem greiddi leigu af bílnum.

Samkvæmt heimildum Markaðarins sá starfsmaður á vegum bankans um að aka bílunum hvert sem var á meginlandi Evrópu, allt eftir því hvar eigendur bílanna voru staddir hverju sinni og gátu þeir gengið þar að bílunum vísum.

Eftir því sem næst verður komist var Ascari-akstursbrautin í nágrenni Sevilla á Spáni vinsæll áfangastaður íslenskra auðjöfra sem áttu bíla í geymslu Landsbankans.

Erfitt er að áætla verðmæti bílaflotans. Þar voru meðal annars Bugatti Veyron, sem er með dýrustu bílum í heimi. Einn Bugatti kostar frá einni til 1,5 milljóna evra, jafnvirði allt að 200 milljóna íslenskra króna. - jab

### GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | -2,4% | -4,8% |
| Bakkavör | 11,9% | -20,5% |
| Eimskipafélagið | -16,7% | 4,0% |
| Icelandair | 0,0% | -0,4% |
| Marel | -11,0% | -12,5% |
| SPRON | 0,0% | 0,0% |
| Straumur | 2,4% | -31,7% |
| Össur | 0,5% | -1,8% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.*
*Úrvalsvísitalan OMXI15 328.*
*Úrvalsvísitalan OMXI6 882*

# Atorka seldi Amiad á sléttu

Ísraelski einkaframtakssjóðurinn (e. Private Equity Fund) Viola Partners, hefur keypt fjórðungshlut Atorku Group í ísraelska fyrirtækinu Amiad Filtration Systems.

Amiad framleiðir og dreifir vatnshreinsibúnaði og síur og selur til rúmlega 70 landa. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Ísrael.

Viola Partners greiddi tíu milljónir Bandaríkjadala, fyrir hlutinn. Það gildir tæpum 1,3 milljörðum íslenskra króna, á gengi gærdagsins. Það er rétt yfir markaðsvirði, samkvæmt upplýsingum ísraelska netmiðilsins Globes.

Atorka hóf að kaupa hlutabréf Amiad árið 2006 og bætti jafnt og þétt við sig fram til síðasta árs. Félagið kemur út á sléttu eftir söluna í íslenskum krónum talið.

Salan er hluti af þeirri stefnumörkun Atorku að einblína á færri en stærri verkefni, samkvæmt upplýsingum frá Atorku Group.

Amiad var stofnað árið 1962 og selur nú vörur sínar í yfir 70 löndum. Það var skráð á AIM-hliðarmarkaðinn í bresku kauphöllinni í Lundúnum fyrir fjórum árum. - jab



**FORSTJÓRINN** Atorka Group, sem Magnús Jónsson stýrir, hefur selt stóran hlut sinn í ísraelsku fyrirtæki. Það mun framvegis einblína á stærri og færri verkefni. MARKAÐURINN/HÖRÐUR

# Viðræður halda áfram

Beðið er ársuppgjöra Sparisjóðsins í Keflavík, Byrs og SPRON áður en viðræður halda áfram um sameiningu þeirra. Viðræðurnar þar sem kannaður hefur verið grundvöllur fyrir sameiningu hafa staðið frá í desember.

„Tímaáætlanir sem gerðar voru í upphafi viðræðnanna munu ekki nást meðal annars vegna aðstæðna í íslensku efnahagslífi," segir í tilkynningu.

Gert var ráð fyrir niðurstöðu á fyrstu vikum þessa árs. „Engar nýjar tímasetningar liggja fyrir um framhaldið." - óká

# Dregur úr verðbólgu

Verðbólga mældist 3,1 prósent í Bretlandi í desember, samkvæmt tölum bresku hagstofunnar, sem birtar voru í gær.

Verðbólga mældist 4,1 prósent í nóvember og ljóst að ákvörðun stjórnvalda að lækka virðisaukaskatt úr 17,5 prósentum í fimmtán í mánuðinum hafi skilað sér hratt inn í hagkerfið.

Þetta er engu að síður nokkuð undir björtustu vonum en menn höfðu almennbt reiknað með 2,7 prósenta verðbólgu í mánuðinum. Hækkun á matvöruverði, gasi og raforku á sama tíma stóð hins vegar í vegi fyrir að úr rættist, að sögn breska ríkisútvarpsins. - jab




# Vogunarsjóðirnir brutu ekki lögin

## Rannsókn FME á vogunarsjóðum og falli krónunnar í fyrravor er lokið án merkja um lögbrot. Seðlabankastjóri greindi merki um tilraun til að brjóta niður íslenska fjármálakerfið.

**Ingimar Karl Helgason**
skrifar

Fjármálaeftirlitið varð ekki vart við að lög hefðu verið brotin, í rannsókn sinni á því hvort neikvæðum orðrómi hefði verið dreift um íslenskt fjármálakerfi og íslensku bankanna, í fyrravor.

Í svari eftirlitsins við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að í rannsókninni aflaði erlendur eftirlitsaðili upplýsinga um öll skuldabréfa- og skuldatryggingaviðskipti á ákveðnu tímabili, hjá nokkrum þeim stærstu bönkum sem viðkomandi hefur eftirlit með. Fjármálaeftirlitið nefnir hvorki eftirlitsaðilann né bankana.

Fram kom í rannsókninni að sögn Fjármálaeftirlitsins að fjöldi sjóða hefði átt viðskipti með skuldabréf og tryggingar í Kaupþingi, Glitni og Landsbanka.

Fjármálaeftirlitið segir að þessu hafi verið fylgt eftir og óskaði nánari upplýsinga um viðskipti þeirra sjóða sem bent var á á fyrstu mánuðum síðasta árs.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði á ársfundi bankans í fyrra, eftir að skuldatryggingaálag á íslenska ríkið, sem þá var skuldlaust, hækkaði skarpt, að það lyktaði óþægilega af því að óprúttnir miðlarar hefðu ákveðið að gera úrslitatilraun til að brjóta niður íslenska fjármálakerfið.

Fram kom á opinberum vettvangi um þær mundir að líklega kæmi fátt af viti, eins og það var orðað, út úr athugun Fjármálaeftirlitsins á þessu. Hins vegar kynni hún að vera gagnleg þar sem það sendi þeim sem kynnu að hagnast á íslenskum óförum þau skilaboð að fylgst væri með.



**Á ÁRSFUNDI SEÐLABANKANS Í FYRRA** Í kjölfar vangaveltna um mögulega aðför að fjármálakerfi landsins hóf Fjármálaeftirlitið á því rannsókn með aðstoð erlends eftirlitsaðila. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslensk stjórnvöld hafa aldrei nefnt hina rannsökuðu sjóði. Financial Times nefndi snemma í fyrra sjóðina DA Capital Europe, King Street, Merrill Lynch GSRG og Sandelman Partners. Sigurður Einarsson, þáverandi stjórnarformaður Kaupþings, nefndi svo í viðtali við Markaðinn í apríl fjóra sjóði aðra, Trafalgar, Ako Capital, Cheney og Landsdowne.

# Hagvöxtur misjafn eftir landshlutum

Hagvöxtur var mjög misjafn eftir landshlutum, á árunum 2000 til 2006, samkvæmt nýlegri áætlun Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Hagvöxtur á Norðurlandi var neikvæður á þessum tíma, bæði á Norðurlandi eystra og hinu vestra. Hagvöxtur var langmestur á Austurlandi og skýrist það eingöngu af framkvæmdum við Kárahnjúka og í Reyðarfirði.

Á sama tíma var hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu tæplega 40 prósent. Hann var dálítið misjafn eftir árum, um eitt prósent árið 2002 en varð mestur, á þessu tímabili, árið 2004. Var þá tíu prósent.

Minnstur hagvöxtur á tímabilinu var á Suðurnesjum árið 2003. Þá varð tíu prósenta samdráttur.

Hagvöxtur á Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum og á Norðurlandi var yfirleitt neikvæður árin 2001-2003. Á sama tíma var hagvöxtur á landinu öllu, þrjú, núll og fjögur prósent.

Hagvöxtur á landinu var sjö prósent árin 2004 og 2005. Hann var sex prósent árið 2006 og litillega innan við fimm prósent árið 2007 og rétt neðan við núllið í fyrra. Samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins verður næstum tíu prósenta samdráttur í ár og jafnvægi á næsta ári. - ikh

### ÁÆTLUN UM HAGVÖXT EFTIR LANDSVÆÐUM




# Gogoyoko springur út

„Við höfum möguleika á því að springa út og vantar mikið af starfsfólki," segir Haukur Davíð Magnússon, framkvæmdastjóri og einn stofnenda Gogoyoko.

Gogoyoko er samfélagsvefur ætlaður tónlistarfólki, útgáfum og tónlistarunnendum. Tíu prósent allrar veltu af sölu á vefnum renna til góðgerðarmála. Beta-útgáfa vefjarins fór í loftið í síðustu viku en stefnt er að því að opna allar gáttir hans í apríl.

Fyrirtækið auglýsir eftir sjö nýjum starfsmönnum hið minnsta með þekkingu á ýmsum kimum vefmála og markaðssetningar, auk lærlinga og sendiherra víða um heim. „Draumastaðan er að sjá sendiherra Gogoyoko í stærstu borgum Norðurlanda og í Bandaríkjunum," segir Haukur.

Starfsmenn eru 26 talsins; tíu eru hér, jafn margir starfa við hugbúnaðargerð á Indlandi og tveir í Þýskalandi.

Haukur segir fjölda hæfileikaríkra einstaklinga hafa komið á vinnumarkað eftir bankahrunið hér í október í fyrra. Það hafi gert fyrirtækinu kleift að draga úr starfseminni ytra og leita eftir íslensku starfsfólki. - jab




# Alvöru LÚXUS jeppi sem stenst samanburð...

TOYOTA




| TOYOTA LAND CRUISER VX | 173 hö. |
|---|---|
| *Sjálfstæð fjöðrun á hverju hjóli* | NEI |
| *18" álfelgur* | NEI |
| *Sæti fyrir 7 - Þriðja sætaröð* | NEI |
| *USB tengi fyrir iPod* | NEI |
| *Bakkskynjari* | NEI |
| *Hraðastillir (cruise control)* | **JÁ** |
| *Yfirbygging á grind - Fjórhjóladrif 4x4* | **JÁ** |
| *Leðuráklæði á sætum og rafdrifin framsæti* | **JÁ** |
| *ESP Skriðvörn* | NEI |
| *Litað gler* | **JÁ** |
| *SRS loftpúðar - Ökumann & framsætisfarþega* | **JÁ** |
| *Rafstýrð sóllúga* | NEI |
| *Eyðsla - Innanbæjar (l/100km)* | **11,6 ltr.** |
| *Eyðsla - Utanbæjar (l/100km)* | 7,5 ltr. |
| *Dráttargeta með bremsubúnaði* | 2800 kg |

SSANGYONG




| SsangYong REXTON II RX270 XVT | 186 hö. |
|---|---|
| *Sjálfstæð fjöðrun á hverju hjóli* | **JÁ** |
| *18" álfelgur* | **JÁ** |
| *Sæti fyrir 7 - Þriðja sætaröð* | **JÁ** |
| *USB tengi fyrir iPod* | **JÁ** |
| *Bakkskynjari* | **JÁ** |
| *Hraðastillir (cruise control)* | **JÁ** |
| *Yfirbygging á grind - Fjórhjóladrif 4x4* | **JÁ** |
| *Leðuráklæði á sætum og rafdrifin framsæti* | **JÁ** |
| *ESP Skriðvörn* | **JÁ** |
| *Litað gler* | **JÁ** |
| *SRS loftpúðar - Ökumann & framsætisfarþega* | **JÁ** |
| *Rafstýrð sóllúga* | **JÁ** |
| *Eyðsla - Innanbæjar (l/100km)* | 11,7 ltr. |
| *Eyðsla - Utanbæjar (l/100km)* | 7,5 ltr. |
| *Dráttargeta með bremsubúnaði* | **3200 kg** |

## Rekstrarleiga í íslenskri mynt !!

### Kr. 159.900 á mánuði*

** Rekstrarleiga í 3 ár. Innifalið í leigu er þjónustuskoðun með þrifum, smurþjónusta og ábyrgð á samningstímanum.*

SSANGYONG


ACTYON SPORTS


KYRON


REXTON II

**Reykjavík**
Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000

**Akureyri**
Bílasalan ÓS
Glerárgötu 36
Sími 462 1430

**Reykjanesbær**
Bílahornið hjá Sissa
Brekkustíg 38
Sími 420 3300

Bílabúð Benna
www.benni.is - 590 2000

# *Skoðanakannanir* á óþekktu landsvæði

Kunnugt er að skoðanir fólks til stærstu mála á hverjum tíma sveiflast í takt við efnahagslífið. Viðmælendur Markaðarins hjá tveimur markaðsrannsóknafyrirtækjum segja í samtali við *Jón Aðalstein Bergsveinsson* aðstæður sem þessar aldrei hafa sést áður.

Landsmenn hafa aldrei verið svartsýnni um horfur í efnahags- og atvinnumálum en á þessu ári og ber almenningur lítið traust til stjórnvalda og opinberra stofnana. Þá eru hlutfallslega fleiri landsmenn fylgjandi byggingu álvera hér á landi en áður en talið er að þau geti lyft efnahagslífinu til betri vegar.

Þetta dökka yfirlit er sett saman úr niðurstöðum nokkurra markaðsrannsóknafyrirtækja. Þær lýsa ágætlega stöðunni hér á landi eftir fall krónunnar nær allt nýliðið ár og bankahrunið í byrjun október; hrun sem hefur haft gríðarlega afleiðingar í för með sér fyrir íslenskt efnahagslíf og sér ekki fyrir endann á.

Viðhorf sem þessi eru önnur en fyrir tveimur til þremur árum þegar allt lék því sem næst í lyndi.



**ÓLAFUR ÞÓR GYLFASON** Framkvæmdastjóri MMR telur að skoðanakannanir gefi betur mynd af því hvernig fólk vilji að mál þróist fremur en að endurspegla hvað það ætli að gera. Niðurstöður kannana um fylgi við stjórnmálaflokkana styðji þá skoðun. MARKAÐURINN/ANTON



**GUÐBJÖRG ANDREA JÓNSDÓTTIR** Rannsóknarstjóri hjá Capacent segir líkur á að næstu niðurstöður um könnun á spillingu hér á landi muni gefa aðra mynd en síðustu ár. Lítil spilling hefur mælst hér á landi síðustu ár. Hugtakið var hins vegar endurskilgreint í kjölfar bankahrunsins. MARKAÐURINN/ANTON

### SKOÐANIR SVEIFLAST MEÐ EFNAHAGSLÍFINU

Í ágúst fyrir þremur árum var Sjálfstæðisflokkurinn með 43 prósenta fylgi í skoðanakönnun Capacent. Samfylkingin var með um 25 prósenta fylgi og Vinstri grænir með fimmtung. Framsóknarflokkurinn lá við tíu prósenta fylgi og hefur aðeins lækkað síðan. Þá hafði þáverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar rétt rúman helming landsmanna á bak við sig, samkvæmt niðurstöðum könnunar Capacent.

Hagvöxtur á þessum tíma mældist um 2,7 prósent og atvinnuleysi tiplaði í kringum 1,2 prósentin. Verðbólga mældist 8,6 prósent í mánuðinum og hafði tvöfaldast frá áramótum. Ári síðar lá hún í rúmum þremur prósentunum og átti eftir að fara á það geysiflug sem enn stendur yfir. Rétt rúmlega fjörutíu prósent landsmanna voru fylgjandi aðild Íslands að Evrópusambandinu en einungis rétt rúm fjörutíu prósent voru hlynnt því að taka upp evru sem gjaldmiðil og kasta krónunni.

Um þetta leyti var stuðningsmönnum evruupptöku reyndar að fjölga – hún naut stuðnings 42 prósenta landsmanna en hafði notið 37 prósenta stuðnings árið 2004. Stuðningurinn átti bara eftir að aukast.

Annað umhverfi blasir nú við. Erlendir sérfræðingar í efnahagsmálum spá því að hagvöxtur verði neikvæður um allt að tíu prósent og Vinnumálastofnun sér á bilinu níu til tíu prósenta atvinnuleysi á vormánuðum í spilunum. Þá mældist 18,1 prósents verðbólga í desember á nýliðnu ári en það er rúmlega fimm sinnum meira en fyrir einu og hálfu ári síðan. Raunar reikna flestir







**Kynningarátak** á íslenskum vörum og þjónustu í Kína

**Morgunverðarfundur um kynningarátak á íslenskum vörum og þjónustu í Kína verður haldinn á Grand Hótel 22. janúar kl. 08.45–09.30.**

Sendiráðið í Kína mun annast sameiginlegt kynningarátak á íslenskum vörum og þjónustu en utanríkisráðuneytið og Útflutningsráð standa einnig að verkefninu.

**Pétur Yang Li**, viðskiptafulltrúi við sendiráð Íslands í Peking, mun kynna verkefnið sem ætlað er íslenskum fyrirtækjum sem hafa hug á útflutningi á einn stærsta neytendamarkað heims.

Markmiðið með verkefninu er að auka þekkingu á íslenskum vörum með sameiginlegri gæðaímynd um vörur sem framleiddar eru í hreinu og tæru umhverfi á Íslandi.

Skráning fer fram í síma **511 4000** eða með tölvupósti, **utflutningsrad@utflutningsrad.is**.

**Nánari upplýsingar veita** Andri Marteinsson, **andri@utflutningsrad.is** og Hermann Ottósson, **hermann@utflutningsrad.is**.

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
www.utflutningsrad.is

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
www.utn.stjr.is





**BUSLI** félag ungbarnasundkennara býður upp á ungbarnasundnámskeið víða um land. Á heimasíðu félagsins, ungbarnasund.is, má finna allar upplýsingar um sundlaugar, tíma og kennara.








Ingþór telur ekki mikla hættu á ferðum þótt sverðin sem notuð eru við skylmingarnar séu vígaleg. „Við erum í svo þykkum búningum," segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Alltaf gengið vel og lent einu sæti ofar en síðast

**Ingþór Ingason er einn þeirra Hafnfirðinga sem heillast hefur af skylmingum. Hann er ellefu ára og varð Íslandsmeistari í sínum flokki nú í árslok 2008.**

Áhugi á skylmingum hefur aukist meðal Hafnfirðinga á síðustu árum. Nú stunda þær um 50 manns á aldrinum sex til 53 ára. Einn þeirra er Ingþór Ingason, ellefu ára, sem hefur æft skylmingar með höggsverði í þrjú ár á vegum FH. Heiti íþróttagreinarinnar hljómar vissulega eins og um stórhættulega hegðun sé að ræða og auðvelt er að sjá fyrir sér leikmenn klofna í herðar niður en Ingþór telur ekki að mikil hætta sé á ferðum. „Við erum í svo þykkum búningum og með höfuðhlíf svo við slösum okkur ekki. Sverðið er líka með flötum oddi," segir hann brosandi og kveðst aldrei hafa meitt sig alvarlega.

Ingþór iðkar einnig badminton og er nýhættur í handbolta. En hvað kom til að hann valdi upphaflega að æfa skylmingar?

„Mig langaði það og ákvað bara að prófa. Ég og vinur minn byrjuðum saman en nú er hann hættur. En byrjendum hefur fjölgað mikið í FH."

Ingþór útskýrir leikreglur skylmingaríþróttarinnar af stakri þolinmæði fyrir fáfróðum blaðamanninum. Stellingunum sem byrjað er á að læra og vörnunum sem beitt er gegn andstæðingnum sem fara auðvitað eftir því hvar hann heggur. Algerlega er bannað að höggva í fætur og kostar stig ef það er gert. „Það má bara höggva í gallann og hann nær yfir efri hluta líkamans," útskýrir hann.

Innan FH er æft í þremur skylmingaflokkum eftir getu og Ingþór er í miðflokknum. Æfingar fara fram í íþróttahúsi Víðistaðaskóla og þar mætir Ingþór tvisvar í viku. Þar sem hann býr í Setbergshverfinu er hann oftast keyrður á staðinn. Hann hefur líka keppt á skylmingamótum og fyrir nokkrum vikum náði hann þeim glæsilega árangri að verða Íslandsmeistari í sínum flokki. Það upplýsir hann þó ekki fyrr en eftir langt spjall. Áður hafði hann verið spurður um árangur á mótum og svarað hæversklega: „Mér hefur bara gengið vel og alltaf lent einu sæti ofar en síðast." Kveðst hafa verið óheppinn í fyrra á Íslandsmeistaramótinu þar sem hann hefði tapað tíu/níu í úrslitunum. „Ég var dálítið spældur. En þetta gekk betur núna."

*gun@frettabladid.is*







**UPPVASK** er sagt róa hugann og hafa góð áhrif á sálina. Ef margt er að brjótast um í manni getur því verið tilvalið að gefa uppþvottavélinni frí eitt kvöld og vaska upp á gamla mátann.




NÝKOMINN OG BARA FLOTTUR



teg. 82001 - haldgóður í C,D,E skál á kr. 3.850,- buxur í stíl í M,L,XL,XXL á kr. 1.950,-"

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is





**Gæða skór fyrir góða menn.**
Úrval af herramokkasíum úr leðri, skinnfóðraðir og á vönduðum sóla.
Verð: 10.850.- 11.500.- 12.450.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



ALLT
512 5447
auglýsingasími


# GÓÐ RÁÐ
## fyrir þig og umhverfið



## Garðurinn – Dýrafóður

Áður en farið er út í það að fá sér gæludýr þarf að velta fyrir sér nokkrum hlutum: Hefur þú tíma fyrir gæludýrið? Mjög vel þarf að sjá um öll dýr, fugla og fiska sem ketti og hunda. Mikilvægt er að þau séu á góðu og fjölbreyttu fæði. Þau þurfa einnig mikla hreyfingu og félagsskap. Útivera er mikilvæg fyrir öll dýr, ekki bara hunda og ketti. Farðu með dýrin þín út undir bert loft, hægt er að fara með búrdýr í hlýju veðri út á svalir eða út í garð.

### Af hverju ekki að fá þér dýr sem aðrir eru að reyna að losa sig við?

Af hverju að kaupa dýr, þegar þú getur tekið að þér ketti, hunda, naggrísi og hamstra sem aðrir eru að reyna að losa sig við. Ástin er ekki bundin við ættartölur.

### Ráðlagt er að gelda gæludýrið þitt

Sum gæludýr fjölga sér eins og kanínur í bókstaflegum skilningi. Það er óþarfi að búa til dýr sem verða síðan heimilislaus. Hundar og kettir sem eru geltir lifa lengur þar sem það er minni hætta á að þeir fái krabbamein.

### Ekki láta gæludýrin þín slátra villtum dýrum

Það er skylda að hafa hundinn alltaf í bandi úti við bæði þín vegna og annarra. Láttu breima ketti vera innandyra. Settu bjöllu á kisu vegna þess að hún getur verið ógurlegt rándýr sem ógnar fuglalífi. Íhugaðu að gera kettlinginn þinn að inniketti – þá lifir hann lengur.



*Sjá meira um gæludýr á: http://www.natturan.is/hollrad/568*

**Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund**



Bastkörfur eru hlýlegar að sjá og henta til dæmis vel í hillur. GETTY/NORDICPHOTOS

# Flokkað í körfur

**Í barnaherbergjum leynist mikið af dóti sem einfalt og snyrtilegt er að flokka í körfur.**

Mikið úrval er af ýmiss konar körfum í húsbúnaðarverslunum bæjarins. Má þar til dæmis nefna Ikea, Ilvu, The Pier, Søstrene Grenes og fleiri mætar verslanir. Körfur henta vel til að flokka dót í og þær geta sett fallegan svip á heimilið. Tilvalið er að flokka leikföng í körfur og setja síðan upp í hillu. Þannig verða barnaherbergin mun snyrtilegri og auðvelt er að velja körfu að sínu skapi þegar hentar í stað þess að tæta allt dótið í einu. Körfulausnin getur vissulega gengið á fleiri stöðum eins og í baðherbergjum, svefnherbergjum og víðar. *- hs*


Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is



GEZE
Fyrirtæki - Húsfélög
Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.
Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.
Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.
JÁRN&GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-www.jarngler.is





40% af borðstofuhúsgögnum
FYRIR BÚSTAÐINN OG HEIMILIÐ
Opið: má-fö. 12-18, lau.11-16
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is
Nóra



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



**HÁSKÓLABRÚ KEILIS** er tveggja til þriggja anna nám sem veitir nemendum rétt á að sækja um nám í háskólum. Námið er námslánahæft en nemendur þurfa að hafa lokið ákveðnum einingafjölda á framhaldsskólastigi.



# Nýtist vel á heimilunum

**Tómstundaskólinn í Mosfellsbæ hefur nú sitt fjórða starfsár og í boði eru ýmiss konar námskeið. Þeirra á meðal eru ókeypis prjónanámskeið, páskaeggjagerð, fatasaumur og persnesk matargerð.**

Fyrstu námskeiðin á vegum Tómstundaskólans í Mosfellsbæ voru haldin á vorönn árið 2006. Síðan þá hefur námskeiðum og nemendum fjölgað jafnt og þétt og eru ýmis áhugaverð námskeið í boði á vorönn.

„Við erum með fjögurra vikna fatasaumsnámskeið þar sem kennt er að sauma upp úr gömlu. Hentar það ágætlega í dag þar sem fólk er oft ekki með mikla peninga milli handanna,“ segir Helga Jóhannesdóttir, myndlistarkona og framhaldsskólakennari, en hún er stjórnandi Tómstundaskólans í Mosfellsbæ. „Síðan er frábært páskaeggjanámskeið með Hafliða Ragnarssyni konditorimeistara þar sem fólk lærir að gera sín eigin páskaegg,“ segir hún áhugasöm.



Helga stendur fyrir blómlegu starfi í Tómstundaskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Boðið er upp á tungumálanámskeið og ýmiss konar matreiðslunámskeið. „Við munum líklega bjóða upp á námskeið í persneskri matargerð en Esnat Bragason mun þá kenna það. Hún er frá Íran en hefur búið hér í um fimmtán ár,“ segir Helga og nefnir líka freyðivíns- og kampavínsnámskeið frá Vínskólanum.

Nú er lag að hlúa að sér og sínum og telur Helga að námskeið á borð við þau sem Tómstundaskólinn býður upp á skemmtilega leið til þess. „Í maí verður Hildur Hákonardóttir með námskeið í tengslum við bókina sína Ætigarðinn sem fjallar um hvernig má nýta garðinn betur,“ segir hún. Þar sýnir Hildur hvernig útbúa má ýmiss konar te og nýta jurtir í garðinum. „Við þurfum að vera sjálfbærari og Hildur kann ýmsar leiðir til þess,“ segir Helga.

Einnig er boðið upp á ókeypis námskeið. „Okkur hér í skólanum langaði að gera eitthvað gott á þessum skrítnu tímum. Við ákváðum því að koma á fót prjónakaffi með leiðbeinanda á staðnum. Þetta verður eitt kvöld í viku í fjórar vikur og verður haldið á netkaffi Bókasafns Mosfellsbæjar í Þverholti. Mosfellsbakarí ætlar að gefa bakkelsi með kaffinu og Álafossbúðin veitir afslátt þannig að þetta verður mjög huggulegt,“ segir Helga brosandi.

*hrefna@frettabladid.is*


VILTU BRJÓTAST ÚR BOXINU?

VILTU ...
... ná forskoti?
... efla sjálfstraustið?
... verða betri í mannlegum samskiptum?
... bæta tjáningarhæfnina?
... efla leiðtogahæfileikana?
... draga úr áhyggjum streitu og kvíða?
... setja þér raunhæf markmið?
... bæta þig í tímastjórnun?

**NÆSTU NÁMSKEIÐ:**
Þriðjudaginn 27. janúar kl. 18-22
Miðvikudaginn 18. febrúar 8.30-12

**Akureyri** 13., 14. og 15. mars kl. 9-17

**Kynningarfundur 22. janúar**
Kl. 20-21.15, Ármúla 11, 3. hæð

Kynntu þér námskeiðin okkar á **www.dalecarnegie.is** eða í síma 555 7080

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

Beinum athyglinni að einstaklingnum á ný með Dale Carnegie þjálfun - upprunalegu og enn bestu leiðinni til að þróa mannlegu hliðina í viðskiptum.



## Áhugaverð og gagnleg námskeið fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins

### Skyndihjálp – 4 stundir
Fyrir þá sem vilja öðlast grunnfærni í að beita skyndihjálp, endurlífgun og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum.

### Skyndihjálp – 16 stundir
Fyrir þá sem vilja öðlast grunnfærni í að beita skyndihjálp, endurlífgun og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum og auka færni í að meta einkenni algengra sjúkdóma og áverka. Námskeiðið veitir einingu í framhaldsskóla.

### Slys á börnum
Fyrir þá sem vilja læra að þekkja orsakir og varnir gegn slysum á börnum, þroska þeirra, endurlífgun og sálrænum stuðningi við börn.

### Grunnnámskeið Rauða krossins
Fyrir þá sem eru að hefja störf fyrir félagið og/eða hafa áhuga á að kynna sér starfsemi þess. Fjallað er um upphaf, sögu og hugsjónir Rauða kross hreyfingarinnar og helstu áherslur í starfi félagsins innanlands og utan.

### Heimsóknavinanámskeið
Fyrir þá sem eru að hefja störf sem heimsóknavinir. Fjallað er um hugsjónir Rauða krossins og hlutverk sjálfboðaliða.

### Sálrænn stuðningur
Fyrir þá sem vilja fræðast um sálrænan stuðning, læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju.

### Félagsleiðbeinandi barna af erlendum uppruna
Fyrir þá sem vilja aðstoða börn af erlendum uppruna við að kynnast samfélaginu og verða virkir þátttakendur í því.

### Viðhorf og virðing
Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem vilja vinna gegn fordómum og mismunun gagnvart minnihlutahópum þar sem mannúð, hlutleysi og óhlutdrægni eru höfð að leiðarljósi. Á námskeiðinu er velt upp viðhorfum okkar og annarra og þátttakendur fá á skemmtilegan hátt að horfast í augu við eigin fordóma. Áhersla er lögð á virka þátttöku og hópavinnu.

### Félagsvinur - mentor er málið
Gefandi verkefni fyrir konur sem hafa áhuga á því að kynnast menningu annars lands og um leið að opna dyr að samfélaginu fyrir erlendum konum.

### Börn og umhverfi
Fyrir 12-15 ára unglinga sem vilja læra umgengni og framkomu við börn, skyndihjálp og þekkja algengar slysahættur í umhverfinu.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 565 2425 og á raudikrossinn.is. Einnig er hægt að skrá sig í sjálfboðamiðstöðvum eða með tölvupósti á hofudborgarsvaedi@redcross.is.

**Sjálfboðamiðstöðvar Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu:**
Reykjavíkurdeild, Laugavegi 120, sími 545 0400. reykjavik@redcross.is.
Kópavogsdeild, Hamraborg 11, sími 554 6626. kopavogur@redcross.is.
Garðabæjardeild, Hrísmóum 4 Garðatorgi, sími 565 9494. gardabaer@redcross.is.
Hafnarfjarðardeild, Strandgötu 24, sími 565 1222. hafnarfjordur@redcross.is.

Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is



;ALLT TÍSKA

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María 512 5473
Hugi 512 5447

## KEYPT & SELT

### Til sölu



Til sölu teikningaskápar. Uppl. í s. 568 8899 & 699 2635.

**Evrur óskast**
**Óska eftir að kaupa evrur og dollara.**
**Regent Accounts Ltd Uppl. gefur Sverris í s. 618-7001**




**Evrur og dollarar til sölu!**
**Evrur og dollarar til sölu!**
**Uppl. í s. 693 6445.**




**Stubbastandar**
Burt með sóðaskapinn!Utanhúss öskubakkar,bæði standar og á vegg. Standur ehf. S. 842 2535 stubbastandur@gmail.com

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. 28" TV á 10þ. Eldavél á 8þ. Þvottavél á 15þ. Bílahátalarar á 5 þ. Rúm á 5 þ. Barnakerra á 1þ. Glerborð á 5þ. 20" TV á 5þ. 15" Tölvuflatskjár á 10 þ. 4 Legacy 15" álfelgur á 5þ. 4 stk. dekk 175/70R13 á Nissan álfelg. á 20þ. Stórt borð á þ. Hljómfluttningstæki á 5þ.Subaru Legacy st '95 sk. '09. S. 896 8568.

**Viltu gera góð kaup?**
Shefterfield sófasett, 3+1+1 með háu baki, dökkbrúnt. Allt setttið á 45 þ. Hjónarúm, hvítur hiluskápur og 2 sófaborð, allt saman á 10þ. Uppl. í s. 588 3782 & 865 5271.

### Óskast keypt

Óska eftir að kaupa ískáp fyrir lítið, má vera lítill. Uppl. í s. 895 1710.

### Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

### Til bygginga

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

### Verslun













## HEILSA

### Heilsuvörur




9 Daga Aloe Vera Hreinsiprógram! S. 772 2885 Sigríður & Kristján, 435@aloelive.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

### Fæðubótarefni

Perform.is - Landsins mesta úrval af fæðubótarefnum. 10-30% afsláttur í janúar!

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

### Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Heilnudd Heilnudd. Uppl. í s. 616 7232.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

### Snyrting

Kolbrún Guðnadóttir fótaaðgerðafræðingur opnar stofu í húsi Gigtarfélagsins, Ármúla 5 - S. 530 3600 & 845 0527. Opið þri.-mið. 10- 21 og lau. 10-16.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið




**Nuddarar og græðarar athugið**
**Námskeið í Theraputic Touch verður haldið helgina 20. til 23. febrúar. Trancheilunarnudd fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Kennari Hannes Jacob. Einkatímar í boði.**
**Nánari upplýsingar og skráning í símum 848 1314 og 695 3035 eftir kl 17:00 daglega.**

### Þjónusta




### Til sölu



SCHOOL OF ICELANDIC

**INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE**
ICELANDIC Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 19/1, 16/2, Level II: 7 w; Md/Wd/Frd; 20-21:30: 16/2, 6/4. Level III: 10 w Tsd/Thsd: 20-21:30: 20/1, 31/3. Level IV:10 w; Sat/Sun 14-15:30: start 17/1, Level V: 10 w Sat/Sun 10-11:30: start 17/1. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

Nýtt Kerfisstjóranám Rafiðnaðarskólans hefst 2. feb. Bættu Microsoft í ferilskrána. www.raf.is 8632186.

## Flug



**Viltu læra að fljúga?**
**Skráning stendur yfir á einkaflugmanns-, atvinnuflugmanns-, flugkennara- og áhafnasamstarfsnámskeið sem byrja í janúar.**
**Kynntu þér málið á www.flugskoli.is eða í síma 514 9400.**

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Erum m/2 mini Pinscer til sölu v/ fluttninga. AÐEINS GÓÐ OG REGLUSÖM HEIMILI KOMA TIL GREINA. S. 770 3319.

**Hundabúr**
Hundabúr til sölu - plastbúr fyrir ca. sheffer eða labrador. S. 699 4997.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

húsaleiga.is
Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

LMH.IS Leigumiðlun Hafnarfjarðar 517-0150
Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði www. LMH.is. Sími 517 0150.

**Til leigu**
**Góð 2ja her. íbúð í 109 Rvk. Langtímaleiga.**
**Upplýsingar í síma 699 6464**

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

BÚSETI
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

**3-4 herbergja íbúð í 101 Rvk**
**Til leigu 90 m2 íbúð á besta stað í 101, getur leigst með húsgögnum. Skammtíma eða langtímaleiga verð 120 þús á mánuði Uppl. Gefur Sverrir í s. 661-7000**

Leigusali auglýstu FRÍTT* Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488
*m.v. 10 daga

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 38 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 38.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**

Flott 1-2 herb. íbúð í hfj til leigu. 72 þús. á mán. Uppl. í s. 862 4410.

Björt og falleg, nýlega standsett 40 fm 2ja herb. íbúð í bílskúr á svæði 105. V.80 þús. m. rafm. & hita. Laus frá 1.feb. Uppl. í s. 699 8587.

4 herb. íb. m/húsg. í Steinhellu Hafnarf. mjög rúmg. 105 m2, 2 sturtur. V.100þ. Uppl. í s. 863 8099.

Nýuppgerð 75fm íbúð á Amtmannstíg 5 til leigu. Verð pr. mán 100þ. Á sama stað mjög gott herb. 45 þ. Uppl. í s. 698 9608.

Til leigu lítið herb. á sv. 105. Með sameig. eldh. & baðh. Uppl. í s. 895 1441. e.kl 16.

Frábær staðstetning með einstöku útsýni.. 115fm íbúð í 101, til langtímaleigu, ef óskast. öll heimilistæki og húsgögn fylgja. Uppl. í s. 695 5707.

Glæsileg, mubluð íbúð í hjarta 101: 60 fm, hitað og merkt einkabílastæði, mubluð og útbúin með öllu, heimabíó, svalir, laus frá 1. febrúar, langtímaleiga, 110 þús. óverðtryggð. 821 2440 (Einar) eða 899 3883 (Halla)

3ja herb. 105 fm. útsýnisíbúð í Mosó. Stutt í leiksk., grunnsk., sundlaug, golfvöll og til Rvk. Laus strax. S. 868 1923.

Til leigu falleg 90fm 3 herb. íbúð í Hfj. nh. með sérinng. Laus. Uppl. í s. 857 5725.

Ný 60m2,íbúð miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarhrauni", 3 herbergja tvö stór svefnherbergi. Húsaleigubætur fást á þessa íbúð. Aðstaða fyrir þvottavél og þurrkara í íbúðinni!! En einnig er sameiginlegt þvottahús m. þvottavél og þurrkara. Upplýsingar í s. 699 5595 milli 13:00 og 18:00.

Ný 32m2 studio íbúð miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarhrauni", með eldhúskrók og baðherbergi. Húsaleigubætur fást á þessa íbúð. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni m. þvottavél og þurrkara!! Laus um næstu mánaðarmót!! Upplýsingar í s. 699 5595 milli 13:00 og 18:00.

58fm 3 herb. íbúð í hfj til leigu, 1 herb. og þvottahús í kjallara. laus strax, 90þ. á mán. m. rafm. + hita. Ískápur og fl. S. 866 0734.

Breiðholt - Bakkasel 3 herb. 92fm kj. í raðhúsi. laus 1.feb. leiga 105þús. + rafm. Uppl. í s. 691 4242.

105 Laugardalur Ljómandi 4-5 herb. íbúð á Rauðalæk. Hentar fjölskyldu eða samhentum vinum. Upplýsingar í s. 892 0104.

Tvggja herb. íbúð við Skúlagötu í lyftuhúsi með bílskýli til leigu. Verð 105.000 Uppl. í síma 698 7717.

**Til leigu.**
Engjateigur 19 ( Listhúsið Laugardal) penthouse íbúð. Nýtist einnig vel sem skemmtileg skrifstofa. 100fm leiga 150þ.Upplýsingar í síma 894 3110 og 840 1616.

**Til leigu.**
Kleppsvegur 56 100fm 4h leiga 110þ. Uppl. í síma 894 3110.

**Til leigu.**
Framnesvegur 40 Innréttaður bílskúr 35fm leiga 65þ. Uppl. í síma 840 1616.

**Til leigu.**
Framnesvegur 42 stúdíó-íbúð 55fm leiga 70þ. Uppl. í síma 840 1616.

**Til leigu.**
Kirkjuvellir 3 130fm 4h leiga 130þ. Uppl. í s. 894 3110.

4ra herb. íbúð í neðra Breiðholti til leigu. Íssk., þvottav., þurrk. og uppþvottav. geta fylgt með. Leiga 100þús m/hússj. S. 692 0782

4ra Herbergja íbúð í Hfj. Til leigu 98fm íbúð í fjórbýlishúsi í Hafnarfirði. Sérinngangur. Leiga 120þ. Uppl.865 7101

30-120 fm geymslu- og atvinnuhúsnæði til leigu í Gbr. Uppl. í s. 844 1011.

Til leigu nokkrar góðar stúdíó íbúðir í Austurstræti 3 101, allar með wc, sturtu og eldunaraðstöðu, verð frá 65.000 - 125.000 fer eftir stærð. Við Mýragötu 16, 101 Rvík til leigu 2ja herb. íbúð á jarðhæð leigist með öllum húsbúnaði, leiguverð 125.000. upplýsingar í sima 690 3031

Rúmgott herbergi í 101 til leigu með aðgangi að baði og eldhúsi. Uppl. í s. 770 6090.

Studio íbúð og herbergi með privat baðherbergi til langtímaleigu að Staphrauni 2, Hf. Allt innifalið, frítt internet. S: 893 6060

**Lækkuð leiga og engin vísitöluhækkun út árið 2009 !!**
Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfossi, Þorlákshöfn, Akranesi, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða S. 517 3440.

Falleg 60 fm 2 herb ibud til langtima leigu i 104. S: 8447829

Til leigu 4 herb íb Skugga 101R, svalir, bílsk. 150þ mán+hússj. m/hita. S8249098

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

3-4 herbergja íbúð á sv.107 óskast. Helst með húsg. Uppl. í s. 863 8099.

Óska eftir íbúð til leigu í 1 dag v/kvikmyndatöku. Hægt þarf að vera að sjá eldhús úr stofu. Gr. 30þ. fyrir afnot. Áhugasamir hafið samband á sfx@internet.is

Óska eftir 3ja - 4a herb. íbúð í smárahverfi eða hvömmunum í kóp. frá 1 feb. S. 840 5405.

Óska eftir stúdío íbúð eða 2ja herb á leigu. Er í fastri vinnu og áreiðanlegur. Uppl. í s. 845 5546.

2ja - 3ja herb. íbúð óskast helst í 101. Reglusemi og öruggum gr. heitið. S. 869 9396.

Par, reyklaust og reglusamt, óskar eftir 2-3ja herb. íbúð til leigu í Reykjavík, 101-107. Greiðslug. 90 þús. Uppl. 866 1242

## Sumarbústaðir

Til leigu eitt af glæslulegustu sumarhúsum á landinu! 140 fm er á bökkum Brúarár í Leyni Bláskógarbyggð. Vikul. 70þ. Helgarl. 40þ. Uppl. í s. 893 8767 & 848 8881.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 107 m2 mjög snyrtilegt iðnaðar/skrifstofupláss í Hfn. 35m2 vinnusalur. Stór hurð 4,2m og flísar. Tvær 36m2 skrifstofur með öllum lögnum og smáeldhús. Upplagt fyrir hönnun, skrifstofur, heildsölu, léttan iðnað. S. 6601060

Pláss til leigu á Smiðjuvegi, 320 fm. Hentar vel fyrir heildsölu eða lager. S: 8960551.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
**Bílageymsla s. 864 3176.**

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

vísir.is "...ég sá það á vísi"

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

56M2 BÍLSKÚR TIL LEIGU v/HELLISGÖTU Í HAFNARF. 46þús á mán + rafm. S: 865 0046

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖF**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Gisting á hálfvirði fram til 1. apríl 2009. Nánari uppl. í s. 891 8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Smiður**
**Óskum eftir að ráða smið með meistara eða sveinsréttindi.**
**Uppl. í s. 661 0117 Rúnar.**

MODUS hárstofa
HÁRSNYRTIFÓLK Óskum eftir fólki í stólaleigu 50% eða 100%. Hafið samband í síma 866 1172 eða 898 3555.

## Þjónusta

**Tölvuviðgerðarþjónusta á góðu verði**
**Tek að mér nokkurn veginn hvað sem er tölvu og tæknitengt:**

- Uppsetningu á stýrikerfum
- Allsherjar yfirfærslum á tölvum
- Uppfærslur
- Vírushreinsanir
- Ísetningar á íhlutum og uppsetningu
- Gagnabjörgun á bæði sýktum og skemmdum diskum
- Get komið í heimahús á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjunum

Ég er menntaður tölvunarfræðingur og hef unnið sem tæknimaður í 3 ár hjá virtu tölvufyrirtæki.
Er heiðarlegur, vinalegur og sanngjarn.

**Hafið samband í netfangið mitt taeknilausn@gmail.com eða í síma 894-5264**

## TIlboð




## Til leigu

**Atvinnuhúsnæði – einstaklega gott tækifæri**

Sjaldan hefur verið eins áríðandi og nú að taka til í rekstri og hagræða. Höfum til leigu í Skeifunni 9, 250 fm húsnæði á 2. hæð með sér inngangi tilbúið til notkunar með skömmum fyrirvara. Frí húsaleiga fyrstu mánuðina meðan verið er að koma sér fyrir á nýjum stað og aðlaga húsnæðið rekstrinum. Eftir það ódýrasta húsaleiga sem finnst á markaðnum. Hentar hvort sem er fyrir skrifstofur eða léttan iðnað. Sjón er sögu ríkari komið og lítið á staðinn.
**Upplýsingar gefur Tryggvi í síma 892 5997.**

**Til leigu í Kaupmannahöfn – einstakt tækifæri.**
Raðhús á góðum stað. Þrjú svefnherbergi, fullbúið húsgögnum og heimilistækjum. Engin flutningskostnaður. ADSL tenging, bílskúr og lítill fallegur garður. Mjög stutt í skóla og leikskóla. Stutt í lest, strætó, verslanir og á strönd. Sanngjörn leiga sem má greiðast í ísl. kr. fyrstu 2-3 mánuðina. Laust fljótlega. **Upplýsingar í síma 892 5997.**

## Þjónusta



## Verkefnaöflun

Iðnaðarfyrirtæki óskar eftir starfsmanni til verkefnaöflunar. Umsóknir sendist á stjornustal@stjornustal.is

MATRÁÐUR óskast til starfa á Meðferðarheimilið í Krýsuvík- Áhugasamir leggi inn umsókn á netfangið lovisa@krysuvik.is KRYSUVIK.IS>

## Atvinna óskast

49 ára karl óskar eftir fullu starfi. Flest kemur til greina, er með lyftarapróf. S. 849 2029 og 565 1353.

46 ára kona óskar eftir kvöld og helgarvinnu, flest kemur til greina. S. 849 2110 og 565 1353.

Ég er verkamaður og vantar vinnu. S. 848 5071.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Ripper af Hitachi 130 hjólavél var stolið við Frygðarbrunn 45 (Úlfarsfell) dagana 9-12 jan. Allir sem hafa uppl. hafið samband í s. 892 1882, fundarlaun í boði.

Ídráttarkerru á hjólum var stolið við afleggjarann við nýja Arnarnes. Blá á lit, auðþekkjanleg. S. 892 1882, fundarlaun í boði.

Tapast hefur Dísa páfagaukur í Völvufelli. Finnandi vinsamlegast hafið samband í s. 865 1744.

## Tilkynningar

Ekið var á bíl af gerðinni rauður Opel Vectra síðastl. sunnud. á bílastæði í Heiðmörk. Ökumaður ók á brott en talið er að hann hafi verið á gráum VW Toureg. Sá er væntanlega þó nokkuð skemmdur. Vitni og þeir sem vita til samkonar bíls sem er skemmdur vinsamlega hafið samband í s. 822 4458.

## Einkamál


**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)


## Til sölu

**Hársnyrtistofa í Mosfellsbæ til sölu vegna barneigna**

Opnaði í september og er því glæný :)
Heimasíða fylgir. Fæst á mjög góðu verði, lág húsaleiga.

Frábært tækifæri fyrir þá sem vilja ráða sér sjálfir.

Hentar einnig nokkrum saman þar sem húsnæðið býður upp á mikla mögleika.

**Upplýsingar í síma 896-4279**


# Fasteignablað Fréttablaðsins

**Viðar Ingi Pétursson**
s. 512 5426
vip@365.is

**Hrannar Helgason**
s. 512 5441
hrannar@365.is

Hringdu í síma
**512 50 60**
ef blaðið berst ekki




## Íbúð til leigu

Björt og snyrtileg 2ja herb. íbúð í tvíbýli á góðum stað í **Vesturbæ Rvk.** til leigu. Hentar vel fyrir einstakling, par eða par m/ungt barn. Leigist með húsgögnum og húsbúnaði.

**Verð: 95þ. Nánari upplýsingar í síma: 897-0120**



## Florida

**TIL LEIGU 300 FM HÚS VIÐ EAGLE CREEK, SEM ER EINN BESTI GÓLFVÖLLURINN Í ORLANDO.**

4 svefnherbergi, einkasundlaug, barnarúm, þráðlaust internet.
Húsið er í hverfi sem er vaktað allan sólarhringinn.

**Nánari upplýsingar veitir Guðrún Helga í síma 6907060**

FASTEIGNAMÁL husasala.is

**Eftirfarandi eign óskast til leigu frá 1.mars 2009**

- **Fyrir háskólaprófessor.** Hæð eða einbýli í hverfum 101 eða 107 fyrir traustan erlendan aðila. Eignin þarf að vera með góðu aðgengi fyrir aldraða, a.m.k. 2 baðherbergjum og 4 svefnherbergjum. Verðhugmynd 250 - 400 þús. 2-3 ára samningur.

**Nánari upplýsingar veitir Elísabet Agnarsdóttir lögg.fasteignasali í símum 471-1000 og 824-5003 eða elisabet@fasteignamal.is**

SORPA SORPSTÖÐ SUÐURLANDS KALKA Sorpeyðingarstöð Suðurnesja Sorpurðun Vesturlands

# Kynning á svæðisáætlun ásamt umhverfisskýrslu

Til kynningar er tillaga að endurskoðaðri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs hjá 34 sveitarfélögum á Suðvesturlandi fyrir tímabilið 2009 – 2020 ásamt umhverfismati áætlunarinnar. Fyrir liggur samþykkt svæðisáætlun fyrir sama svæði frá desember 2005 og byggir endurskoðunin á henni.

**Í samræmi við 7. gr. laga nr. 105/2006 er tillagan nú auglýst ásamt umhverfisskýrslu og er gefinn 6 vikna frestur til að koma á framfæri athugasemdum varðandi umhverfisáhrif áætlunarinnar.**

Tillögu að endurskoðaðri áætlun ásamt umhverfismatsskýrslu er að finna á heimasíðunni www.samlausn.is og á heimasíðum sorpsamlaganna.

Athugasemdir skal senda með tölvupósti á netfangið samlausn@mannvit.is eða bréflega á skrifstofu Mannvits hf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík fyrir 1.mars 2009, merkt; Gunnar Herbertsson/Teitur Gunnarsson.

sérfræðingar með að draga muni úr henni þegar á líður árið.

En ljóst er að umhverfið hér á landi er gjörbreytt frá því sem áður var.

Líkt og fram hefur komið nýtur ríkisstjórnin nú stuðnings minnihluta þjóðarinnar (36 prósent), sem þó er aukning frá lokum síðasta árs. Þá hefur stuðningur landsmanna við Sjálfstæðisflokkinn farið sömu leið og gömlu bankarnir en aðrir flokkar bætt við sig. Vinstri grænir langmest, en samkvæmt síðustu tölum Capacent var stjórnmálaflokkurinn sá stærsti á landinu með 29 prósenta fylgi í enda síðasta árs. Á sama tíma stóð Samfylkingin á svipuðu róli og fyrri ár.

Stuðningur við Evrópusambandið og upptaka evru í stað krónu jókst nokkuð um svipað leyti og gengi krónu tók að lafa ískyggilega mikið á vordögum í fyrra eftir nokkuð jafnan vöxt frá 2005. Í kringum bankahrunið tók það svo flugið og hefur stuðningur við bæði aðildarviðræður íslenskra stjórnvalda og upptöku evru aldrei verið meiri en nú – 65 prósent landsmanna eru hlynnt aðild að Evrópusambandinu en 68 prósent vilja kasta krónunni fyrir evruna, samkvæmt nýjustu könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins í nóvember í fyrra. Stuðningur hefur ekki verið meiri frá því mælingar til viðhorfs landsmanna gagnvart evrunni voru fyrst gerðar í ágúst árið 2001.

**SPILLING MÆLIST Á ÍSLANDI**

„Ég held að fólk hafi endurskilgreint hvað það er að vera spilltur," segir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknarstjóri Capacent, um niðurstöður næstu könnunar fyrirtækisins. Capacent hefur mælt spillingu hér á landi í samstarfi við alþjóðlegu samtökin Transparency International um áraraðir.

Samtökin berjast gegn spillingu og birta ár hvert lista yfir þau lönd þar sem spilling er greind eftir ákveðnum þáttum. Ísland hefur síðustu ár verið í efstu sætum í könnuninni yfir þau lönd sem þykja minnst spillt og viðhafa heiðarleika og gagnsæi í viðskiptum sínum.

Síðasta könnun var gerð hér í nóvember á nýliðnu ári.

„Ég held að næstu niðurstöður gefi svolítið aðra mynd en Íslendingar eiga að venjast," segir Guðbjörg og bendir á að umræðan um spillingu og náin tengsl einstaklinga hafi verið fólki ofarlega í huga eftir bankahrunið og valdi endurskilgreiningunni á hugtakinu sem skili sér í öðrum niðurstöðum en síðustu ár. Verið er að vinna úr þeim um þessar mundir.

**ÓÞEKKT SVÆÐI**

Ólafur Þór Gylfason, framkvæmdastjóri Markaðs- og miðlarannsókna (MMR) segir einkennilega stöðu komna upp. Á árum áður hafi landsmenn umgengist skoðanakannanir með öðrum hætti en í dag og tekið þátt með það fyrir augum að svara eftir bestu vitund.

„Nú er fólk meðvitað um tilgang rannsókna. Að vissu leyti svarar fólk á þá lund sem það vill að tiltekin mál þróist frekar en það sem það sjálft kýs," segir hann og bendir á niðurstöður kannana um fylgi stjórnmálaflokkanna upp á síðkastið. Af þeim megi greina að fylgismenn Sjálfstæðisflokksins þvingi flokkinn til að taka upp ákveðin málefni á sína könnu með hótun um að þeir ætli að kjósa Vinstri græna. Þrýstingur aukist frekar á flokkinn þegar stuðningurinn við vinstriöflin komi úr röðum þeirra sem sögðust áður hafa kosið hægriflokk.

„Mögulega segjast mun fleiri ætla að kjósa vinstriflokkana en ætla að gera það. Með því móti gefa þeir til kynna hvaða stefnu stjórnmálin eigi að taka," segir hann og bendir á að viðlíka ályktanir megi draga af niðurstöðum kannana um neysluvenjur og fleira í þeim dúr.

„Ég held að kannanir gefi betur mynd af því hvernig fólk vill að mál þróist en endilega að niðurstöðurnar endurspegli hvað það ætlar að gera," segir Ólafur.

Hann segir umhverfið hér eftir bankahrunið og efnahagsþrengingarnar ókortlagðar. „Menn vita ekki hvernig þetta var áður. Traust á forseta, stjórnmálamenn og opinberar stofnanir hefur nær undantekningarlaust verið mikið. Nú er þetta undir þrjátíu prósentum og það er nokkuð sem við höfum ekki upplifað áður," segir hann en bætir við að ekki sé vitað hversu djúpt vantraustið risti. „Við sjáum reyndar af þeim mótmælum upp á síðkastið að það ristir nokkuð djúpt."

Ólafur segir þetta áhugaverða tíma sem sé nauðsynlegt að skoða í þaula enda megi reikna með afar dýrmætum niðurstöðum um hegðun einstaklinga við einstakar aðstæður. Þá megi jafnframt nýta niðurstöðurnar til að meta árangurinn af ákvarðanatöku síðar meir. „Ef við mælum ekkert í dag þá gerum við það aldrei því þetta ástand mun – vonandi – aldrei koma aftur."




© 2009 KPMG hf., íslenski aðilinn að KPMG International, svissnesku samvinnufélagi. Öll réttindi áskilin.

# Skattadagur KPMG

## Ráðstefna um skattamál og tengd málefni

**Fimmtudaginn 22. janúar kl. 8:30**

**Föstudaginn 23. janúar kl. 14:00**

**Skrifstofur KPMG Borgartúni 27 8. hæð**

Á skattadegi KPMG fræðist þú um skattaumhverfið á Íslandi, breytingar á því og áhrif þess á fyrirtæki og einstaklinga. Ráðstefnan er öllum opin og er aðgangur ókeypis. Vinsamlegast skráið þátttöku á vef KPMG, www.kpmg.is.

Áætlaður fundartími er 2,5 klst. með kaffihléi og er sama dagskrá báða dagana.
Á fimmtudeginum er gestum velkomið að þiggja morgunverð á milli kl. 8:00 og 8:30.

## Dagskrá

- **Kynning**
  Alexander G. Eðvardsson, yfirmaður skattasviðs
- **Skattalagabreytingar á liðnu ári**
  Sigurjón Högnason, sérfræðingur á skattasviði
- **Helstu réttarreglur um greiðslustöðvun og nauðasamninga**
  Halla Björg Evans, sérfræðingur á skattasviði
- **Staða og ábyrgð stjórnenda við gjaldþrot fyrirtækja**
  Símon Þ. Jónsson, forstöðumaður á skattasviði
- **Skattaleg meðferð tapaðra krafna og fjárfestinga**
  Guðrún Björg Bragadóttir, sérfræðingur á skattasviði
- **Leiðréttingaskylda virðisaukaskatts vegna fasteigna við gjaldþrot**
  Soffía Eydís Björgvinsdóttir, sérfræðingur á skattasviði
- **Aðild að ESB – Skattaleg áhrif á íslensk fyrirtæki**
  Ágúst Karl Guðmundsson, sérfræðingur á skattasviði
- **Álitamál tengd eftirgjöf skulda og tapi af fjárfestingum einstaklinga**
  Elín Alma Arthúrsdóttir, deildastjóri hjá ríkisskattstjóra



Hægt er að nálgast rafræna útgáfu Skattabæklings KPMG og Tax Facts á vefsíðunni www.kpmg.is/skattabaeklingur

Ráðstefnan veitir 2 einingar í endurmenntun hjá FLE

AUDIT ▪ TAX ▪ ADVISORY

KPMG

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Endurnýjun þarf á æðstu stöðum. Sækja verður strax um aðild að Evrópusambandinu og kasta krónunni.

# Glöggt er gests augað

Óli Kristján Ármannsson

„Útlit er fyrir að árið 2009 verði eitt það erfiðasta í hagsögu undanfarinna áratuga. Óvissuþættir sem varða stöðu þjóðarbúsins og fjármál ríkisins eru verulegir.“ Þetta segir í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins og varla ofsagt að óvissa sé mikil um framhaldið.

Óvissan snýr ekki síst að því hvernig æðstu ráðamönnum þjóðarinnar tekst að vinna úr þeirri stöðu sem upp er komin. Þá er sú spurning áleitin hvort þeir ættu ekki að stíga til hliðar, jafnskjótt og auðið verður og eftirláta öðrum starfann.

Glöggt er gests augað, í það minnsta stundum. Hér hefur verið gestkomandi Willem H. Buiter, prófessor í stjórnmálahagfræði við London School of Economics. Hann er einn af fremstu hagfræðingum heims og vert að leggja við hlustir í greiningu hans á aðstæðum þjóðarinnar. Kannski ekki síst fyrir þær sakir að í apríl í fyrra sagði hann til um fall bankanna, og þá af réttum ástæðum. Hér hafði verið byggt upp risastórt bankakerfi viðkvæmt fyrir áhlaupi, þar sem ríkið hafði enga burði til að standa að baki því.

Buiter bendir réttilega á að trúverðugleiki íslenskrar efnahagsstjórnunar hafi beðið skipbrot og útséð um að byggja traust á gjaldmiðlinum á ný með þá sömu við stýrið og stýrðu honum í þrot. Gjaldeyrishöft þurfi að vera allt þar til búið sé að koma nýju fólki til verka. Hann telur upp að í eftirfarandi embættum þurfi að skipta um fólk: forsætisráðherra, fjármálaráðherra, seðlabankastjóra og forstjóra Fjármálaeftirlits. Líkast til er þetta rétt, burtséð frá því um hvaða persónur er að ræða eða hvaða varhug menn gjalda við því að „persónugera vandann“.

**Buiter bendir réttilega á að trúverðugleiki íslenskrar efnahagsstjórnunar hafi beðið skipbrot og útséð um að byggja traust á gjaldmiðlinum á ný með þá sömu við stýrið og stýrðu honum í þrot. Gjaldeyrishöft þurfi að vera allt þar til búið sé að koma nýju fólki til verka.**

Brýnasta málið er að leggja fram trúverðuga stefnu til framtíðar með áherslu á stöðugleika, traust regluverk og opið hagkerfi. Vísasta leiðin til þessarar framtíðar er með aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru.

Líkast til gera sér fáir í hugarlund það ástand sem hér getur skapast í viðvarandi og miklu atvinnuleysi þar sem fyrirtæki fara unnvörpum á hliðina í vaxtaokri og gjaldeyrishöftum. Finnar gengu í gegnum fjármálakreppu í byrjun tíunda áratugarins og lýstu tveir fyrirlesara reynslu Finna á fundi sem Samtök atvinnulífsins og fleiri stóðu fyrir í gær. „Ástandið var svo hryllilegt að erfitt er að gera sér í hugarlund að það gæti endurtekið sig nú,“ sagði Anders Blom, formaður PL, samtaka einkafyrirtækja í Finnlandi. Félagsleg vandamál tengd atvinnumissi urðu yfirþyrmandi. Hann segir að á 50 ára tímabili hafi um 35 þúsund látið lífið í umferðarslysum í Finnlandi. Á sama tímabili höfðu hins vegar yfir 55 þúsund karlar fyrirfarið sér. Félagsleg vandamál eru enn þá viðvarandi í Finnlandi og atvinnuleysi enn mikið. Þó var farin sú leið að viðhalda öflugu velferðarkerfi þar sem atvinnulausir héldu 60 til 70 prósentum af fyrri tekjum.

Anders Blom lagði hins vegar áherslu á mikilvægi þess að bjarga fyrirtækjum lands sem lendir í svo djúpri efnahagslægð. „Fyrirtækin sjá fólki fyrir vinnu og eru um leið farvegur ríkisvaldsins til að innheimta skatta samfélaginu til handa. Án fyrirtækjanna gengur það ekki,“ sagði hann. Ef stjórnvöldum hér er alvara með að bjarga því sem bjargað verður, þá verða þau líka að hafa manndóm í sér til að ganga í þær aðgerðir sem duga til að byggja upp trúverðuga efnahagsstjórn á ný. Trúverðugleika, sem vel að merkja hefur bein áhrif á þau kjör sem ríkinu kemur til með að standa til boða í þeim risalántökum sem þarf til að reisa hér við efnahagslífið á ný.

ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is




# Stórfyrirtækjum er það ljóst

ORÐ Í BELG



Guðmundur Arnar Guðmundsson markaðsstjóri.

Allir stjórnendur skilja nauðsyn þess að halda starfsmönnum upplýstum. Þeir taka því hins vegar oft sem gefnu að starfmenn viti fyrir hvað fyrirtækin þeirra standa. Raunin er oft önnur því á sumum stöðum hafa starfsmenn ekki hugmynd um það. Á öðrum stöðum er þekkingin til staðar en þeir hafa hins vegar ekki þau tól né umboð til þess að geta unnið samkvæmt því. Í þessum tilfellum eru ytri markaðsherferðir alltaf að segja eitt, en starfsfólkið segir og gerir annað.

Það er alltaf mikilvægt að ímynd fyrirtækja standi fyrir traust og öryggi. Í kreppu fara þessi gildi hins vegar að vega þyngra og reyna fer á innri þættina. Þegar einhver sem við þekkjum stendur ekki endurtekið við gefin loforð hverfur smám saman traustið til hans. Það veitir engum öryggi að eiga slíkan aðila að. Engu skiptir í því sambandi hvernig viðkomandi er klæddur, talar eða kemur fram því hans innri maður kemur fljótt í ljós. Þetta má heimfæra beint yfir á fyrirtæki. Ef raunveruleikinn er mun lakari en þær væntingar sem fyrirtækið setur í ytri markaðsherferðir veikist ímyndin og viðskiptavinir verða auðunnir yfir til samkeppninnar. Starfsmenn geta ennfremur fyllst reiði í garð fyrirtækisins ef það gefur sig sífellt út fyrir að vera eitthvað fyrir utan fyrirtækið, sem enginn hefur trú á að það sé innan þess. Ytri skilaboð verða því að vera í takt við raunveruleikann og þá þjónustu sem fyrirtækið býður.

**DJÚPAN SKILNING ÞARF**
Christian Schroeder, framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Lambie-Nairn í Bretlandi, skrifaði nýlega í tímaritið Marketing um innra markaðsstarf. Það sem Schroeder bendir á er fyrst mikilvægi þess að fá alla starfsmenn til að þekkja og skilja hvað fyrirtækið stendur fyrir. Skilningurinn þarf að ná þeirri dýpt að hann hjálpi starfsmönnum við að taka ákvarðanir í sínum daglegu störfum. Með þessu verða allar ákvarðanir þeirra til þess að styrkja vörumerkið.

Í öðru lagi þarf að gera fólki ljóst hvaða svigrúm það hefur til athafna svo það geti tekið ákvarðanir og unnið sín daglegu störf í takt við það sem fyrirtækið vill vera. Starfsmenn verða að vita uppá hár hvað er í lagi og hvað ekki.

**VÆNTINGAR UPPFYLLTAR**
Í þriðja lagi þurfa fyrirtæki að finna út hverju þarf að breyta svo þetta geti gerst, og setja svo mikinn þunga í að breyta fyrst því sem skilar mestum árangri (og svo koll af kolli). Algjört lykilatriði er að innra og ytra markaðsstarf keyri á sömu skilaboðum en mörg dæmi eru um hið gagnstæða. Sem dæmi gaf bandarískt tryggingarfélag í heilsugeiranum sig út fyrir það að velferð sjúklinga væri aðalmarkmið sitt sem fyrirtækið hamraði á í ytri markaðsherferðum. Innan fyrirtækisins var hins vegar hamrað á mikilvægi þess að auka virði hlutabréfa með því að skera niður kostnað!

Í fjórða lagi þarf að passa að allir hafi nægjanlegt vald og auðlindir til þess að vinna samkvæmt því sem fyrirtækið gefur sig úr fyrir að vera. Ef starfsmönnum er gert ómögulegt að vinna samkvæmt því verða viðskiptavinir sífellt fyrir vonbrigðum. Starfsmenn mega ekki eingöngu hafa framleiðslu eða framleiðnimarkmið sem býr til mikinn hvata til að hámarka tekjur til skamms tíma. Það verða einnig að vera skýr langtímamarkið með vörumerkið að leiðarljósi. Sé það gert, styrkist vörumerkið til lengri tíma í hvert skipti sem starfsmenn nálgast eða ná skammtíma markmiðum sínum.

Síðast en ekki síst þarf eldmóð sem þarf að skapa, rækta og viðhalda en hann getur ekki látið sjá sig nema starfsmenn hafi fullan skilning á hvað fyrirtækið er. Þeir verða ennfremur að geta heimfært það yfir á sín eigin störf ásamt því að hafa rétta svigrúmið, tólin og tækin til verkanna. Sé raunin þessi þá upplifa starfsmenn sig sem mikilvægan hlekk í starfseminni, þá skapast innra með þeim stolt af starfi og óbilandi trú á fyrirtækinu. Allir viðskiptavinir sem mæta viðmóti slíks starfsmanns eru ekki aðeins mun líklegri til að koma aftur heldur eru þeir einnig ósparir við að segja öðrum frá reynslu sinni.

**SKILABOÐIN SAMRÆMD**
Innri markaðsmál þarf að tækla á sama hátt og ytri markaðsmál. Fyrst þarf að meta stöðuna með könnunum. Yfirmenn þurfa að fá svör við spurningum eins og: Hvað finnst starfsmönnum í raun um fyrirtækið? Hvað viljum við að starfsmönnum finnist um það? Hvað þarf til svo starfsmönnum fari að finnast þetta um það? Að því loknu þarf að móta strategíu sem brúar það bil sem er á milli raunveruleikans og loforða fyrirtækisins. Því næst er strategíunni ýtt úr vör og árangur mældur.

Mikilvægast er að það sé samræmi í skilaboðum í innra markaðsstarfi og að öll tækifæri séu notuð til að minna á hvað fyrirtækið stendur fyrir. Snjallt er að gera vörumerkið lifandi innan fyrirtækisins með því að gera upplifun starfsmanna þá sömu og viðskiptavinir eiga að upplifa í samskiptum við fyrirtækið. Mörg fyrirtæki gera þetta mjög vel eins og EasyJet. Þeir hafa sem dæmi höfuðstöðvar sínar allar málaðar í appelsínugula lit fyrirtækisins og öll hönnun á skrifstofum er með ímynd þess í huga. Það er hægt að nota sem dæmi hönnun á kaffistofum, fundarherbergjum, anddyri, salerni, bréfsefni og nafnspjöldum til að gera ímyndina lifandi á vinnustaðnum. Með þessu er starfsfólk stöðugt minnt á hvað fyrirtækið stendur fyrir sem auðveldar þeim að hafa það í huga við daglegar ákvarðanir. Fréttabréf með tölvupósti og plaköt á veggjum eru góð og gild en ekki nóg. Yfirmenn verða einnig að koma fram og segja frá skilaboðum í eigin persónu. Í hvert skipti sem yfirmenn gera það er gullið tækifæri til að „selja“ starfsmönnum hvað fyrirtækið stendur fyrir. Með því að vera með stöðugar áminningar sem starfsmenn bæði sjá og upplifa í sínum daglegu störfum, mun ímyndin með tímanum komast inn í huga og hjörtu þeirra. Þetta vita farsæl fyrirtæki eins og Apple, Disney og Virgin sem vinna samkvæmt þessu.

Sannleikurinn er sá að ef starfsmönnum er alveg sama um fyrirtækin sem þeir vinna hjá munu þau að lokum deyja. En það er á ábyrgð yfirmanna að gefa starfsmönnum ástæðu til að standa ekki á sama!




**ÞOTA EASYJET** Greinarhöfundur bendir á að mörgum fyrirtækjum hafi tekist vel upp við gerð vörumerkja fyrir fyrirtæki sín og tekur þar easyJet sem dæmi.

ORÐSKÝRINGIN

# Aðalfundur

Nú líður að því að skráð fyrirtæki kynni uppgjör lokafjórðungs nýliðins árs og ársuppgjör um leið. Í kjölfarið er svo boðað til aðalfundar, en þeir eru haldnir við lok hvers rekstrarárs, hvort heldur félög eru skráð á markað eður ei.

Á aðalfundi er hluthöfum kynntur ársreikningur félagsins þar sem gerð er nákvæm grein fyrir rekstri og efnahag á liðnu ári. Jafnframt kjósa hluthafar á fundinum stjórn félagsins fyrir næsta tímabil og hafa tækifæri til að koma að spurningum og athugasemdum til stjórna fyrirtækjanna.

Til þessa hefur ekki verið mikið um athugasemdir frá hluthöfum eða spurningar á aðalfundum skráðra félaga, þótt einhver dæmi séu um að athugasemdir hafi verið gerðar við einstaka rekstrarliði. Alla jafna flytur stjórnarformaður ávarp þar sem farið er yfir liðið ár og horfur á því næsta, sem og forstjóri eða framkvæmdastjóri félagsins.



ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.




Tilvalið fyrir árshátíðina!

# Allt í steik

*2. janúar – 28. febrúar*

## 4ra rétta seðill

**1** HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

**2** RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

**3** MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI
með ristuðu grænmeti, kartöflumauki
og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

ÖND
með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND
Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati
og sperglum (6.590 kr.)

**4** LOGANDI CRÈME BRÛLÉE
með súkkulaði ís

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*



*Allt í steik verð frá* **4.590 kr.**

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Vefur* www.perlan.is

Lindsay · Garri · Egils · Lambhagi · Kjötsmiðjan · norðanfiskur · Perlu Kaup · Marland · A. Karlsson · Bakkus · Globus · ora

**BANKAHÓLFIÐ**

## Raunsnerting

Guðjón Már Guðjónsson, löngum kenndur við hugbúnaðarfyrirtækið Oz, á hrós skilið fyrir að hvetja til frumkvöðlahugsunar eftir bankahrunið í fyrra. Fyrir um hálfum mánuði stofnaði Guðjón Hugmyndaráðuneyti. Á fundum ráðuneytisins getur fólk hlýtt á reynslusögur frumkvöðla og tengdra aðila og myndað tengsl sín á milli. Guðjón sagði í samtali við Markaðinn fyrir viku sér hafa fundist vanta vettvang fyrir fólk til að hittast í raunveruleikanum og mynda tengsl. Segja má að Guðjón sé þarna kominn í hring en fyrir um áratug vann Oz að þróun þrívíddarhugbúnaðar sem gaf netverjum kost á að hittast og mynda tengsl í rafrænum heimi á rauntíma.



## Bakdyramegin en ekki einhliða ...

Willem H. Buiter, prófessor í hagfræði við London School of Economics, hafnar einhliða upptöku evru (og raunar annarra gjaldmiðla) sem vænlegri leið til að losna við krónuna. Hann flutti merkt erindi í hátíðarsal Háskólans í hádeginu á mánudag, en hafði um morguninn fundað með stjórnmálamönnum og hagfræðingum sérstaklega. Hagfræðingarnir mættu þó flestir líka á hádegisfyrirlesturinn.
Um leið og Buiter hafnar einhliða upptöku bendir hann á áhugaverðar bakdyraleiðir í evruna, en sú væri að semja við Dani um upptöku dönsku krónunnar, „en svo kjósa Danir að nefna evrurnar sínar“ gantaðist Buiter. Önnur leið væri að taka upp evru við hlið krónunnar og hafa tvær myntir jafnháar. Hvorug leið ætti að slá þá sem ráða í Evrópusambandinu svo út af laginu að trufli aðildarumsókn héðan.

## Litlir sprotar

Á síðasta fundi Hugmyndaráðuneytisins á Domo á laugardag var rætt um stofnun fyrirtækis fyrir lítið sem ekkert fjármagn í byrjun (e. boot-strapping). Einn fundargesta, sem starfar hjá nýsköpunarfyrirtæki í orkuiðnaði, lagði í púkkið og lýsti leit stofnenda fyrirtækisins að fjármagni. Fjármögnun fyrirtækisins hleypur á milljörðum og er í hópi fjárfesta fyrrum forstjóri eins bankanna sem ríkið hefur tekið yfir. Sá hlaut miður góðar undirtektir fyrir framlag sitt frá fundargestum, sem verða að sætta sig við talsvert lægri upphæðir en þá milljarða sem sumum tekst að landa.



**18,1** er verðbólgan sem mældist hér á landi í desember. IFS greiningar spá því að verðbólgan fari í 18,6 prósent í þessum mánuði.

**35** milljarðar króna er upphæðin sem Íbúðalánasjóður hyggst verja að hámarki til kaupa á innlendum íbúðabréfum tveggja sparisjóða.

**18** prósent er stýrivaxtastigið hér á landi. Greining Glitnis spáir því að Seðlabankinn lækki vextina í mars.



DALE CARNEGIE
FYRIR UNGT FÓLK

13-15 ára 16-20 ára 21-25 ára
**Kynningarfundur verður haldinn:**
fimmtudaginn 22. janúar kl. 20.00
Ármúla 11, 3 hæð.
Æskilegt er að foreldrar mæti með þeim sem fara á námskeið fyrir 13-15 ára.

**Næstu námskeið hefjast:**
fimmtudaginn 29. janúar 16-20 ára
föstudaginn 30. janúar 13-15 ára

**www.naestakynslod.is**
Hafðu samband við skrifstofu Dale Carnegie í síma 555 7080 og fáðu nánari upplýsingar um Næstu kynslóð

**Vilt þú...**
...vera einbeittari í námi?
...geta staðið þig vel í vinnu?
...vera jákvæðari?
...eiga auðveldara með að eignast vini?
...vera sáttari við sjálfan þig

næsta kynslóð

**Kíktu á naestakynslod.is og sjáðu hvað aðrir þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina**




Kannaðu rétt þinn til bóta

Ef þú hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi eða frítímaslysi getur þú átt rétt á bótagreiðslum. Hafðu samband við PACTA lögmenn sem fyrst og kannaðu rétt þinn til bóta. Við höfum áralanga reynslu á þessu sviði.

Fyrsta viðtal til að skoða málið er þér að kostnaðarlausu. Hafðu samband og pantaðu viðtal í síma 440 7900 eða á www.pacta.is

PACTA LÖGMENN

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Blönduós | Sauðárkrókur | Akureyri | Egilsstaðir | Vestmannaeyjar

# Tíu hringir í kringum Ísland



Sveitarfélög með framhaldsskóla í sínu umdæmi bjóða framhaldsskólanemum frítt í sund þessa viku, á meðan átakið varir. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Næsta átak verkefnisins Íþróttavakning framhaldsskólanna stendur yfir þessa viku, 19.-26. janúar. Þá eru framhaldsskólanemendur hvattir til að synda alls 200 metra á dag umrædda viku.

Aðstandendur verkefnisins, sem hófst formlega 12. nóvember síðastliðinn þegar um 5.000 framhaldsskólanemendur gengu eða hlupu víðs vegar um landið þrjá kílómetra hver, hafa verið í góðu samstarfi við sveitarfélögin í landinu.

Munu þau sveitarfélög sem eru með framhaldsskóla í sínu umdæmi bjóða framhaldsskólanemendum frítt í sund þá viku sem átakið stendur yfir.

Allir framhaldsskólanemendur hafa fengið afhent sundkort og syndi hver þeirra 200 metra á dag, vikuna sem átakið er, þá leggja þeir 28 milljón metra að baki sem samsvarar því að nemendur syndi tíu hringi í kringum Ísland.

Íþróttavakningunni lýkur með stórri lokahátíð sem haldin verður á Akureyri 4. apríl næstkomandi en þar verður keppt til úrslita í hinum ýmsu íþróttagreinum. Sá skóli sem fær flest stig annars vegar í almennri hreyfingu nemenda og hins vegar í íþróttakeppnum, sigrar og hlýtur titilinn Íþróttaskóli ársins 2009.

# Metsöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar



Hluti af söfnun Hjálparstarfsins fer til vatnsverkefna í Eþíópíu. NORDICPHOTOS/GETTY

Í jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar, sem stendur út janúar, hafa safnast 58 milljónir króna sem renna til aðstoðar innanlands og til vatnsverkefna í Eþíópíu, Mósambík, Malaví og Úganda. Sambærileg tala fyrir árið 2007 er 40 milljónir króna.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfsins, segir aukinn fjárhagsstuðning mæta aukinni þörf fyrir aðstoð um allt land, en umsóknum hefur fjölgað um 70 prósent á síðustu mánuðum.

Í viðbót við stuðning einstaklinga hafa stofnanir, félög, fyrirtæki og söknir lands lagt fram stórar gjafir til innanlandsaðstoðar. Auk þess lagði Pokasjóður fram 50 milljónir í gjafakortum til sameiginlegrar jólaaðstoðar Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands, Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Hjálparstarfs kirkjunnar.

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Sigurjónsdóttir**

frá Eyrakoti, Hlaðhömrum 2,
270 Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 16. janúar. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 22. janúar kl. 15.00.

**Gestur Ó. Karlsson** — **Áshildur Emilsdóttir**
**Sigurjón Karlsson** — **Valgerður Jónsdóttir**
**Gróa Karlsdóttir** — **Lárus E. Eiríksson**
**Andrés Karlsson** — **Mínerva Jónsdóttir**
**Sólveig Karlsdóttir Lynge** — **Henrik Lynge**
**Ævar Karlsson** — **Inga Dís Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sesselja Guðjónsdóttir**

áður Lyngheiði 9, Selfossi,

sem lést þriðjudaginn 13. janúar, verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 23. janúar kl. 13.30.

**Bragi Bjarnason** — **Sigrún Ásgeirsdóttir**
**Halldóra M. Bjarnadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Kristbjargar Jakobsdóttur**

Sunnuvegi 9, Hafnarfirði.

**Jón Finnsson**
**Kristín Jónsdóttir** — **Ásbjörn Snorrason**
**Kristbjörg Tinna, Jón,**
**Tindur Orri, Ylfa Hrönn,**
**Styrmir Ási Kaiser**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elín Sigurbjört Sæmundsdóttir**

Borgarholtsbraut 62, Kópavogi,

sem lést 10. janúar, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 23. janúar kl. 14.00. Innilegar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeilda LSH og Karitaskvenna fyrir yndislega umönnun og hlýhug. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunar- og ráðgjafaþjónustu Karitas s.: 770 og 551 5606.

**Grímur Guðmundsson**
**Jón Elvar** — **Sigríður Markúsdóttir**
**Guðmundur Grímsson** — **Hrafnhildur Proppé**
**Finnur Grímsson** — **Þórunn Hafsteinsdóttir**
**Elín Grímsdóttir** — **Jón Bjarni Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Þökkum innilega sýnda samúð og vinarhug við andlát og útför,*

**Ragnheiðar Guðmundsdóttur**

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði.

**Guðmundur Jóhannsson** — **Herdís Sigurjónsdóttir**
**Ólafur Jóhannesson** — **Guðný Haraldsdóttir**
**Sigríður Jóhannesdóttir**
**Jón Jóhannesson** — **Heiða Björk Norðdahl**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hjálmar Jónsson,**

Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi, sunnudaginn 18. janúar. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju, föstudaginn 23. janúar kl. 15.00.

**Stefanía G. Guðnadóttir**
**Herbert Hjálmarsson** — **Guðrún Skarphéðinsdóttir**
**Jón Ingi Hjálmarsson** — **Svanhvít J. Jónsdóttir**
**Elva Hjálmarsdóttir**
**Þráinn Hjálmarsson** — **Málfríður Vilbergsdóttir**
**Stefán Ragnar Hjálmarsson** — **Hansína Ásta Jóhannsdóttir**
**Guðný Hjálmarsdóttir** — **Ellert Ingason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Okkar ástkæra,*

**Jenný Haraldsdóttir**

frá Seyðisfirði, Holtagerði 30, Kópavogi,

lést aðfaranótt þriðjudaginn 13. janúar á líknardeild Landspítalans Landakoti. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 22. janúar kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Arndís B. Sigurgeirsdóttir** — **Bára K. Kristinsdóttir**

---



†

*Sonur minn,*

**Hafliði Jónsson**

Höfðavegi 32, Húsavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Hvammi, Húsavík, 18. janúar sl. og verður jarðsunginn í kyrrþey frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 24. janúar kl. 14.00.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Jón Sigurðsson frá Arnarvatni**

---



†

*Hjartans eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Agnar Jörgensson**

Dalbraut 20, Reykjavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli fimmtudaginn 15. janúar, verður jarðsunginn frá Áskirkju föstudaginn 23. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja starfsemi Fríðuhúss, dagvistar Alzheimersjúkra, bankareikningur 327-26-4301, kt. 430101-3580.

**Jensey Stefánsdóttir**
**Edda Agnarsdóttir** — **Birgir Guðmundsson**
**Kolbeinn Agnarsson** — **Ljósbrá Guðmundsdóttir**
**Kjartan Agnarsson**
**Hlín Agnarsdóttir**
**Gyða Agnarsdóttir** — **Guðjón Aðalsteinsson**
**Ari Agnarsson** — **Védís Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

*Hjartans eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Jónsson**

Selvogsgötu 6, Hafnarfirði,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans aðfaranótt 17. janúar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Nanna Hálfdánardóttir**

---



†

*Ástkær faðir okkar,*

**Sigurjón Hólm Sigurjónsson**

fv. pípulagningameistari, síðast til heimilis að Skjólbraut 1a, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 15. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. janúar kl. 13.00.

**Viðar og Gunnhildur Sigurjónsbörn**

**tengdabörn, afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**






# Hver beri ábyrgð á eigin gjörðum



NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir



Fyrsti þingfundur ársins hófst í gær eftir langt og gott jólafrí. Ráðamenn settust niður til að taka á brennandi málum, eins og hvort leyfa eigi sölu léttvíns í matvöruverslunum. Þeim hefur sjálfsagt leiðst í jólafríinu langa að geta ekki skokkað út í búð eftir rauðvínsflösku með matnum og ákveðið að nú þyrfti að drífa þetta í gang. Nú er ég áhugamanneskja um gott vín og fyndist þægilegt að geta kippt því með í innkaupakörfuna ásamt kartöflum og káli. Gat samt ekki varist því að hugsa að einhver önnur mál hefðu mátt hafa forgang. Það fannst víst fleirum, mótmælendur fjölmennu fyrir utan Alþingishúsið og börðu potta og pönnur. Ráðherrar fóru fram á vinnufrið, fannst þreytandi að þurfa að hlusta á öskrandi lýðinn krefjast aðgerða. Þægilegra að geta í rólegheitunum rætt málin við kollega og vita hvað þeir voru að stússast í jólafríinu. En hvað á lýðurinn að gera? Ekki getur hann tekið sér mánaðarlöng jólafrí úr vinnu án þess að eiga það á hættu að vera rekinn. Fólk er að missa vinnuna fyrir minna í dag. Ráðamenn virðast ekki stressa sig á því og svo sannarlega ekki stressa sig á að þeir sjálfir missi vinnuna, annars hefðu þeir sett önnur mál á oddinn á fyrsta fundi. Maður hefði haldið í ljósi aðstæðna í dag að þingheimur hefði jafnvel getað drattast í vinnuna fyrr eins og hver annar vinnandi maður. En þeir fóru fram á vinnufrið og frestuðu þingfundi. Geir sagði eitthvað á þá leið að hver ætti að bera ábyrgð á sjálfum sér, orðum sínum og gerðum og beindi því til mótmælenda. Ég held að ráðamenn ættu að taka þessi orð beint til sín og bera ábyrgð á sínu eigin aðgerðaleysi.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# RISA-ÚTSALA

## Allt að 90% afsláttur!




-40%
5.980 kr.
Almennt verð:
9.980 kr.




„ÞAÐ VÆRI HRÆÐILEGT AÐ MISSA AF ÞESSARI BÓK!“
Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni

-56%
1.990 kr.
Almennt verð:
4.480 kr.




-30%
2.299 kr.
Almennt verð:
3.299 kr.




-30%
1.390 kr.
Almennt verð:
1.990 kr.




-32%
1.699 kr.
Almennt verð:
2.499 kr.




-50%
783 kr.
Almennt verð:
1.565 kr.

Geysivinsælu matreiðslutímaritin Woman's Weekly á 50% afslætti




-50%
343 kr.
Almennt verð:
685 kr.




-30%
1.879 kr.
Almennt verð:
2.699 kr.




-30%
1.699 kr.
Almennt verð:
2.499 kr.




-30%
3.149 kr.
Almennt verð:
4.499 kr.




-30%
2.449 kr.
Almennt verð:
3.499 kr.

**Yfir 200 titlar og hellingur af annarri vöru!**

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

# Miðasalan fer hægt af stað

**Danska rokkveislan í Hróarskeldu hefur haft mikið aðdráttarafl hjá íslenskum rokkhundum á ári hverju. Kreppan hefur nú stimplað sig þar inn.**



**HRÓARSKELDA** Búast má við mun færri Íslendingum á Hróarskelduhátíðina sem verður haldin í byrjun júlí.

Miðasala á Hróarskelduhátíðina í Danmörku hefur gengið afar hægt hér á landi síðan hún hófst í byrjun desember. Að sögn Tómasar Young, tengiliðs hátíðarinnar, eru tvær ástæður fyrir því. Annars vegar efnahagskreppan og hins vegar að enn á eftir að tilkynna hvaða hljómsveitir spila á hátíðinni.

„Það er búið að selja eitthvað af miðum. Ég hef ekki fengið töluna en hún fer mjög hægt af stað,“ segir Tómas um söluna. Hann segir þetta mikla breytingu frá því sem verið hefur. „Það er ekki gott hljóðið í flestum en svo eru líka einhverjir sem segja skítt með kreppuna og ætla samt að fara. Ég held að það séu þessir allra hörðustu aðdáendur Hróarskeldu.“ Fjöldi Íslendinga á Hróarskeldu sem keypti miða hérlendis tvöfaldaðist á árunum 2004 til 2007 og fór úr rúmum 760 manns í rúm 1.600. Á síðasta ári kvað aftur á móti við nýjan tón því þá hrapaði fjöldinn niður í 860 manns. Nú má búast við að Íslendingunum fækki enn frekar.

Miðaverð á Hróarskeldu er nú komið í 46.500 krónur sem er mikil breyting frá því í fyrra þegar það var á bilinu 24 til 30 þúsund krónur. Hefur miðinn jafnframt hækkað um 3.700 krónur síðan í byrjun desember, allt út af lækkandi gengi krónunnar. „Það liggur við að maður sé hættur að fylgjast með þessu,“ segir Tómas. Hann býst samt við að salan eigi eftir að glæðast enda bíða margir með að kaupa miða þar til tilkynnt hefur verið hvaða hljómsveitir spila á hátíðinni. Sú tilkynning hefur dregist óvenju mikið á langinn því fyrir hátíðina í fyrra var sagt frá því í desember að Radiohead myndi stíga á svið. - fb





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SEVEN POUNDS D | kl. 530 - 8 - 10.30 | L |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| AUSTRALIA D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| AUSTRALIA | kl. 6.30 - 10 | 12 |
| INKHEART | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| REFURINN & BARNIÐ / ÍSL. TEXTI | kl. 6 | L |
| ÁSTARSÖNGVAR / ENSKUR TEXTI | kl. 10.15 | L |
| UPP KOMAST SVIK / ENSKUR TEXTI | kl. 6 | L |
| SKÓLABEKKURINN / ENSKUR TEXTI | kl. 8 | L |
| KRUMMASKUÐ NO 1 / ENSKUR TEXTI | kl. 6 | L |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEVEN POUNDS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| TRANSPORTER 3 | kl. 8 - 10.15 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| TRANSPORTER 3 | kl. 10.10 | L |
| SEVEN POUNDS | kl. 6 - 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




MIÐVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR

SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 12 |
| CHANGELING | kl. 6 og 9 | 16 |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 5:50D - 8D - 10:20D | | L |
| ROCKNROLLA | kl. 8 - 10:20 | DIGTAL | 16 |
| ROCKNROLLA | kl. 5:30 - 10:20 | | VIP |
| CHANGELING | kl. 5:30 - 8:30 | | 16 |
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | | 7 |
| YES MAN | kl. 8 | | VIP |
| THE SPIRIT | kl. 10:20 | DIGTAL-3D | 12 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 5:50 | DIGTAL-3D | L |
| CITY OF EMBER | kl. 5:50 | | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 | | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | DIGTAL | L |
| ROCKNROLLA | kl. 8 - 10:20 | DIGTAL | 16 |
| YES MAN | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | | 7 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 6 | DIGTAL-3D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |
| THE SPIRIT | kl. 10:10 | L |
| SÓLSKINSDRENGUR | kl. 8 | L |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 10:10 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |
| ROCKNROLLA | kl. 10 | 16 |
| YES MEN | kl 8 | 7 |
| THE CHANGELING | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |
| THE SPIRIT | kl. 10:10 | 16 |
| SÓLSKINSDRENGUR | kl. 8 | L |
| TWILIGHT | kl. 10:10 | 12 |




**Dæmi:** Nám sem kostar 199.000 - **Fjöldi námsleiða í boði**




UPPLÝSINGAR Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

Fiskisaga

GALLERÝ KJÖT

ÞEIR FISKA SEM RÓA




**Á HÖFUÐB.SVÆÐINU:** GRENSÁSVEGI • HÁALEITISBRAUT
HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI • DALVEGI

(Tilboð gildir á meðan birgðir endast.)

**Í REYKJANESBÆ:**
VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FITJUM

Verslanir Gallerý kjöt og Fiskisögu eru opnar
– **virka daga** 11:00 – 18:30
– **laugardaga** 11:00 – 17:00

## > Tekst Hamari að vinna loksins Hauka?

Stórleikur kvöldsins í Iceland Express-deild kvenna er milli toppliðs Hauka og heimastúlkna í Hamari sem eru í 3. sæti deildarinnar. Haukakonur hafa unnið 11 deildarleiki í röð. Þetta verður fyrsti heimaleikur Hamarskvenna á nýju ári en liðið hefur tapað þremur útileikjum í röð á árinu 2009 en vann 5 af 6 heimaleikjum sínum fyrir jól. Haukar eru eina félagið sem kvennalið Hamars hefur ekki náð að vinna í efstu deild. Liðin hafa mæst níu sinnum í efstu deild og sex sinnum í 2. deild og Haukar hafa unnið alla 15 leikina. Aðrir leikir kvöldsins eru Valur-Keflavík og Grindavík-Snæfell og hefjast þeir allir klukkan 19.15.



# sport

sport@frettabladid.is

**STEFÁN BALDVIN STEFÁNSSON:** SNÝR AFTUR EFTIR AÐ HAFA FENGIÐ HÖGG Á ANNAÐ AUGAÐ Í LEIK Í NÓVEMBER

## *Alls ekki tilbúinn að hætta á þessum forsendum*



Hornamaðurinn knái Stefán Baldvin Stefánsson hjá Fram býr sig nú undir að hefja leik að nýju með Safamýrarliðinu eftir að hafa verið frá vegna meiðsla á hægra auga sem hann hlaut í leik gegn HK um miðjan nóvember. Endurkoma hins reynslumikla Stefáns Baldvins er án nokkurs vafa mikill styrkur fyrir Framara sem sitja einir á toppi N1-deildarinnar.

„Ég hef nú ekki enn séð upptöku af því þegar þetta gerðist ennþá en ég held að ég hafi fengið putta í augað frekar en olnboga og sá náttúrulega ekkert með auganu strax eftir atvikið. Ég var óvinnufær í nokkrar vikur á eftir og samkvæmt læknisráði mátti ég ekkert gera í heillangan tíma á eftir því það blæddi inn í augnbotninn og einhverjar vefjaskemmdir urðu við höggið. Eftir um mánuð frá því að þetta gerðist þá gat ég fyrst farið að æfa eitthvað til þess að halda mér við og þjálfarinn sýndi mér fullan skilning í því og leyfði mér að ráða ferðinni,“ segir Stefán Baldvin.

Stefán Baldvin býst við því að vera jafnvel klár í slaginn að nýju þegar Fram heimsækir nýliða FH í Kaplakrika á morgun, þrátt fyrir að vera langt frá því að vera með fulla sjón á hægra auganu.

„Eins og staðan er núna, þá er ég með fimmtán prósenta sjón á hægra auganu og það gæti bara haldist þannig áfram. Ég var kominn í fjörutíu prósenta sjón í kringum jólin en þetta fór svo aftur niður í fimmtán prósent og er búið að haldast þannig í síðustu tveimur prófum. Ég er samt alveg ákveðinn í að koma aftur og er alls ekki tilbúinn að hætta á þessum forsendum,“ segir Stefán Baldvin.

„Læknirinn skynjaði held ég strax að ég ætlaði mér að spila sama hvað og hann sagði mér bara að fara varlega. Ætli ég þurfi ekki að finna mér einhver gleraugu til að verja augun þegar ég byrja aftur og ég hringi bara í Siffa [Sigfús Pál Sigfússon, leikmann Vals] vin minn og athuga hvar hann fær svona fín gleraugu. Eina sem ég hef áhyggjur af er að ef eitthvað kemur fyrir hitt augað, þá er ég fyrst í vondum málum.“

## ÚRSLIT

### *Eimskipsbikar kvenna*

Valur-Stjarnan 23-28 (11-12)

**Mörk Vals (skot):** Hildigunnur Einarsdóttir 5 (6), Drífa Skúladóttir 5 (8), Kristín Guðmundsdóttir 3 (5), Eva Barna 3 (7), Hrafnhildur Skúladóttir 3/1 (14/3), Íris Ásta Pétursdóttir 2 (3), Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 1 (2), Dagný Skúladóttir 1 (5).
**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 20 (48/9, 42%)
**Hraðaupphlaupsmörk:** 10 (Hildigunnur 3, Drífa 2, Íris 2, Dagný, Kristín, Eva)
**Fiskuð víti:** 3 (Hildigunnur, Eva, Hafrún Kristjánsdóttir)
**Brottvísanir:** 2 mínútur
**Mörk Stjörnunnar (Skot):** Alina Petrache 16/9 (22/9), Kristín Jóhanna Clausen 3 (3), Solveig Lára Kjærnested 3 (5), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 3 (10), Elísabet Gunnarsdóttir 2 (2), Þorgerður Anna Atladóttir 1 (5).
**Varin skot:** Florentina Stanciu 22/2 (45/3, 49%)
**Hraðaupphlaupsmörk:** 4 (Solveig 2, Alina, Elísabet)
**Fiskuð víti:** 9 (Kristín 3, Harpa 3, Elísabet 2, Solveig)
**Brottvísanir:** 6 mínútur.

### *Enski deildarbikarinn*

Man. Utd-Derby 4-2 (0-1)

1-0 Nani (16.), 2-0 John O'Shea (22.), 3-0 Carlos Tevez (34.), 3-1 Gilles Barnes (80.). 4-1 Cristiano Ronaldo (89.), 4-2 Gilles Barnes (90.+2.).



**SAMEINAÐIR Á NÝ** Jermain Pennant hittir fyrir gamlan liðsfélaga, Peter Crouch, hjá Portsmouth. NORDIC PHOTOS/GETTY

Jermaine Pennant:

## Genginn í raðir Portsmouth

**FÓTBOLTI** Portsmouth gekk í gær frá samkomulagi við Liverpool um að að fá til sín vængmanninn Jermaine Pennant á lánssamningi út yfirstandandi keppnistímabil á Englandi. Liverpool samþykkti til að byrja með kauptilboð Portsmouth í leikmanninn en hann neitaði hins vegar að fara þangað nema á lánssamningi. Samningur Pennants við Liverpool rennur út næsta sumar og því er nokkuð ljóst að hann hefur leikið sinn síðasta leik fyrir Rauða herinn.

Tony Adams, knattspyrnustjóri Portsmouth, þekkir vel til Pennants þar sem þeir voru liðsfélagar hjá Arsenal á sínum tíma.

„Hann er fljótur og tæknilega góður og getur gert varnarmönnum lífið leitt. Ég sá hann spila ásamt Peter Crouch með Liverpool gegn Fulham í fyrra og þeir virtust ná vel saman og vonandi gera þeir það aftur núna með Portsmouth,“ segir Adams vongóður í viðtali á opinberri heimasíðu Portsmouth í gær. - óþ

# Miklir sigurvegarar í liðinu

**Bikarmeistarar Stjörnunnar komust í undanúrslit Eimskipsbikars kvenna eftir sigur á Val í gær. Alina Petrache og Florentina Stanciu áttu báðar stjörnuleik.**

**HANDBOLTI** Stjörnukonur tryggðu sér sæti í undanúrslitum Eimskipsbikars kvenna með 28-23 sigri á Val í Vodafone-höllinni í gær. Alina Petrache átti stórleik og skoraði 16 mörk fyrir Stjörnuna í leiknum þar af 10 af 12 mörkum liðsins í fyrri hálfleik.

Stjarnan hafði frumkvæðið allan tímann og náði nokkrum sinnum ágætu forskoti (8-4, 18-13) en Valsliðið kom sér aftur inn í leikinn með góðum leikköflum. Þegar kom að því að jafna leikinn tók hins vegar Florentina Stanciu sig til og varði hvað eftir annað á dýrmætum tímapunktum og á lokamínútum leiksins varði hún síðan hvert skotið á fætur öðru.

„Ég held að munurinn sé að við erum að klúðra gríðarlega mikið af dauðafærum. Við höfðum í þrígang möguleika á að jafna og í fyrri hálfleik höfðum við möguleika á því að komast yfir en Florentina er þá að verja frá okkur af sex metrunum í öll þessi skipti,“ sagði Stefán Arnarson, þjálfari Vals sem þurfti nauðsynlega að fá miklu meira frá Hrafnhildi Skúladóttur sem klikkaði á 11 af 14 skotum sínum þar á meðal tveimur vítum. „Það munaði um að Hrabba náði sér ekki á strik því við þurfum allar í svona jöfnum leik. Þetta er jafn leikur og bara stöngin inn, stöngin út. Við klúðrum tveimur vítum og alltof mikið af dauðafærum,“ sagði Stefán en þetta var ekki í fyrsta sinn sem Florentina Stanciu gerði útslagið í leik þessarra liða. „Hún er búin að klára okkur ansi oft og mér fannst hún gera það í dag,“ sagði Stefán.

„Það eru miklir sigurvegarar í liðinu, við erum flestallar búnar að fara í Höllina áður og vitum hvernig þetta er og hvað þarf til að klára svona leiki. Þetta er oft strembið hjá okkur en við tökum þetta á lokasprettinum,“ sagði Kristín Jóhanna Clausen, fyrirliði Stjörnunnar.



**ÓSTÖÐVANDI** Stórskyttan Alina Petrache fór á kostum og skoraði sextán mörk í 23-28 sigri Stjörnunnar á Val Í Vodafonehöllinni að Hlíðarenda í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kristín var mjög sátt við frammistöðu þeirra Alina Petrache og Florentina Stanciu en hún sagði allt liðið eiga mikið hrós skilið.

„Það er gríðarlegt álag á liðinu og við erum að spila átta leiki í janúar. Við erum mjög þreyttar og mér finnst það mjög flott hjá okkur að klára svona leik því við vitum ekkert hvernig við þolum svona álag eins og það er búið að vera undanfarið. Við höfðum þetta en við erum allar bara dauðar úr þreytu inn í klefa,“ sagði Kristín Jóhanna. ooj@frettabladid.is



**VALUR INGIMUNDARSON** Rólegur yfir þessu. FRÉTTABLAÐÐIÐ/ANTON

Jolley fær ekki leikheimild:

## Þetta á ekki að gerast árið 2009

**KÖRFUBOLTI Ekkert verður af því að bandaríski framherjinn Kevin Jolley spili með Njarðvík en hann er búinn að vera á landinu undanfarna daga. Jolley fær sig ekki lausan frá gamla liði sínu í Portúgal.**

**„Þetta er eitthvað sem á ekki að gerast árið 2009. Umboðsmaðurinn úti var að klikka. Þetta lendir ekkert á Njarðvík nema að við töpum tíma,“ sagði Valur Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkur. Hann segir engan annan leikmann vera á leiðinni eins og er.**

**„Við erum ósköp rólegir yfir þessu. Þessi maður átti að bjóðast þarna á góðum kjörum þannig að við gripum það. Ef það kemur upp aftur þá grípum við það aftur,“ sagði Valur. - óój**

Eimskipsbikar kvenna:

## Óvænt úrslit á Akureyri

**HANDBOLTI** 2. deildarlið KA/Þórs gerði sér lítið fyrir og sigraði N1-deildarlið Gróttu, 22-21, í 8-liða úrslitum Eimskipsbikars kvenna í gær en leikurinn fór fram í KA-heimilinu á Akureyri.

Á morgun keppir svo FH við Fram og Fylkir við Hauka um síðustu tvö sætin í undanúrslitunum. - óþ

Manchester United er komið í úrslitaleik deildarbikarsins eftir 4-2 sigur á Derby í gærkvöld:

# Derby lét United hafa fyrir hlutunum

**FÓTBOLTI** Manchester United vann Derby 4-2 í seinni undanúrslitaleik félaganna í deildarbikarnum á Old Trafford í gærkvöld og samanlagt 4-3 og mætir annað hvort Tottenham eða Burnley í úrslitaleiknum.

Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, gerði sex breytingar á byrjunarliði sínu frá sigurleiknum gegn Bolton um helgina en það virtist ekki koma að sök þar sem United var í bílstjórasætinu strax frá fyrstu mínútu í gær.

Nani skoraði fyrsta mark leiksins þegar um stundarfjórðungur var liðinn af leiknum með glæsilegu langskoti sem Roy Caroll, fyrrverandi markvörður United, réði ekkert við.

Varnarmaðurinn John O‘Shea bætti við öðru marki fyrir United stuttu síðar með skoti frá vítateigslínunni og ballið var þá ekki búið í fyrri hálfleik því á 34. mínútu skoraði Carlos Tevez með skalla af stuttu færi eftir góða sendingu frá Rafael da Silva og staðan orðin 3-0.

Seinni hálfleikur byrjaði fjörlega þegar Tevez skoraði á 53. mínútu en markið var réttilega dæmt af vegna rangstöðu. Eftir það róaðist leikurinn og United virtist sátt með sitt.

Derby fékk nokkur hálffæri sem ekki nýttust og flest benti til þess að United myndi sigla þessu rólega í höfn. Það dró hins vegar til tíðinda á 80. mínútu þegar Derby fékk víti dæmt og varamaðurinn Gilles Barnes skoraði úr því og kom gestunum aftur inn í leikinn.

Vonir Derby urðu þó nánast að engu á 87. mínútu þegar heimamenn fengu einnig dæmda vítaspyrnu og Cristiano Ronaldo fór á punktinn og skoraði af öryggi, 4-1.

Barnes var þó ekki hættur og skoraði síðasta mark leiksins í uppbótartíma og lokatölur urðu 4-2 en United komst í úrslitaleikinn þar sem Englandsmeistararnir unnu samanlagt 4-3 í viðureignum félaganna.

Í kvöld kemur í ljós hvort United mæti Tottenham eða Burnley í úrslitaleiknum þegar félögin mætast á Turf Moor-leikvanginum. Tottenham stendur mun betur að vígi eftir 4-1 sigur á White Hart Lane-leikvanginum í fyrri leik félaganna. - óþ



**GLÆSILEGT MARK** Nani opnaði markareikninginn fyrir United í gær með sannkölluðum þrumufleyg. NORDIC PHOTOS/GETTY



**ROBINHO** Segist hafa farið til Brasilíu af fjölskylduástæðum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Kaká ekki til City og Robinho fór til Brasilíu:

# Sirkus Manchester City

**FÓTBOLTI** Líkt og síðustu daga snúast fréttir breskra fjölmiðla um lítið annað en Man. City. Ástandið er orðið farsakennt og minnir um margt á sirkus.

Í gær varð ljóst að Brasilíumaðurinn Kaká kæmi ekki til félagsins. Í kjölfarið hvarf landi hans Robinho úr herbúðum City og fór til Brasilíu. Fljótt komu fregnir af því að Robinho væri brjálaður þar sem City hefði lofað því að Kaká kæmi. Þess vegna hefði hann látið sig hverfa. Hann leiðrétti þær fregnir síðar en ekki eru samt allir að kaupa þær.

„Ég hafði látið Man. City vita af því að ég þyrfti að fara til Brasilíu af fjölskylduástæðum. Ég mun snúa aftur til félagsins og greiði úr þessum vandamálum hið fyrsta," sagði Robinho við BBC.

„Mér finnst mikilvægt að undirstrika að ég fór ekki til Brasilíu út af Kaká-málinu. Hann er með betri vinum mínum og það hefði verið frábært að fá hann til Man. City en ferðin hafði ekkert að gera með ástæður þess að hann ákvað að vera áfram hjá Milan. Ég er enn reiðubúinn að hjálpa Man. City til að verða það stórveldi sem eigendurnir vilja að það sé," sagði Brasilíumaðurinn.

Við þetta má svo bæta að forráðamenn Man. City sögðu að það hefði verið klúður hjá AC Milan sem hefði leitt til þess að kaupin á Brasilíumanninum Kaká gengu ekki upp. **- hbg**

West Ham leitast við að fylla skarð Craigs Bellamy:

# Savio í West Ham?

**FÓTBOLTI** Íslendingafélagið West Ham hefur þegar selt Matthew Etherington og Craig Bellamy í janúarglugganum og þá er talið líklegt að Luis Boa Morte, Julien Faubert og Calum Davenport verði einnig seldir. Fram til þessa, vegna meintrar bágrar fjárhagsstöðu félagsins, hefur farið lítið fyrir fregnum af því hvort það hyggst styrkja leikmannahóp sinn en breskir fjölmiðlar telja nú næsta víst eftir söluna á Bellamy að Lundúnafélagið styrki framlínu sína.

Í gær var greint frá því að West Ham væri í viðræðum við ítalska B-deildarfélagið Brescia um kaup á sóknarmanninum unga Savio Nsereko en hann er metinn á um 10 milljónir punda. Hinn nítján ára gamli Nsereko er fæddur í Úganda en er með þýskt ríkisfang og gat sér helst til frægðar að vera valinn besti leikmaður Evrópukeppni U-19 ára landsliða síðasta sumar þar sem Þýskaland varð Evrópumeistari.

Mörg félög eru sögð fylgjast gaumgæfilega með gangi mála hjá Nsereko en West Ham er talið standa vel að vígi í baráttunni þar sem Gianluca Nani, tæknilegur ráðgjafi West Ham, gegndi áður sama starfi hjá Brescia og þekkir því vel til ítalska félagsins og Nsereko. **- óþ**



**SAVIO NSEREKO** Vekur áhuga West Ham. NORDIC PHOTOS/GETTY


HEILSUFÆÐI

Langhollasti þorramaturinn




Það fara fimm kíló af ferskum roðlausum og beinlausum ýsuflökum í að búa til eitt kíló af Gullfiski. Gullfiskur notar kælda framleiðsluaðferð, sem tryggir að ferskleiki og næringargildi vörunnar heldur sér þótt vatnið sé dregið úr henni.

BÓNUS Veljum íslenskt í Bónus

VELJUM ÍSLENSKT

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita

Auglýsingasími 512 50 50

4 fyrir 2

Enn meiri verðlækkun

Lokadagar

Útsölumarkaðurinn Grensásvegi 15

**Opið** mán. - lau. 11 - 18 // sun.12 - 17

NOA NOA

next

## > Blake Lively

„Mér finnst þessir krakkar ekki vera vondir. Þeir eru illa upp aldir og óöruggir og þeir kunna ekki að sýna ágæti sitt með öðrum hætti en að beina athyglinni að göllum annarra," segir Lively um krakkana í þættinum Gossip Girl en þar er hún í hlutverki Serenu van der Woodsen. Þátturinn Gossip Girl er sýndur á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON DIGGAR SPORT - NEI

# Nokkrar aflatölur



Í gamla daga var það reglulegur passi í fréttum útvarpsins að lesa aflatölur. Þá var sjósókn svo mikilvæg að um allt land sperrtu menn eyrun yfir hvernig línuveiðar gengju á Hvammstanga eða Bakkafirði. Einhvers staðar eimir eftir af þessu í RÚV-apparatinu. Stundum verður mér hugsað til þessa fréttamóments Gufunnar þegar yfir mig hvolfast nákvæmar runur um hvaða atvinnumenn í Bretlandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum hafa hent eða sparkað bolta oft í mark síðastliðinn sólarhring. Romsurnar eru í sjónvarpi skreyttar sekúndubrotum úr einhverjum leikjum. Þessi ósköp koma reglulega í kjölfar annarra frétta um það sem skiptir máli í hinum stóra heimi. Íþróttafréttir eru til dæmis ein forsenda þess að hér er kvöldfréttatími hjá ríkissjónvarpinu, fyrir utan möguleikann á auglýsingatímum.

Nú hefur skipast svo um í veröldinni að mögulegt er að fylgjast nákvæmlega með öllu því sem er að gerast í hinum ýmsu greinum á netinu. Tölulegar upplýsingar geta áhugasamir fundið þar ef þörf er á að þeir viti fyrir morgunverð hvað gerðist í leik San Antonio. Romsan sem Bjarni Fel þylur án þess að anda er því óþörf. Körfuboltafríkið getur séð hana löngu fyrr. Við hin getum verið án þeirrar lífsfyllingar alla ævi. Þetta er svona álíka óþarft eins og lesið sé upp úr gömlum markatöflum á kjörtíma kvölddagskrár. Heyrði í huganum eftir í fréttum var þetta helst á rúv: „Nú verður lesið úr markaskrám í landsmóti körfuknattleiksliða á vesturströnd Bandaríkjanna 1986." Það er álíka frjótt efni og upplestur úr markaskrám íslenskra bænda í Rangárþingi 1947.

Vefmiðlar bjóða upp á stundvísa og nákvæma útlistun á íþróttamótum um allan heim. Við hin ættum að fá frið fyrir þeim súpum.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.40 Burnley - Tottenham** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.15 Bráðavaktin (ER)** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30 Armed and Famous** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.55 Ghost Whisperer** STÖÐ 2



▶ **21.00 Britain's Next Top Model** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (45:52)
**17.55 Gurra grís** (72:104)
**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Gló magnaða.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Bráðavaktin** (ER) (10:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.
**21.00 Svipmyndir af myndlistarmönnum - Torsten Andersson** (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem tóku þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008.
**21.10 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Meistaramót** (1:3) (Mestermöder: Tréblásarar) Danskur heimildamyndaflokkur um hljóðfæraleikara. Í þessum þætti eru kynntir slagverksleikararnir Uffe Savery, Morten Friis, Marilyn Mazur og Gert Mortensen.
**23.20 Kastljós** (e)
**00.00 Lögin í Söngvakeppninni** Flutt verða lögin tvö sem komust áfram í Söngvakeppni Sjónvarpsins um síðustu helgi.
**00.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Buena Vista Social Club**
**10.00 I'll Be Home for Christmas**
**12.00 Lucky You**
**14.00 Buena Vista Social Club**
**16.00 I'll Be Home for Christmas**
**18.00 Lucky You**
**20.00 Charlie's Angels** Natalie, Dylan og Alex starfa hjá spæjaraþjónustu Charlies.
**22.00 The Last King of Scotland**
**00.00 The Bone Collector**
**02.00 Mississippi Burning**
**04.05 The Last King of Scotland**
**06.00 Breaking and Entering**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Refurinn Pablo, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli og Ofurhundurinn Krypto.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (235:300)
**10.15 Flight of the Conchords** (7:12)
**10.40 Extreme Makeover. Home Edition** (1:25)
**12.00 Project Runway** (14:15)
**12.45 Neighbours**
**13.10 Sisters** (22:28)
**13.55 E.R.** (20:25)
**14.45 Ghost Whisperer** (51:62)
**15.35 Friends**
**16.00 BeyBlade**
**16.23 Leðurblökumaðurinn**
**16.48 Ofurhundurinn Krypto**
**17.13 Ruff's Patch**
**17.23 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Ísland í dag**
**19.15 Mannamál**
**19.45 The Simpsons** (14:23) Apu er með rómantíska tilburði á Valentínusardaginn og aðrir eiginmenn í Springfield koma illa út úr samanburðinum.
**20.10 Gossip Girl** (17:18) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
▶**20.55 Ghost Whisperer** (58:62) Þriðja þáttaröðin um hina ungu og fallegu Melindu Gordon sem gædd er sjötta skilnigarvitinu. Hún er því, oft gegn vilja sínum, í nánu sambandi við hina framliðnu.
**21.40 Weeds** (3:15)
**22.10 Oprah**
**22.55 Sex and the City** (3:12)
**23.20 E.R.** (20:25)
**00.05 Cold Case** (3:23)
**00.50 Stealth**
**02.45 Porn Star. The Legend of Ron Jeremy**
**04.05 Crossing Jordan** (8:17)
**04.50 Gossip Girl** (17:18)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Man. Utd. - Derby** Útsending frá leik í enska deildarbikarnum.
**16.05 Man. Utd. - Derby** Útsending frá leik í enska deildarbikarnum.
**17.45 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**18.15 PGA Tour 2009** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.
**19.10 NBA-tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
▶**19.40 Burnley - Tottenham** Bein útsending frá leik í enska deildarbikarnum.
**21.40 Atvinnumennirnir okkar - Logi Geirsson** Fyrsti þátturinn í þáttaröð þar sem skyggnst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar. Í þessum fyrsta þætti fá áhorfendur að kynnast Loga Geirssyni sem leikur með Lemgo í Þýskalandi.
**22.15 Espanyol - Barcelona** Útsending frá leik í spænska bikarnum.
**23.55 Burnley - Tottenham** Útsending frá leik í enska deildarbikarnum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Sunderland - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**19.00 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**19.30 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**21.35 Tottenham - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.15 Man. City - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.35 Vörutorg**
**18.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.20 Top Design** (3:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Í hverjum þætti þurfa þau að sýna og sanna færni sína og sköpunargáfu með hugmyndaríkri hönnun og frumleika (e)
**20.10 90210** (3:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Annie og Dixon eru ekki sátt þegar foreldrarnir tilkynna að fjölskyldan sé að fara saman í keilu á föstudagskvöldi. En þegar vinirnir slást óvænt í hópinn færist fjör í leikinn. Annie þarf að gera upp á milli Ty og Ethans, Naomi kemst að leyndarmáli föður síns og Silver á í vandræðum heima fyrir.
▶**21.00 Britain's Next Top Model** (2:10) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Kynnir þáttanna og yfirdómari er breska fyrirsætan Lisa Snowdon. Stúlkurnar tólf sem eftir eru fá þjálfun í tískusýningum en allt fer í hundana. Síðan fá stúlkurnar nýtt útlit fyrir myndatökuna.
**21.50 CSI: Miami** (15:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Law & Order** (15:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. (e)
**00.20 Vörutorg**
**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# MANNAMÁL

## NÝ FRAMSÓKN Á GÖMLUM BELGJUM?

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Framsóknarflokksins og Guðmundur Steingrímsson slá frá sér.**

## Í KVÖLD KL. 19:15




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.15

### Mannamál



Mannamál hefur nú fengið nýjan sýningartíma, verður á miðvikudögum kl. 19.15, strax á eftir fréttum og Íslandi í dag. Meðal efnis í þættinum í kvöld er ný Framsókn á nýju Íslandi en nýkjörinn formaður Framsóknarflokksins Sigmundur Davíð Gunnlaugsson mætir ásamt Guðmundi Steingrímssyni.
Dafnar listin í lægðinni? Hjálmar H. Ragnarsson rektor Listaháskólans og Þorvaldur Þorsteinsson listamaður munu ræða um kúltúr og kreppu.
Ekki missa af Mannamáli í umsjá Sigmundar Ernis á nýjum tíma í kvöld í opinni dagskrá á Stöð 2.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### C.S.I: Miami

### Skjár einn

Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
Í þættinum í kvöld ásækir fortíðin Horatio þegar barnsmóðir hans, Julia (leikin af Elizabeth Berkley), fær hann framseldan til Brasilíu þar sem hann verður að svara til saka fyrir morð sem framið var fyrir tveimur árum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Gæludýrin
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (107:260)
**16.30 Hollyoaks** (108:260)
**17.00 Seinfeld** (5:24)
**17.30 Armed and Famous** (1:6)
**18.15 Chubby Children** (2:6)
**19.00 Hollyoaks** (107:260)
**19.30 Hollyoaks** (108:260)
**20.00 Seinfeld** (5:24) Tilraunir Kramers til að koma í veg fyrir ruslpóst stofna Newman í hættu. Jerry reynir að koma í veg fyrir að hann særi gamlan vin og Georg grunar foreldra sína um að forðast sig.
**20.30 Armed and Famous** (1:6) Nýstárlegur raunveruleikaþáttur um hóp af Hollywood-stjörnum sem eru sett í lögregluskóla og síðan er fylgst með þeim þar sem þau sinna lögreglustörfum í bænum Muncie í Indiana. Það eru Erik Estrada, Jack Osbourne, La Toya Jackson ásamt fleirum sem koma fram í þessum þáttum.
**21.15 Chubby Children** (2:6) Bresk þáttaröð um offitu barna sem er ört vaxandi vandamál í Bretlandi og víða um heim. Paul Gately er sérfræðingur í ofþyngd og offitu barna og heimsækir eina fjölskyldu í hverjum þætti. Markmið hans er að breyta hugsunarhætti og lífsmunstri þeirra svo að börnin fái heilbrigðari og bjartari framtíð.
**22.00 Burn Notice** (7:13) Njósnarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda.
**22.45 Rescue Me** (6:13) Fjórða serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð 62 í New York. 23.30 Réttur (1:6)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Rætt er um heilsufar og hugsjónir.
**21.00 Kolfinna** Baráttukonan ætlar í fylkingarbrjóst vinstri manna og tekur vikulega á málum, harðsnúin og skelegg með vestfirskum hreim býður hún til sín gestum og ræðir þjóðmálin.
**21.30 Líf og land** Húnvetnski bóndinn Valdemar Ásgeirsson stýrir þætti um landsbyggðina. Guðmundur Helgason er gestur hans en honum er margt til lista lagt.

## DR 1

**12.00** Hammerslag **12.30** Kender du typen? **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Braceface **15.55** Oggy og kakerlakkerne **16.00** Svampebob Firkant **16.25** F for Får **16.30** SYV **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** For farlig til frihed **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Taggart. Dobbeltspil **22.20** Onsdags Lotto **22.25** OBS **22.30** Hercule Poirot. Kortene på bordet

## NRK 1

**12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Typisk norsk **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slipp naboene løs **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Lille Prinsesse **17.10** Ugler i mosen **17.35** Yoko! Jakamoko! Toto! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Plutselig rik **22.45** Lov og orden. New York **23.30** Life on Mars

## SVT 1

**13.20** Mitt stökiga liv **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Konståkning. EM **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Bandy **20.30** Konståkning. EM **21.30** The Tudors **22.25** Kulturnyheterna **22.40** Mästarnas mästare **23.40** Sändningar från SVT24


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Nýr banki verður til # 2

# Skynsamleg markmið fyrir heimilið

### Fjórar leiðir til að fá betri yfirsýn yfir fjármálin

Eitt mikilvægasta hlutverk okkar er að auðvelda viðskiptavinum að taka réttar ákvarðanir með hag heimilisins að leiðarljósi. Þörfin fyrir gott skipulag og skýra yfirsýn yfir fjármál heimilanna er mikil. Nú kynnum við, fyrstir banka, fjórar leiðir til að mæta þessari þörf. Á glitnir.is og í útibúinu þínu getur þú nálgast einfaldar og öflugar lausnir til að setja heimilinu fjárhagsleg markmið.

**1 Einfalt stöðumat á netinu**

Stöðumat er einföld reiknivél á glitnir.is sem gerir þér kleift að fá yfirsýn yfir helstu tekju- og útgjaldaliði heimilisins. Stöðumatið er gott fyrsta skref til að átta sig á stöðunni og þú sérð á augabragði:

- Útgjöld heimilisins
- Hversu mikið þarf að draga saman útgjöldin til ná endum saman
- Hvort afgangur sé til að leggja fyrir í sparnað




**2 Heimilisbókhaldið í tölvunni heima**

Heimilisbókhald Glitnis er einfalt skjal sem þú sækir á glitnir.is og notar til að auka yfirsýn og koma betra skipulagi á fjármálin. Með því að halda heimilisbókhald:

- Færðu skýra yfirsýn yfir fjármálin
- Gerir þú tekju- og kostnaðaráætlun fyrir árið
- Setur þú markmið og berð saman við rauntölur jafnóðum
- Skráir þú raunverulegt inn- og útstreymi peninga
- Byrjar þú skipulega uppbyggingu á sparnaði




**3 Markmiðasetning í Netbanka**

Nú er mögulegt að setja sér sparnaðarmarkmið fyrir allar tegundir reikninga og sjá árangurinn jafnóðum í Netbanka Glitnis. Settu þér markmið í sparnaði í Netbanka Glitnis og sjáðu árangurinn í myndrænni útfærslu á „Minni síðu" í Netbankanum. Einföld leið til að setja sér markmið og ná árangri.




**4 Komdu í Fjármálaviðtal**

Við veitum þér persónulega þjónustu með vandaðri heildarráðgjöf um fjárhagslega stöðu heimilisins.
Í Fjármálaviðtali förum við saman yfir eignir og skuldir, tekjur og útgjöld og gerum greiðsluáætlun fyrir þín lán.

**Látum verkin tala**
Okkar verkefni er að miðla þekkingu og veita góða þjónustu. Þannig vinnum við með fyrirtækjum og heimilum í landinu til að takast á við þau krefjandi verkefni sem framundan eru.
**Komdu á glitnir.is/markmid og byrjaðu árið af skynsemi.**

**www.glitnir.is/nyrbankiverdurtil**
Við erum að búa okkur undir endurbyggingu íslensks efnahagslífs og laga okkur að breyttum aðstæðum.
Þann 20. febrúar munum við taka upp nafnið Íslandsbanki.

GLITNIR

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Krua Thai. Ég fæ mér alltaf Nom Tók. Það er sterkt og hreinsar raddböndin vel.“*

*Bergþór Smári tónlistarmaður.*

# Sjónvarpsþættir Jóns Ólafs á sviðið

„Ég hef gengið með þessa hugmynd í maganum í nokkur ár,“ segir Jón Ólafsson tónlistarmaður. Hann gengst fyrir tónleikaröð í Salnum í Kópavogi sem hann kallar „Af fingrum fram“ og byggir á vinsælum samnefndum sjónvarpsþáttum hans. Fyrstu tónleikarnir verða 19. febrúar og er þá gestur Jóns sjálfur Magnús Eiríksson en sérstakur gestur verður söngkonan Ellen Kristjánsdóttir. „Mér datt í hug að færa þetta konsept úr sjónvarpinu og upp á svið. Ég ræði við Magnús og þá með meiri áherslu á tónlistina en ferilinn eins og var í sjónvarpinu. Hvort til dæmis hann hafi ekki fljótlega fengið ógeð á „Ég er á leiðinni“ eftir gegndarlausa útvarpsspilun þess lags. En mest verður þetta tónlist en ekki kjaftavaðall.“

Af fingrum fram áttu upphaflega að vera sex þættir en urðu sextíu. Þættirnir hittu beint í mark og Jón hlaut Edduverðlaun fyrir þá fyrsta árið sem þeir voru í sýningu. Jón segir þetta hafa verið hugmynd Jóns Egils Bergþórssonar framleiðanda. Sextíu tónlistarmenn teknir fyrir og voru þá einhverjir eftir? Jón segir nokkra ekki hafa haft áhuga á að vera með svo sem Megas, Stebbi Hilmars og Súkkat. „Já, og svo var alltaf á tali hjá Ragga sót í Skriðjöklunum,“ segir Jón.

Þegar hafa verið skipulagðir þrennir tónleikar: Aðalgestur 26. febrúar er Magnús Þór og sérlegur gestur er Stefán Hilmarsson og 5. mars er það Valgeir Guðjónsson en þá verður gestur Páll Óskar.

Jón segir að ef fólk taki þessu opnum örmum verði tónleikaröðinni framhaldið. Af nógu er að taka. Forsala er hafin á midi.is og salurinn.is. **- jbg**



**JÓN ÓLAFSSON** Efnir til tónleikaraðar í Salnum þar sem farið verður í saumana á lögum okkar bestu dægurlagahöfunda – sögurnar á bak við lögin.



**LÁRÉTT** 2. fýla, **6.** hæð, **8.** tvöfalt, **9.** hrós, **11.** öfug röð, **12.** skran, **14.** tíðindi, **16.** í röð, **17.** frjó, **18.** ennþá, **20.** járnstein, **21.** snöggur.

**LÓÐRÉTT** 1. sigti, **3.** innan, **4.** svelgja, **5.** persónufornafn, **7.** slípaður, **10.** fley, **13.** dorma, **15.** skartgripur, **16.** húðpoki, **19.** átt.

LAUSN

**LÁRÉTT: 2.** fúss, **6.** ás, **8.** tví, **9.** lof, **11.** on, **12.** drasl, **14.** fregn, **16.** hí, **17.** fræ, **18.** enn, **20.** al, **21.** snar.

**LÓÐRÉTT: 1.** sáld, **3.** út, **4.** svolgra, **5.** sín, **7.** sorfinn, **10.** far, **13.** séf, **15.** næla, **16.** hes, **19.** na.








**SJÓNVARPSMENN MEÐ ÞORRAMATINN** Forsetinn Siggi stormur ásamt þeim Sævari, Elínu, Láru og Hauki kanna vistir fyrir þorrablótið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIGGI STORMUR: PUNGAFERÐ SJÓNVARPSFÓLKS Í ÞÓRSMÖRK

# Lúnar tær sjónvarpsstjarna nuddaðar upp úr ilmolíum

„Við komum í Þórsmörk að kveldi bóndadags og fáum við karlarnir táslunudd sem er ómissandi þáttur í þessum ferðum. Konurnar nudda þá tær á okkur upp úr ilmolíum,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfréttamaður.

Sigurður, eða Siggi stormur, er forseti NFS sem hlýtur að teljast einn sérstæðasti jeppaklúbbur landsins. Meðal félaga eru ýmsar þekktustu sjónvarpsstjörnur landsins enda byggir klúbburinn á starfsmönnum Stöðvar 2 – fyrrverandi og núverandi: Sigmundur Ernir Rúnarsson, Gissur Sigurðsson, Haukur Holm og Kristján Már Unnarsson eru meðal þeirra hörðustu í klúbbnum auk Láru Ómarsdóttur sem jafnframt er upplýsingafulltrúi jeppaklúbbsins. Hún harðneitar aðspurð að ætla sér að taka þátt í táslunuddinu sem Siggi boðar. En tekur jafnframt fram að Siggi sé auðvitað forseti klúbbsins og ekki gott við að eiga að setja sig upp á móti honum með þetta.

Undirbúningur vegna hefðbundinnar þorrablótsferðar NFS í Þórsmörk stendur sem hæst. „Þetta er pungaferð,“ segir forsetinn brattur. „Það verður mikið af súrmeti og pungum enda ekkert nema prótein í pungunum. Þetta er alvöru þorrablót og allur pakkinn: Hangikjöt, saltkjöt, hákarl, harðfiskur, svið. Það eina sem menn voru ekki hrifnir af eru bringukollarnir. Menn segja að það sé ekkert nema fita. En mér hefur nú alltaf þótt vænt um bringukollana,“ segir Siggi stormur og vottar fyrir eftirsjá í röddinni.

Skipulögð dagskrá verður frá morgni til miðnættis á laugardag og fastir liðir. Sérstök athöfn er þegar hákarl er étinn og staup með. Síðan eru medalíur afhentar þeim sem best hafa staðið sig í mannraunum og mætingum, barnadagskrá á litla sviðinu og svo eru fullorðinsleikir? „Já, nei, nei, ekkert þannig bannað börnum heldur verður farið í þrautakóng. Svo þegar hópurinn vill hugarró verður skáldið Sigmundur Ernir með upplestur. Lára stýrir fjöldasöng en þá eru mörg lög með Ómari Ragnarssyni sungin. Lára stýrir söngnum af mikilli ákefð og er gríðarlega öflug í því,“ segir forsetinn sem gerir ráð fyrir um fjörutíu manna hópi á fimmtán jeppum. „Stoppað er á leiðinni og ég verð með fróðleiksmola. Þá þorir enginn að opna munninn til að trufla. Svo skefur gleðigjafinn Gissur ekki af því og býður upp á fyndnar sögur héðan og þaðan úr sveitum. Maður kemur úthleginn úr þessum ferðum.“

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Konurnar sem stjórna Listahátíð í vor ætla að aka seglum eftir vindi og verður ekki blásið í herlúðra. Fréttablaðið hefur þegar greint frá því að til standi að efna til ýmissa stofutónleika, sem þá fara fram að heimili viðkomandi tónlistarmanna, og nú hefur þessi ágæta hugmynd verið yfirfærð á heim bókmenntanna þar sem hún á ekki síður heima. Húslestrar verða á dagskrá Listahátíðar í endaðan maí og er þá gert ráð fyrir að 25 manna hópar mæti heim til höfunda sem lesa úr útgefnum eða óbirtum verkum sínum og spjalla við gesti. Þeir rithöfundar sem þegar hafa staðfest þátttöku sína eru Sigurður Pálsson, **Guðrún Eva Mínervudóttir** og Kristín Helga Gunnarsdóttir.



Sitt sýnist hverjum um Eurovision. Bæði DV og Morgunblaðið hafa farið frekar óblíðum höndum um lög keppninnar hingað til og telja lagasmíðarnar frekar ófrumlegar og leiðinlegar. Keppnin er þó alltaf jafn vinsæl því samkvæmt síðustu áhorfskönnun Capacent horfði vel yfir helmingur þjóðarinnar á fyrstu keppnina. Hins vegar verður fróðlegt að sjá hvernig útkoman verður í næstu áhorfskönnun og hvort aðdráttarafl Ragnhildar Steinunnar og **Evu Maríu** nægi eitt og sér til að halda fólki við skjáinn.



Og ögn meira af Evu Maríu Jónsdóttur því hún upplýsti í Eurovision-þættinum að einn elsti Fésbókar-meðlimur landsins væri amma hennar. Matargúrúið **Nanna Rögnvaldardóttir** slær henni þó eflaust við því fjórir ættliðir í beinan kvenlegg eru með síðu á vefsamfélaginu. Meðal þeirra er að sjálfsögðu mamma hennar, Sigríður Jónsdóttir, sem varð áttræð í fyrra. **- jbg, fgg**








# Stjörnur í afmæli Stjána stuð

Kristján Þórðarson, betur þekktur sem útvarpsmaðurinn Stjáni stuð, heldur upp á fertugsafmæli sitt í lok maí. Það er ekki vottur af kreppubrag á veislunni og Elton John og Ólafur Ólafsson falla algjörlega í skuggann á poppstjörnunum sem Stjáni býður upp á í sínu afmæli. „Þetta er svona allt að smella núna. Sjonni Brink byrjar þetta, en svo koma meðal annars fram Skítamórall, Á móti sól og Land og synir. Hljómsveitin Hitakútur endar tónleikana. Svo á ég eftir að tala við Ný dönsk, en Ingó og Veðurguðirnir og Greifarnir gefa endanlegt svar í mars. Þetta eru allt vinir og kunningjar,“ segir Stjáni.

Afmælisveislan hefur verið lengi í undirbúningi en hún verður haldin í sal í Stangarholti. „Við erum fimm í skemmtinefndinni en það eru margir sem hjálpa. Til dæmis strákarnir í Exton sem skaffa diskóljós. Salurinn tekur 120 manns í sæti en hinir verða bara að standa og dansa.“

Stjáni og Soffía og bróðir Stjána og fjölskylda hans, fara nokkrum dögum eftir afmælið í mikla skemmtiferð til Flórída og er stefnan tekin þráðbeint á Disneyland. Stjáni var svartsýnn á að af ferðinni yrði fyrir nokkrum mánuðum vegna gengishruns krónunnar, en nú er hann búinn að taka ákvörðun um að kýla á ferðina. „Maður verður nú ekki fertugur nema einu sinni á ári!“ segir Stjáni og hlær. **- drg**



**ELTON JOHN HVAÐ?** Afmælisveisla Stjána stuð verður með því flottasta sem sést hefur.

# Ljóðstafur

## Jóns úr Vör



Verðlaun í ljóðasamkeppninni Ljóðstafur Jóns úr Vör verða veitt í áttunda sinn í kvöld, miðvikudaginn 21. janúar, kl. 20.00 í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs.



Að þessu sinni bárust um þrjú hundruð ljóð í keppnina og fær sigurvegarinn peningaverðlaun og verðlaunagripinn, *Ljóðstaf Jóns úr Vör,* til varðveislu í eitt ár.

Dómnefnd skipa Þórarinn Eldjárn rithöfundur, Ingibjörg Haraldsdóttir rithöfundur og Sigþrúður Gunnarsdóttir bókmenntafræðingur, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

**Dagskrá:**

- Ávarp: Sigurrós Þorgrímsdóttir, formaður lista- og menningarráðs.
- Ljóðalestur handhafa *Ljóðstafsins,* Jónínu Leósdóttur.
- Stefán Hilmarsson, heiðurslistamaður Kópavogs, syngur íslensk ljóð.
- Afhending verðlauna- og viðurkenninga.
- Lista- og menningarráð Kópavogs býður upp á veitingar að dagskrá lokinni.

- *Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.*

PIPAR • SÍA • 90052

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**vísir.is**
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

## *Leiðin að meðalveginum*

Einu sinni á mínum unglingsárum kom það fyrir að ég hafði klárað skyldusparnað minn en þó ekki fengið þá útrás sem eyririnn átti að veita mér. Það var kominn uppreisnarhugur í strákinn og því rifjaðist upp fyrir mér að ég átti sparibók þar sem peningagjafir frá skírn til fermingar voru geymdar. Einu vandræðin voru þau að karl faðir minn hafði umsjá með þessu og þegar ég vildi fá allt útleyst tók hann slíkt ekki í mál. „Þú eyðir þessu bara í vitleysu," var skýringin sem hann gaf. Ég maldaði í móinn og kvað þetta minn pening en þeim gamla var ekki haggað.

**MEÐ** tíð og tíma fyrirgaf ég honum fyrir að hafa spillt fyrir mér fylliríi sem stofna átti til fyrir þennan sparnað.

**ÞETTA** kenndi mér að of greitt aðgengi að fjármagni er álíka hættulegt og of mikil kvenhylli (og væntanlega á það sama við um konur sem of margir karlmenn falla fyrir). Þegar of margir kvenmannsarmar standa manni opnir þá er voðinn vís því fyrr eða síðar fríka menn út á valkostunum, eins og Megas orðaði það. Ég hef séð að menn í slíkri stöðu kunna ekki miðfæti sínum forráð og eiga því í eilífu basli. Lítið bara á brasið á þessum Hollywood-stjörnum.

**SAMS KONAR** voði er vís þegar seðlar og lánaloforð greiða mönnum götur uns komið er í öngstræti. Lítið bara á… þið vitið hverja. Við skattgreiðendur erum nú einmitt að fara að borga fyrir þessa lexíu.

**EN** að vera óvinsæll hjá kvenþjóðinni er líka slæmt. Þá hangir maður einn og eymdarlegur, líkt og Ísland í hinu alþjóðlega fjármálakerfi um þessar mundir, brennimerktur af ólukku. Einhver meðalvegur þarna á milli er greinilega sá vegur sem lífið er að reyna að beina okkur á.

**FYRIR** stuttu fékk ég bréf frá skattinum vegna launagreiðslu sem ég hafði óvart ekki gert grein fyrir með viðeigandi hætti. Nú varð ég að borga skattinn og aukalega fyrir afglöpin. Ég fór strax í að reyna leysa málið enda skömm að því að ganga ekki rétt frá þessu. En eitt augnablik kom gamli uppreisnarseggurinn upp í mér og ég fór að hugsa um að greiða ríkinu ekki krónu. Og ef beðið væri um skýringu myndi ég vitna í karl föður minn: „Þú eyðir þessu bara í vitleysu."

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 21. janúar, 21. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.39 | 13.39 | 16.40 |
| Akureyri | 10.42 | 13.24 | 16.07 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


TOYOTA

# Nú eru aðeins —— bílar eftir á janúarverðinu

AYGO YARIS COROLLA AURIS AVENSIS
PRIUS RAV4 HILUX LAND CRUISER

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 44673 01/09

**Kláraðu dæmið**

Þessa dagana erum við öll að velta allskonar tölum fyrir okkur. Reyna að fá sem mest fyrir peningana. Og það er vissulega kjarabót að gera góð kaup á góðum bíl og geta búist við góðri þjónustu.

Við eigum í augnablikinu nokkra bíla á janúarverði. Sölumenn okkar eru við símann, reiðubúnir að aðstoða þig og svara þeim spurningum sem þú kannt að hafa. Hjálpa þér að klára dæmið.

Sum reikningsdæmi eru einfaldari en önnur.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

**www.toyota.is**

Today Tomorrow Toyota